

Árbók Íslands 2015

Jón Árni Friðjónsson Ph.D.

tók saman

EFNISYFIRLIT

Árferði	99
Bókmenntir og fræði	101
Brautskráningar frá íslenskum háskólum	110
Búnaður	112
Forseti Íslands	117
Hafís við Ísland	119
Iðnaður	119
Íbúar Íslands	123
Íþróttir	126
Kirkjan	130
Kjaramál	133
Mannalát	134
Náttúra Íslands	137
Raforkumál	142
Samgöngur og ferðamál	144
Slys	148
Stjórnsmál	150
Sveitarstjórnarmál	156
Tónlist	160
Útvegur	163
Verslun	165
Vísitölur og verðlag	167
Ýmislegt	169
Heimildir	180

Heimildarmenn og höfundar einstakra kafla:

Markús Möller – *Vísitölur og verðlag*

Sigurður Kristjánsson – *Búnaður*

Dr. Þór Jakobsson – *Hafís við Ísland*

Ljósmyndir:

Jón Árni Friðjónsson

ÁRFERÐI

Árið 2015 var hið kaldasta það sem af var 21. öldinni en þó yfir meðalhita áráanna 1961–1990. Meðalhiti í Reykjavík var 4,5 stig en á Akureyri 3,8 stig. Óvenju snjóþungt var suðvestanlands og í Reykjavík en á Akureyri var snjór í meðallagi. Meðalloftþrýstingur var með allra lægsta móti í Reykjavík. Þá var fremur sólarlítið miðað við undanfarinn áratug, bæði í Reykjavík og á Akureyri. Almennt var árið heldur hvassviðrasamt og norðlægar og austlægar áttir ríkjandi.

Veturinn var heldur illviðrasamur og snjór talsverður, einkum frá Skagafirði og austur um Norðurland. Vorið var kalt, norðlægar áttir ríkjandi og sumarið úrkomusamt, einkum norðanlands og austan. Snjó tók seint upp á hálendinu. Haustið var þó heldur milt og bjargaði það heyskap allvíða. Hins vegar fór að snjóa þegar kom fram í nóvember og var m.a. verulegur snjór á Suðvesturlandi.

Janúar. Meðalhiti var lægri en undanfarinn áratug, bæði sunnanlands og norðan, en þó hærri en á árunum 1960–1990. Landsmeðalhiti var undir frostmarki í byggð 18 daga. Úrkoma var talsvert yfir meðaltali og snjór þakti m.a. jörð í Reykjavík mestallan mánuðinn. Snjóþyngd var mest frá Skagafirði og austur um Norðurland og truflanir á samgöngum.

Febrúar. Kalt var í veðri, miðað við undanfarin ár, og umhleypingasamt. Suðlægar og vestlægar áttir voru ríkjandi í byrjun mánaðarins en austlægar síðari hlutann, norðaustan- og síðan suðaustanhvassviðri. Úrkoma var með meira móti en snjór einna mestur á Vestfjörðum og um mitt Norðurland. Ollu hríðarveður ýmsum samgöngutruflunum. Í byggð var landsmeðalhiti undir frostmarki 17 daga mánaðarins en lægstur varð meðalhiti í Svartáarkoti, –4,4 stig. Meðalloftþrýstingur var með lægsta móti miðað við undanfarin ár.

Mars var mjög hvassviðrasamur; suðlægar áttir voru ríkjandi og ollu ýmsu tjóni. Meðalhiti var fremur hár og fór hiti hæst í 16,5°C í Neskaupstað 21. mars. Úrkoma var með mesta móti sunnanlands og vestan en úrkomulítið á Akureyri. Sólarstundir voru víðast yfir meðallagi og sáu því margir sólmyrkvann er varð 20. mars.

Apríl var í heild hinn stormasamasti frá upphafi mælinga. Loftþrýstingur var að meðaltali 1010,4 hPa og er það 0,1 hPa lægra en meðalloftþrýstingur frá 1961–1990. Hörð norðaustanhríð setti svip á síðustu daga mánaðarins, einkum austanlands, en annars var apríl ekki snjóþyngri en í meðalári. Úrkoma var í meðallagi á suðvesturhorninu en talsvert umfram það á Akureyri.

Mái var verulega kaldur og tók gróður seint við sér. Lægstur hiti í byggð var á Þingvöllum 5. maí, –12,2 stig. Hæst komst hiti í byggð hins vegar í Skaftafelli 22. maí, 15,7 stig. Úrkoma var hins vegar með minna móti, einkum um vestanvert landið. Heldur sólríkt var suðvestanlands.



Vatnsnesfjöll á jólaföstu.

Júní var kaldur miðað við það sem af var öldinni en nær meðallagi árána milli 1960 og 1990. Meðalhiti varð hæstur á Þingvöllum og við Korpu, 9,3 stig, en lægstur varð meðalhiti í byggð í Möðrudal, 5,5 stig. Mjög kalt var á hálandinu og hopaði snjór hægt þar. Í Reykjavík var sólríkt en þurrviðrasamt, sólarlítið á Akureyri og væta í góðu meðallagi austanlands.

Júlí var sömuleiðis kaldur miðað við undangengin ár enda var þrálát norðanátt ríkjandi. Vestanlands voru þurrkar meiri en menn áttu að venjast á þessum árstíma og grassprettu víða lengi að taka við sér. Sólskin var með mesta móti í Reykjavík en því var öfugt farið á Akureyri.

Ágúst varð afar úrkomusamur um allt land svo að allvíða voru slegin met; sólar naut almennt minna en í meðalári. Norðan- og austanáttir voru ríkjandi en ekki mjög hvasst. Meðalhiti var víðast lægri en meðalhiti síðustu tíu ára og nær meðalhita árána 1961–1990.

September var hlýr um allt land; hiti komst hæst í 24,1 stig á Seyðisfirði 7. september og er það met á landsvísu. Raunar varð þetta hlýjasti mánuður ársins skv. sjálfvirkum veðurstöðvum. Hann var líka heldur þurrviðrasamur, einkum norðanlands og kom það sér vel eftir erfitt sumar.

Október var vætusamur víða, m.a. í Reykjavík og á Suðurlandi en hiti heldur fyrir ofan meðallag, enda var suðlæg og austlæg átt ríkjandi. Hæstur varð hiti í Neskaupstað hinn 16., 18,4 stig, en mest frost í byggð varð í Svartárkoti, –14,2 stig hinn 26.

Nóvember var hlýrri en í meðalári. Suðlæg átt var ríkjandi framan af og vætusamt á suðvesturhorni landsins. En í lok mánaðarins kólnaði og fór að snjóa. Í Reykjavík mældist mesta snjódypt 32 cm og er það mesta sem mælst hefur þar í nóvember síðan 1978.

Desember var heldur illviðrasamur. Stórhrið geisaði um Norðurland hinn 5. en mikið austanrok gekk yfir allt land 7. og 8. og varð tjón víða. Á jólaföstu voru stillur um tíma en í lok mánaðarins varð aftur verulegt hvassviðri af suðaustri er olli einkum vandræðum austanlands. Hitastig var víðast undir meðalhita síðustu tíu ára en mest frost á landinu mældist við Kárahnjúka á jóladag, -28 stig, og var það ársmet á landinu.

BÓKMENNTIR OG FRÆÐI

Meðal tíðinda ársins má nefna að Sigurður Líndal lét af störfum sem forseti Hins íslenska bókmenntafélags. Hann hafði þá verið forseti þess í 47 ár, lengur en nokkur annar. Við embættinu tók Jón Sigurðsson.

Ritröðin eða tímaritið *1005* kom út í þriðja og jafnframt síðasta sinn en þetta rit hefur jafnan verið gefið út í mjög litlu upplagi. Ritið hafði m.a. að geyma verk eftir Thomas Bernhard í þýðingu Óskars Árna Óskarssonar, Eirík Guðmundsson, Oddnýju Eir Ævarsdóttur, Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur, Halldóru Thoroddsen, Ragnar Helga Ólafsson og Jón Karl Helgason. Var haldin vegleg útgáfuhátíð af þessu tilefni 10. maí.

Bókmenntahátíð fór fram í Reykjavík í þritugasta skipti 9.–15. september. Hátíðin er alþjóðleg og sækir hana jafnan allmargt erlendra gesta.

Þrjár söluhæstu bækur ársins skv. lista Félags íslenskra bókaútgefenda voru þessar: *Þýska húsið* eftir Arnald Indriðason, *Sogið* eftir Yrsu Sigurðardóttur en í þriðja sæti var bók af öðru tagi, *Mamma klikk* eftir Gunnar Helgason.

Íslenskar sakamálasögur voru í mikilli sókn erlendis eins og undanfarin ár. Arnaldur og Yrsa hafa notið mikillar velgengni; samfélagsmynd þeirra vekur áhuga ekki síður en glæpasagan sjálf. Þá hafa bækur Ragnars Jónassonar, *Snjóblindu* og *Náttblindu*, gert það gott í Bretlandi og komist á metsölulista glæpasagna.

Ein af útgáfubókum Forlagsins, *Lausnin* eftir Evu Magnúsdóttur, var kynnt á mjög óvenjulegan máta. Viðtal Friðriku Benónýsdóttur við höfundinn var birt í *Fréttatímanum* í maí en í ljós kom að það var raunar tekið í gegnum tölvupósta og innihaldið virtist hreinn skáldskapur; mynd sem fylgdi var tekin af netinu af óviðkomandi manneskju og eftir sem áður allt á huldu um höfundinn. Á bak við þessa blekkingu var forlagið sjálft sem neyddist til að biðjast afsökunar. En fjölmiðlafólki var ekki skemmt og líklega spillti þetta heldur fyrir orðspori bókarrinnar.

Ævisögulegt efni

Á þessu ári voru nokkuð áberandi bækur sem hafa ævisögulega uppi-
stöðu en fjalla um leið um tiltekin vandamál eða knýjandi málefni. Svo
voru líka endurminningabækur sem fylgdu hefðinni en voru þó óvenju-
legar.

Blátt blóð: í leit að kátu sæði eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur er óvenju-
leg bók; segir frá baráttu höfundar við að eignast barn. Frásögnin er til-
finningarík og nærgöngul en textinn eigi að síður ljóðrænn og á köflum
nokkuð óræður. Þetta er stutt bók, stiklar á stóru um ástamál höfundar
undanfarin ár, og svo samtímaleg að um það leyti sem hún kom út fréttist
að leitin hefði borið ávöxt, sögukonan ætti loks barn í vændum. – Þetta
hefur löngum verið viðkvæmt og persónulegt málefni og óhætt er að full-
yrða að til skamms tíma hefði útkoma slíkrar sögu úr samtímanum þótt
með hreinum ólíkindum hér.

Vertu úlfur eftir Héðin Unnsteinsson segir í stuttu máli frá lífshlaupi
höfundar, friðsælum uppvexti og farsælum námsferli þar til á lokaári
menntaskóla að yfir hann hellist kvíði og þunglyndi í fyrsta skipti. Á
námsárum í háskóla tekur hann djúpa sveiflu í hina áttina, verður man-
ískur og endar á geðdeild. Upp úr því áttar hann sig á því að hann glímir
við geðhvarfasýki. Honum batnar, farnast vel í námi, fær áhugaverð verk-
efni að starfa við á sviði geðheilbrigðismála, gerir tilraun til að draga úr
lyfjanotkun sinni og fer aftur í manúkast. Lýsing þess er mjög ítarleg og
eins hin langa og erfiða glíma við að ná bata. Bókin er afar upplýsandi
fyrir þá sem ekki þekkja slík veikindi af eigin reynslu en mjög gagnrýnin
á hefðir geðlækninganna. Hún birtir nærgöngula og ítarlega lýsingu en
þó er ákveðin birta yfir öllu saman; hinn opinskái og hreinskilnislegi stíll
gerir það að verkum. Viðleitni sögumanns til að skilja veikindin og átta
sig m.a. á hinum líkamlegu þáttum þeirra hjálpar lesandanum að öðlast
innsýn í eðli geðrænna veikinda.

(Esenis tesenis tera) Viðrini veit ég mig vera: Megas og dauðasyndirnar
eftir Óttar Guðmundsson geðlækni fjallar um ævi og starf eins um-
deildasta listamanns þjóðarinnar. Hér er tekið saman yfirlit um lífshlaup
Megasar frá því að hann elst upp í Nordurmýrinni sem barn í óvenju-
legri fjölskyldu þar sem saman fara margvíslegir hæfileikar og geðræn
vandamál. Höfundur og Magnús Þór Jónsson eru frændur og bókin er
skrifuð í sátt við söguhetjuna. Þar er fjallað um ýmislegt sem annars hefur
aðeins verið efni í kjaftasögur, svo sem spurninguna um kynhneigð Meg-
asar og hið einkennilega tímabundna samband hans við taílenskan sam-
býlismann. Þá er heldur ekki dregin fjöður yfir þraláta sjálfseyðingarhvöt
fíkilsins eða óstýriláta uppreisnargirni listamannsins. Óttar skoðar einnig
viðtökur samfélagsins, t.d. þá vandræðalegu staðreynd að þótt flestir séu
sammála um að Megas sé langfrumlegasta textaskáld íslenskrar dægur-

lagamenningar, hafa gagnrýnendur jafnan fjallað mjög yfirborðslega um texta hans. Óttar reynir að bæta nokkuð úr þessu, skoðar móttökurnar sem verk Megasar fengu og fer lauslega yfir alla textana á plötum hans. Vissulega eru þar margar áhugaverðar ábendingar en sitthvað hlýtur þó að orka tvímælis í þeim túlkunum. Enginn vafi er þó á því að bókin á eftir að verða mikilvægt innlegg í rannsóknir á starfi Megasar í gegnum árin og styrkja heimildaflóru íslenskrar menningarsögu.

Týnd í Paradís: Bók eitt eftir Mikael Torfason er saga fjölskyldunnar sem hann fæddist sjálfur inn í 1974. Foreldrar hans voru kornungt fólk og fátækt; flóttamenn úr skólakerfinu sem hófu sambúð 1970 og gengu brátt til liðs við umdeildasta sértrúarsöfnuð landsins, Votta Jehóva. Þar var þeim lofað eilífri vist í Paradís er hefjast myndi að örfáum árum liðnum. Það gekk ekki eftir en þegar ungur sonur þeirra, sem hét Mikael eftir höfuðenglinum, varð veikur, harðbönnuðu öldungar safnaðarins og faðir piltins að honum yrði gefið blóð. Faðir hans háði síðan harða rimmu við læknastéttina og einkum sérfræðinginn sem bjargaði þó piltinum frá dauða, sennilega með því að brjóta gegn banninu. Þetta er óvenju einarðleg og heiðarleg frásögn af ráðvilltu fólki og merkileg heimild um það hversu stutt getur verið milli öfgafullra viðhorfa í stjórnámum og trúarbrögðum; afhjúpun á kreddum safnaðarins ekki síður en dapurlegri sögu fjölskyldunnar. Það er mikill sársauki í þessari frásögn en þó lítið um beiskju, meira um fyrirgefningu.

Undir fikjutrú: Saga af trú, von og kærleika er skráð af Önnu Láru Steindal í félagi við Ibrahim Faraj. Hann kom fyrst til Íslands frá Líbíu árið 2002 og sótti um hæli sem pólitískur flóttamaður. Biðin eftir úrlausn tók þó áratug en 2013 var honum veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Í bókinni er rakinn ferill hans frá því að hann er ungur maður í Líbíu Gaddafis þar sem hann byrjar að safna glóðum elds að höfði sér með ógætilegu tali um yfirvöld. Að lokum flýði hann land og komst með falsað vegabréf til Evrópu, mállaus með öllu á evrópsk tungumál en með tvö símanúmer í vasanum og aleiguna í peningum innanklæða.

Á þessum árum var flóttamannastraumurinn frá Mið austurlöndum fjarri því að vera jafnmikill og nú og auðveldara að komast sjóleiðina yfir Miðjarðarhaf. En stríð Bandaríkjamanna og evrópskra bandamanna þeirra „gegn hryðjuverkum“ var nýhafið og múslimar mættu vaxandi tortryggni á Vesturlöndum. Til að bæta gráu ofan á svart naut nú Gaddafi vaxandi trausts á Vesturlöndum þar sem hann var skyndilega orðinn heppilegur bandamaður í þessu einkennilega stríði. Frásögn Ibrahems af lögregluríkinu í Líbíu samrýmdist ekki vel hinni nýju pólitísku línu.

Þetta er einkennileg saga en vafalaust góð heimild um þann vanda sem pólitískir flóttamenn hafa oft þurft að glíma við: Þeir eru skilríkjalausir, oft af mjög skiljanlegum ástæðum; þurfa gjarnan að villa á sér heimildir,

m.a. til að vernda aðstandendur. Og þegar þeir beiðast hælis mætir þeim tortryggni, sem e.t.v. er ekki undarlegt; sögur þeirra eru oft ekki teknar trúanlegar sem hlýtur að vera mjög erfið reynsla. Í bókinni er líka gerð nokkur grein fyrir því hvernig múslímum á Íslandi gekk að byggja upp samtök og sagt frá viðureign við harðlínnumenn og pólitísk öfl sem vilja ráðskast með félög múslíma í hinum aðskiljanlegu löndum.

*Dagar handan við dægri*n eftir Sölva Sveinsson er byggð á minningum höfundar frá bernskuárum á Sauðárkróki á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar. Hann hefur í gegnum árin skrifað margt smálegt um þennan heimabæ æsku sinnar en hér dregur hann upp mjög litskrúðuga og skarpa mynd af hálfgerðu sveitaþorpi á mörkum tveggja tíma; margir eiga nokkrar kindur eða bát, allir karlar fara heim í hádegismat, leggja sig eftir matinn og fá sér síðan kaffisopa áður en þeir halda aftur til vinnu. Þetta er heimur nokkuð skýrrar verkaskiptingar; húsmæður eru að mestu heima og standa í ströngu við eldamennsku og bakstur, þvo á laugardögum. Á gamalli mynd af kennurum barnaskólans eru aðeins karlmenn. Verslanirnar á Króknum eru furðumargar en þar afgreiða bæði konur og karlar. En hljóðmyndin í þorpinu er byrjuð að litast af framandi tónlist sem brátt mun hertaka heiminn – og þessar litlu verslanir eru flestar horfnar nú.

Aðferðinni sem hér er beitt hefur verið líkt við einsögu, míkróhistoríu, svo rækilega er því sem nefna mætti hversdagsmenningu bæjarins lýst. Andrúmslofti beitningarskúra og sláturhúss eru gerð jafnrækileg skil og írafárinu að tjaldabaki í Bifröst þegar Leikfélagið er að sýna.

Guðmundur Andri Thorsson sendi frá sér minningabók um föður sinn, Thor Vilhjálmsson, *Svo tjöllum við okkur í rallið*. Þetta er sérkennileg bók, ekki löng en áhrifamikil á sinn hógværa hátt. Uppistaða hennar eru gamlar ljósmyndir af Thor og fjölskyldu hans sem Guðmundur Andri leggur út af. Æviferill Thors, samhengið í ættar- og fjölskyldusögu hans ásamt þroskasögu hans sem listamanns mynda þráð bókarinnar. Það munu hafa þótt einkennileg tíðindi þegar spurðist að einn Thorsarinn væri farinn að fást við skáldskap. Thor Vilhjálmsson þurfti í rauninni að brjótast út úr ramma hins borgaralega uppruna til að fara þá slóð sem hugur hans stóð til; hér er sú saga rakin á heiðarlegan hátt. Textinn er persónulegur og myndrænn, og þar birtist hinn sérkennilegi heimsborgari Thor Vilhjálmsson í óvenjulegri nærmynd, stundum í fylgd með syni sínum ungum, svo sem á dæmalausri forsíðuljósmyndinni.

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir lauk stúlkaþrileik sínum með bókinni *Stúlka með höfuð*. Hinar fyrri bækur þessarar miklu fjölskyldusögu fjalla einkum um ömmu hennar og móður en hér er hún sjálf aðalsöguhetjan. Þetta eru sem sé endurminningar og þroskasaga hennar sjálfrar.

Bókin er um margt óvenjuleg; full bersögli um viðkvæm mál, svo sem

þann þunga kross sem kynhvötin leggur manneskjunni á herðar og hér er margt sagt af öðru fólki, ættingjum, vinum og elskhugum. En það er mikil birta yfir frásögninni, hlýja og þakklæti fremur en eftirsjá og beiskja.

Skáldsögur

Á vissan hátt er það eitt af einkennum vorra tíma hve skáldsagnahöfundar eru oft tilbúnir að gangast við því hvernig persónuleg reynsla þeirra hefur áhrif á skrif þeirra. Það á við um nokkur þeirra rita sem einna hæst bar á árinu.

Eitthvað á stærð við alheiminn er framhald ættarsögu Jóns Kalmans Stefánssonar er hófst með bókinni *Fiskarnir hafa enga fætur* sem út kom 2013. Hér er fram haldið hinni sérkennilegu ættarsögufléttu sem hefst austur á Fjörðum en endar í Keflavík, í bæ sem tíðin hefur leikið grátt; kvótinn, útgerðin og fiskvinnslan farin og loks herinn líka. Hér eru raktar allmargar örlagasögur venjulegs alþýðufólks sem tengjast í flóknum vef en í bakgrunni er Íslandssagan, frá eftirstríðsárum og fram til okkar tíma. Þá er ástæða til að vekja athygli á sérkennilegum frásagnarhætti og hugvitsamlegri beitingu sjónarhorns.

Sjóveikur í München eftir Hallgrím Helgason vakti verulega athygli. Hér er um að ræða skáldsögu sem styðst við reynslu höfundar af því að fara sem ungur myndlistarnemi til náms í München og dvelja þar veturlangt án þess að ná fótfestu í þessu nýja umhverfi. Þarna ráfar söguhetjan um í einsemd sinni, glímir við þrálátar uppsölur svartagalls og verður jafnvel fyrir þeirri skelfilegu reynslu að vera nauðgað af karlmanni. – Eins og vænta mátti var Hallgrímur spurður hvort þetta ætti við um hann sjálfan og játaði hann því m.a. í viðtali við Egil Helgason í þættinum Kiljunni. Þessi saga varð tilefni nokkurs fjölmiðlauppnáms, einkum eftir að Guðbergur Bergsson hafði birt meinlega athugasemd um hana sem var almennt túlkuð sem illgirnissleg árás á þolanda kynferðisofbeldis er hefði sagt sögu sína. Frásagnir af kynferðisofbeldi hafa verið nokkuð áberandi á undanförunum árum en yfirleitt eru það konur sem segja frá; nú var það þekktur karlmaður sem var þá umsvifalaust sakaður um athyglissýki. – Þetta mál varð fjölmörgum aðdáendum Guðbergs erfitt.

Auður Jónsdóttir sendi frá sér skáldsöguna *Stóra skjálfta*. Þar er sögu- maður ung kona sem hefur fengið alvarlegt flog og að nokkru leyti misst minnið – en Auður upplýsti m.a. í viðtali að hún þekkti sjálf nokkuð til þessa sjúkdóms þó að efni sögunnar væri alls ekki sjálfsævisögulegt. Sagan rekur síðan glímu konunnar, sem heitir því athyglisverða nafni Saga, við að raða saman brotum eigin tilveru. Umkomuleysi hennar afhjúpar um leið hversu tætt og brotin tilvera samtímafólks hennar er; hún líkir sér enda við geimveru sem hefur hrapað inn í heim sem er nánast óskiljanlega flókinn og sundurflakandi. – Sagnalist Auðar hefur fallið fólki vel í

geð því að þessi bók var í fjórða sæti yfir söluhæstu bækur á lista bókaútgefenda.

Hundadagar Einars Más Guðmundssonar er hins vegar söguleg skáldsaga; hefur að meginefni ævintýri Jörundar hundadagakóns á Íslandi og annars staðar í veröldinni. En frásögnin fer um víðan völl, lýsir Skaftáreldum og áhrifum þeirra og dregur upp skemmtilega mynd af eldklerkinum Jóni Steingrímssyni. Hann verður e.k. spegilmynd eða hliðstæða – og þó andstæða – ævintýramannsins Jörundar. Móðuharðindin mynda baksvið og aðdraganda siglingar Jörundar og Phelps til Reykjavíkur 1809 en sögunni lýkur ekki þar.

Bókin er rituð í munnlegum sagnastíl þar sem sögumaður er talsvert áberandi, hleypur út og suður og heldur sig ekki við línulega tíma- og atburðarás, fellir ýmsa dóma og er gamansamur. Frásögnin er því fjórleg og lifandi en engu að síður byggð á verulega breiðum heimildagranni; ævi Jörundar var í raun og veru svo ævintýraleg að „upp á hann þarf engu að ljúga“. – Reyndar hafa sambærilegar aðferðir við framsetningu á sagnfræðilegu efni heldur verið að eflast víða um heim á undanförunum árum og mælst vel fyrir.

Ljóð

Bók Lindu Vilhjálmsdóttur, *Frelsi*, vakti verulega athygli og var af flestum gagnrýnendum talin merkasta ljóðabók ársins. Ljóðin í henni eru án titils en skiptast í þrjá þætti og er hver þáttur helgaður ákveðnu viðfangsefni. Fyrsti hlutinn byrjar á að draga upp einfalda heimsmynd:

á milli
himins og jarðar
er allt

– Og í þessum heimi hafa menn „margfaldað allt /.../ nema gæskuna“. Frelsið sem titillinn vísar til snýst hvorki um samlíðan né ábyrgð.

Það er nokkur trúarlegur hljómur í þessum ljóðum þótt myndmál sé nútímalegt; hugleiðingar um hverfuleikann og tilgangsleysi hins mannlaga hroka og græðgi minna á gömul trúarljóð. Í þessum heimi hefur eitt hvað farið forgörðum. Annar hluti er helgaður ferð um Palestínu þar sem vopnaðir verðir eru á hverju strái og skuggi aðskilnaðarmúrs vofir yfir öllu. Í þriðja hluta segir sitthvað af því hvernig maðurinn hefur farið með það ríki sem honum var fengið til varðveislu. Þar birtist heldur dapurleg mynd af samtíð og framtíð okkar allra.

Bókin er mjög heilsteypt, málfar beinskeytt, engin skrudmælgí en víða bregður fyrir lágstemmdri en beittri kaldhæðni. Ekki spillir heldur fyrir að útlit bókarinnar er einkar vel heppnað.

Halldór Laxness Halldórsson, einnig þekktur undir nafninu Dóri DNA, sendi frá sér nokkuð sérstæða ljóðabók undir heitinu *Hugmyndir: Andvirði hundrað milljónir*. Raunar var hún fyrst gefin út í 69 eintökum í apríl en síðan endurútgefin af Bjarti. Stuttir prósatextar með fyrirsögnum sem hefjast á „Hugmynd að“ – skáldsögu / leikriti / sjónvarpsþáttaröð o.s.frv. eru eins konar leiðarstef í bókinni. Þar er oft á ferð gamansemi sem greinilega kallast á við uppstandið sem höfundur er þekktur fyrir. Dæmi um „sjónvarpsþáttaröð“: „Virtu sagnfræðingur kemst að því að Snorri Sturluson var svertingi. Eldfimt mál í fjölmenningsamfélagi nútímans.“ (Bls. 28.) Hinir dæmigerðari ljóðatextar, sem eru reyndar margir í prósasílu, eru margir býsna stórkaralægir ef svo má segja; oft hálfúrréalískir, myndmál litríkt og slanguryrði áberandi, ofbeldi vofir oft einhvern veginn yfir. Ljóðmælandi er gjarnan dularfullur, kyngervi jafnvel á reiki, einhver sársauki undirliggjandi. En þetta er mergjaður texti sem vafalaust er áhrifaríkastur við nokkuð kraftmikinn flutning.

Ljóðabók Bubba Morthens, *Öskraðu gat á myrkrið*, kom mörgum þægi-lega á óvart en hún mun líka hafa verið söluhæsta ljóðabókin þetta árið. Það ætti vitaskuld ekki að teljast til tíðinda að Bubbi sé í rauninni talsvert gott skáld en hér gætir meiri einlægni en stundum hefur þótt einkenna söngverk hans. Ljóðin í bókinni eru númeruð, nokkuð lotulöng; ljóðmælandinn talar í annarri persónu og það er sterkur þráður í bókinni allri. Gat sem liggur í gegnum bókina neðst til vinstri undirstrikar þetta þar sem það minnir svolítið á það þegar mikilvægar embættisbækur voru inn-siglaðar með þræði – en getur auðvitað líka minnt á gat eftir byssukúlu. Sársaukafullir þættir úr fjölskyldusögu mynda ákveðinn streng í bókinni en meginþráðurinn, það sem nefna mætti þema bókarinnar, er hins vegar barátta við fíkn og þær kvalir og fórnir sem henni fylgja. Og það er engin dul dregin á að erfiðust var glíman við það duft sem tekið var í nefið; jafn-vel hinn kunnuglegi söluhæfur þess með ljáinn stynur: „ég get ekki meir“.

Fræðirit

Síðasta bók Páls Skúlasonar kom út 2015, *Merking og tilgangur: Drög að heimspekikerfi*. Páll hafði rétt lokið við bókina þegar hann dó en hafði lítilllega sagt frá viðfangsefninu í viðtali og hugmynd sinni um að setja fram lýsingu á eigin heimspekikerfi. Hér tekst hann á við álitamál á borð við þau hvort hlutir hafi merkingu í sjálfum sér eða hvort merkingin sé aðeins mannesetning og hvort lífið hafi einhvern tilgang í raun og veru. Þá ræðir hann m.a. hina áleitnu spurningu um stöðu manneskjunnar gagnvart tæknihyggu samtímans; varla er æðsti tilgangur mannlífsins aðeins sífellt aukin framleiðni og afköst? Ályktanir sínar setur hann svo fram í lokin sem drög að heimspekikerfi. Loks geymir bókin samtal hans við Björn Þorsteinsson heimspeking.

Ein af mikilvægari handbókum þeim sem Menningarsjóður gaf út fyrr á árum undir hinu sameiginlega heiti Alfræði Menningarsjóðs, *Íslandssaga a–ö* eftir Einar Laxness, var uppfærð og endurútgefin á vegum Forlagsins 2015. Höfundar hinnar nýju útgáfu eru Einar Laxness og Pétur Hrafn Árnason og heiti ritsins er *Íslandssagan frá A–Ö*. Fyrra ritið var í tveimur bindum en hið nýja er í einni bók og tekur til 2000 uppflettiatriða.

Tvær bækur um heimsstyrjaldir tuttugustu aldar og hlutskipti Íslands komu út á árinu, *Pegar siðmenningin fór fjandans til* eftir Gunnar Þór Bjarnason og *Stríðsárin 1938–1945* eftir Pál Baldvin Baldvinsson. Lengi var það nokkuð áberandi einkenni á íslenskri sagnaritun að Íslandssagan var fremur einangrað viðfangsefni. Þetta hefur vissulega breyst á umliðnum áratugum og þessi rit bera glögg merki þeirrar söguskoðunar að Íslandssagan sé hluti af sögu heimsins.

Þetta á ekki síst við um bók Gunnars Þórs, *Pegar siðmenningin fór fjandans til: Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918*. Hér er leitast við að fjalla rækilega um stríðið sjálft og gang þess en jafnframt að kanna um leið hvaða áhrif það hafði á Íslandi. Þetta voru miklir breytingatímar en í sögubókum hefur athyglin oft fremur beinst að afkomu útgerðar og erfiðum utanlandsviðskiptum en því hvernig venjulegt alþýðufólk háði sína lífsbaráttu; hvað gerði það t.d. sér til dægurvalar? Hér er einnig rædd sú einkennilega staðreynd að ótrúlega margir íslenskir menn í Kanada gerðust sjálfboðaliðar í þessu stríði. Bókin hefur þannig menningarsögulegt sjónarhorn fremur en pólitískt. Hún er um 360 blaðsíður að lengd, ekki íburðarmikil að formi, hóflega myndskreytt og skrifuð í léttum og læsilegum stíl.

Bók Páls Baldvins, *Stríðsárin 1938–1945*, er af allt öðru tagi; að formi til svipar henni til bókanna um Ísland í aldanna rás eða *Sögu Reykjavíkur*. Hún er í stóru broti, yfir þúsund síður og skreytt fjölda mynda; safn heimilda, fréttu og þátta um ýmsa atburði. Höfundur lítur svo á að telja verði örlagaárið 1938 með stríðsárunum; þá kastaði nasistastjórnin grímunni. Þetta er athyglisvert sjónarmið og þá voru Íslendingar vissulega farnir að dragast inn í hin alþjóðlegu stjórnmál. Þetta er, eins og flestir vita, eitt-hvert mesta umbrotaskeið Íslandssögunnar og hér er dregin upp breið og ítarleg mynd af því í stíl við þá hefð sem kenna mætti við *Öldina okkar* en í nútímalegum búningi.

Þýðingar

Rétturinn til letinnar eftir Paul Lafargue er lítil bók en merkileg á sinn hátt; hún kom út vorið 2015 í þýðingu Guðmundar J. Guðmundssonar. Hér er um að ræða sögufræga bók eftir sérstæðan höfund, tengdason Karls Marx. Meginviðfangsefni bókarinnar er ádeila á þá vinnuhörku sem fylgdi iðnbyltingunni er síaukin afköst og mikill hagvöxtur skiluðu

sér þó seint til hinnar vaxandi verkalýðsstéttar. Lafargue ræði m.a. hvernig hægt væri að stytta vinnudaginn og leggja niður ýmis óarðbær störf. Vinnusemin var mikilvæg dyggð í hinum fábreyttu landbúnaðarsamfélögum fyrri tíðar en í iðnaðarsamfélagi samtímans varð vinnudýrkunin nátengd vaxandi neyslugræðgi. – Í rauninni stendur þessi umræða yfir ennþá og mun væntanlega gera það á komandi árum.

Hér skulu einkum tilgreindar skáldsögur eftir tvo merka erlenda höfundu sem út komu í íslenskum þýðingum á árinu.

Franski rithöfundurinn Patrick Modiano hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels 2014 en þó að hann hafi þá fyrir löngu verið orðinn heimspekkur hafði ekkert verið þýtt eftir hann á íslensku; raunar sáralítið á ensku líka. Fyrsta bókin eftir hann á íslensku, og jafnframt sú nýjasta frá honum, kom út árið 2015: *Svo þú villist ekki í hverfinu hérna* í þýðingu Sigurðar Pálssonar. Modiano er einkum þekktur fyrir nóvellur, stuttar skáldsögur á borð við þessa; skrifar lágstemmdan stíl, skýran en myndrænan, og skapar í bókum sínum sérkennilegan heim þar sem söguhetjur glíma t.d. við að móta sjálfsmynd sína úr minningabrotum. Sögusviðið er einkum Parísarborg og borgarumhverfið myndar e.k. landslag þar sem minningar lifna. Þessi bók fjallar einmitt um roskinn rithöfund sem kemst í kynni við fólk sem fær hann til að takast á hendur ferð inn í eigin hugarfylgsni í leit að minningum.

Italo Calvino var einhver frægasti rithöfundur Ítala um og upp úr miðri tuttugustu öld en hann dó 1985; mikið þýddur og orðaður við Nóbelsverðlaun á sínum tíma. *Efað vetrarnóttu ferðalangur* kom fyrst út 1979 og er meðal frægustu verka hans en kom út í íslenskrri þýðingu eftir Brynju Cortes Andrésdóttur 2015. Þetta er skáldsaga eða safn skáldsögubrota þar sem lesandinn er leiddur í einkennilega óvissuferð með sögumanni sem ratar vart sjálfur. Lesandinn er sífellt sleginn út af laginu þegar hann leitar að samhengi. Þetta hljómar ekki vel en textinn er fjörlegur og bókin er jafnan talin skyldulesning fyrir alla áhugamenn og sérfræðinga um sagnalist og bókmenntir. Hún hefur líka verið talin til lykilverka póst-móðernismans en um það skal ekki dæmt hér.

Verðlaun og viðurkenningar

Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir 2014 voru veitt í lok janúar 2015. Þau hlutu:

Í flokki barna- og unglingabóka: Bryndís Björgvinsdóttir fyrir *Hafnirðingabrandarann*.

Í flokki fagurbókmennta: Ófeigur Sigurðsson fyrir *Öræfi*.

Í flokki fræðiritu og rita almenns eðlis:

Snorri Baldursson fyrir *Lífriki Íslands – Vistkerfi lands og sjávar*.

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, voru afhent 21. janúar og voru verðlaunahafar þessir:

Í flokki fagurbókmennta: Elísabet Jökulsdóttir fyrir ljóðabókina *Enginn dans við Ufsaklett*.

Í flokki barna- og unglingabóka: Bryndís Björgvinsdóttir fyrir *Hafn-firðingabrandarann*.

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis: *Ofbeldi á heimili – Með augum barna* í ritstjórn Guðrúnar Kristinsdóttur.

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt fyrir óprentað handrit ljóðabókar. Árið 2015 hlaut þau Ragnar Helgi Ólafsson fyrir bók sína *Til hughreystingar þeim sem finna sig ekki í samtíma sínum*.

Gyrðir Elíasson hlaut íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingar á ljóðum eftir japanska skáldið Shuntaro Tanikawa: *Listin að vera einn*.

Yrsa Sigurðardóttir fékk Blóðdropann, verðlaun Hins íslenska glæpafélags, fyrir *DNA*.

Ævar Þór Benediktsson hlaut Bókaverðlaun barnanna fyrir *Þín eigin þjóðsaga*.

Loks er þess að geta að ný heiðursviðurkenning til þýðenda íslenskra bókmennta var kynnt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 10. september. Viðurkenningin hefur fengið heitið Orðstír. Hún mun verða veitt annað hvert ár og mun m.a. fela í sér dvalarstyrki til handa þýðendum. Fyrst til að taka við þessari viðurkenningu voru Erik Skyum-Nielsen og Catherine Eyjólffsson. Þau hafa um áratugaskeið þýtt mikið af íslenskum bókmenntaverkum á móðurmál sín, Erik á dönsku en Catherine á frönsku.

BRAUTSKRÁNINGAR FRÁ ÍSLENSKUM HÁSKÓLUM

Hér eru helstu tölur um brautskráða nemendur frá íslenskum háskólum á árinu 2015. Upplýsingarnar eru þó ekki með öllu samræmdar innbyrðis því misjafnt er hvernig skólarnir setja þær fram eða vinna úr þeim. Nokkrir skólanna veita einnig starfsmenntun eða undirbúningsmenntun á framhaldsskólastigi en hér eru aðeins upplýsingar um fjölda þeirra sem luku háskólanámi af einhverju tagi.

Háskóli Íslands

Frá Háskóla Íslands voru brautskráðir 2959 stúdentar úr grunn- og framhaldsnámi við þrjár athafnir, í febrúar, júní og október. Þeir deilast svo milli námssviða:

Félagsvísindasvið:

1004

Heilbrigðisvísindasvið:

527

Hugvísindasvið:	444
Menntavísindasvið:	503
Verkfræði- og náttúruvísindasvið:	481

Auk þessara luku alls 64 doktorsnámi við Háskóla Íslands. Var þeim afhent gullmerki skólans á hátíð brautskráðra doktora sem nú er haldin á fullveldisdaginn 1. desember ár hvert.

Háskólinn í Reykjavík

Frá HR voru brautskráðir 738 nemendur úr háskólanámi, 435 karlar og 303 konur.

Námsgráður	
Grunndiplóma:	52
Bakkalárstig:	450
Meistarastig:	232
Doktorsstig:	4

Námssvið

Kennaranám og menntunarfræði:	45
Félags- og atferlisvísindi:	36
Viðskipti og stjórnun:	196
Lögfræði:	98
Tölvunarfræði:	109
Verkfræði og tækni:	203
Arkitektúr og byggingar:	51

Háskólinn á Akureyri

Frá Háskólanum á Akureyri brautskráðust 354 nemendur á árinu, 72 karlar og 282 konur. Alls lauk 241 grunnnámi en 113 luku framhaldsnámi. Þessi hópur skiptist svo á milli fagsviða:

Félagsvísindi:	150
Heilbrigðisvísindi:	87
Menntavísindi:	88
Raunvísindi:	29

Háskólinn á Bifröst

Brautskráðir nemar frá Bifröst voru alls 116; konur voru 67, karlar 49. Þeir skiptust þannig á milli sviða:

Viðskiptasvið	
Grunnnám:	47
Meistaránám:	18
Lögfræðisvið	
Grunnnám:	14
Meistaránám:	14
Félagsvísindasvið	
Grunnnám:	10
Meistaránám:	13

Háskólinn á Hólum

Frá Hólum luku alls 70 nemendur námi á árinu og dreifðust þannig:

Ferðamáladeild	
Diplóma í viðburðastjórnun eða ferðamálafræði:	26
BA í ferðamálafræði:	24
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	
Diplóma í fiskeldisfræði:	4
MS í sjávar- og vatnalíffræði:	1
Hestafræðideild	
Diplóma – leiðbeinendapróf:	2
BS í reiðmennsku og reiðkennslu:	13

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri

Frá Hvanneyri brautskráðist 31 eftir háskólanám.

Grunnnám, BS:	20
Framhaldsnám, MS:	11

BÚNAÐUR

Veturinn 2015 var umhleypingasamur í meira lagi en snjóþyngsli voru þó ekki veruleg. Um mánaðamótin apríl-maí kólnaði og setti niður allnokkurn snjó á svæðinu frá Tröllaskaga allt austur á Firði. Vorið varð kalt og áfallasamt og gekk sauðburður erfiðlega af þeim sökum. Kal var í tün-um, t.d. í Breiðdal eystra og víðar á Austfjörðum en einnig sums staðar á Snæfellsnesi og á afmörkuðum svæðum á Fljótsdalshéraði, allt upp í um 50% á einstaka jörðum. Víðast annars staðar voru tún lítið skemmd. Grasspretta var með minna móti víða og sláttur hófst með seinasta móti miðað við mörg undangengin ár. Heyskapartíð nyrðra og eystra var víða



Álfir á haustdegi í Þykkvabæ. – Bændur hafa undanfarin ár kvartað yfir miklum ágangi álfta á túnum og ökrum, einkum á Suðurlandi.

stirð í sólarleysinu en auðveldari um sunnan- og vestanvert landið. Berja-spretta var sein og lítið af berjum norðan- og austanlands, annars staðar var hún betri en þó seinni en mörg undanfarin ár. Haustmánuðirnir urðu tiltölulega hlýrri en sumarmánuðirnir og 16. október komst hitinn í 18,4°C í Neskaupstað. Kornuppskera varð miklum mun minni en árin á undan, þó nálgadist hún meðallag um sunnanvert landið. Í nóvember kólnaði og gerði rýsjótta tíð til áramóta.

Heyfengur og korn – upplýsingar frá 2014 í svigum

Hey í rúllum og ferbökkum pökkuðum í plast var talið nema 2.053.692 rúmmetrum (2.375.872). Annað vothey reyndist 62.731 rúmmetri (72.438). Þurrhey var á haustnóttum 2015 metið 933.189 rúmmetrar (451.859). Kornuppskera mun hafa numið nálægt 8.000 tonnum m.v. 85% þurrefni (skv. heimildum Jónatans Hermannssonar). Fyrir liggur að korn var skorið af 2.791 hektara haustið 2015, meðaluppskera metin u.þ.b. 2,87 tonn af fullþurru korni af hektara, þ.e. 8.000 tonn alls. (Árið 2014 voru 3.788 hektarar uppskornir, meðaluppskera metin 3,63 tonn, þ.e. 13.750 tonn alls.) Kornuppskera árið 2015 var skv. Matvælastofnun 11.538 tonn (17.868 tonn næsta ár á undan skv. sömu heimild). Munurinn á tölunum yfir uppskeru kornsins skýrist af því að skráð uppskera hjá Matvælastofnun er með misjöfnu þurrkstigi eftir verkunaraðferðum en tölur Jónatans miðast við fullþurrt korn. Kornhálmur var talinn vera 14.521 rúmmetri (16.868 árið 2014). Kornhálmurinn er að mestum hluta notaður til svepparæktunar eða borinn undir búfé, aðallega nautgripi og hross. Heyfyrningar haustið 2015 voru 360.314 rúmmetrar af votheyi (98% af

þeim í rúllum þetta ár, 2015 – 238.002 rúmmetrar haustið 2014) og 8.849 rúmmetrar af þurrhevi (13.520 rúmmetrar á fyrra ári).

(*Heimildir: Matvælastofnun og Jónatan Hermannsson.*)

Uppskeyra garðávaxta o.fl. – tölur frá 2014 í svigum

Kartöfluupskeyra mun hafa numið 9.050 tonnum sumarið og haustið 2015 (talin hafa verið um 8.260 tonn árið á undan). Tómatuupskeyra var 1.347 tonn (1.516), gúrkuupskeyra var 1.826 tonn (1.807), paprikuupskeyra var 215 tonn (223), blómkálsupskeyra var 50 tonn (44), gulrótuupskeyra nam 550 tonnum (780), hvítkálsupskeyra var 160 tonn (135), kína-kálsupskeyran var 75 tonn (84), spergilkálsupskeyra var áætluð um það bil 115 tonn (u.þ.b. 88 árið áður), gulrófnaupskeyran nam 1.200 tonnum (1.070), salatupskeyra var áætluð 377 tonn (talin um 314 tonn árið á undan) og upskeyra sveppa var 550 tonn (602).

(*Heimild: Samband garðyrkjubænda.*)

Slátrun og kjötframleiðsla 2015 – tölur í svigum frá 2014

Slátrað var 601.728 fjár í sláturhúsum (595.869). Af því voru 544.708 dilkar (547.310 árið áður) og 55.401 fullorðið fé (46.415 árið áður). (Fjöldi þess fjár sem kjötið af fór í úrkast er aðeins inni í heildarsamtölunni 601.728.) Meðalfallþungi dilka var 16,17 kg, sem er 0,14 kg minni fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 10.185 tonn (10.100 tonn árið áður).

Mestar afurðir í sauðfjárrækt á árinu 2015, á búi með yfir 100 ær, voru hjá Eiríki Jónssyni í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum í Árnassýslu, þar sem hver ær skilaði að meðaltali 44,9 kg af kjöti.

Slátrað var 19.017 nautgripum (17.689 árið áður). Nautgripakjöt var 3.606 tonn (3.495 árið áður). Slátrað var 7.739 hrossum (9.313 árið áður) og hrossakjöt var 946 tonn (1.196 árið áður). Slátrað var 80.459 svínunum (78.597 árið áður) og var svínakjötsframleiðslan 6.806 tonn (6.472 árið áður). Framleiðsla alifuglakjöts var 8.328 tonn (8.046 árið áður).

(*Heimildir: Bændasamtökin, Matvælastofnun, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.*)

Mjólkurframleiðsla

Upplýsingar um mjólkurframleiðslu hjá aðildarfélögum SAM, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, árið 2015 koma fram hér á eftir en framleiðsla heimavinnsluaðila og annarra en aðildarfélaga SAM og framleiðsla skv. sársamningum var talin 67.002 lítrar árið 2012 og 330.941 lítri árið 2011 skv. tölum frá Hagstofu Íslands. Tölur um sambærilega framleiðslu á árunum 2013, 2014 og 2015 hafa ekki legið fyrir.

Mjólkurframleiðsla skv. tölum frá Samtökum afurðastöðva í mjólkur-
iðnaði var eftirfarandi árið 2015 (tölur í svigum frá fyrra ári):

Kúabændur sem seldu mjólk til afurðastöðva voru 636 (650) og áætluð
framleiðsla mjólkur var 158.201.274 kg (145.034.664). Mjólk innvigtuð í
afurðastöðvar reyndist síðan: 150.707.535 kg (133.513.735).

Framleiðsla í afurðastöðvum SAM var eftirfarandi: Drykkjar-
mjólk 33.122.142 kg (33.078.843), sýrðar mjólkurvörur 11.190.290 kg
(11.278.524), skyr 3.769.758 kg (3.371.651), ostur 8.987.953 kg (8.445.289),
smjör 1.810.249 kg (1.476.796), smjörvi: 869.871 kg (879.951), léttsmjör:
106.704 kg (105.994), klípa: 0 kg (6.495)

(Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði).

Afurðahæsta kýr á landinu 2015 var Milla 317 í Hvammi á Barðaströnd
í Vestur-Barðastrandarsýslu en hún mjólkaði 12.511 kg á árinu. Mestar
afurðir eftir reiknaða árskú árið 2015 voru á Gautsstöðum á Svalbarðs-
strönd, við austanverðan Eyjafjörð, á búi Péturs Friðrikssonar bónda,
8.308 kg.

(Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.)

Lax- og silungsveiði

Sumarið 2015 var fjórða mesta laxveiðisumarið frá upphafi skráningar
þeirrar veiði en þá veiddust alls 71.708 laxar á stöng í ám hér á landi.
Sumarið áður var veiðin fremur slök en þá veiddust alls 33.598 laxar á
stöng. Skýringa á þeim miklu sveiflum í veiðinni sem þessi breyting er
hluti af hefur helst verið talið að leita í fæðu laxins en hugsanlegar breyt-
ingar á afföllum í sjó gætu þó einnig haft áhrif. Af fyrrnefndum stang-
veiddum löxum sumarið 2015 var 28.120 eða 39,2% sleppt aftur. Fjöldi
landaðra laxa var því 43.588 (19.982 árið 2014).

Alls voru 6.180 laxar veiddir í net sumarið 2015 en þeir voru 3.756 árið
áður og 11.583 sumarið 2013. Netaveiði hefur farið minnkandi undanfar-
in ár og áratugi, m.a. vegna aukinnar sóknar í stangveiði, uppkaupa alls
netaveiðiréttar í sjó árið 1997 og leigu netaveiðiréttar í Hvítá í Borgar-
firði. Netaveiði á laxi er því nú eingöngu bundin við ferskvatn.

Mest laxveiði á stöng, miðað við veiddan fisk, var í Ytri-Rangá og af
vesturbakka Hólsár en þar veiddust 8.802 laxar sumarið 2015 (3.070 sum-
arið 2014). Næstmest var veiðin á stöng í Miðfjarðará, 5.911 laxar 2015
(1.692 sumarið 2014). Þriðja mesta veiðin sumarið 2015 var í Blöndu og
Svartá, 5.425 laxar (2.225 sumarið 2014). Fjórða áin í röðinni var Norðurá
þar sem veiddust 2.889 laxar á stöng sumarið 2015 (924 árið á undan).
Fimmta mesta stangveiðin var í Eystri-Rangá, 2.749 laxar sumarið 2015
(2.529 sumarið 2014). Næstu fimm ár á eftir voru, í eftirfarandi röð: Langá,

Laxá á Ásum, Haffjarðará, Víðidalsá og Fitjá og að lokum Laxá í Dölum.

Sumarið 2015 veiddist mest af urriða á stöng í Veiðivötnum, 8.160 urriðar (7.200 árið 2014), næst á eftir kom Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan Brúa þar sem veiddust 3.199 urriðar (4.089 á fyrra sumri). Þriðja mest var veiðin sumarið 2015 í Fremri-Laxá á Ásum, 1.843 urriðar. Mest bleikjuveiði var í Veiðivötnum sumarið 2015, 10.381 bleikja (9.561 sumarið áður). Næstmest var bleikjuveiðin í Fljótaá, 1.183 bleikjur (1.147 sumarið 2014) og þriðja mest var bleikjuveiðin sumarið 2015 í Víðidalsá og Fitjá, 1.148 bleikjur (1.447 sumarið áður).

(Heimild: Veiðimálastofnun.)

Búfjáreign

Búfjáreign Íslendinga var í árslok 2015 (í svigum tölur frá 2014):

Nautgripir:	78.776	(74.444)
Par af mjólkurkýr og holdakýr	27.441 2.049	(26.159) (1.844)
Sauðfé:	472.461	(487.806)
Hross:	67.358	(67.762)*
Svín (fullorðin):	3.518	(2.995)**
Varphænur:	119.811	(219.163)**
Minkar:	47.693	(51.434)
Refir:	4	(2)**
Kanínur:	350	(343)
Gæsir og endur:	947	(1209)
Kalkúnar:	1.102	(707)**
Geitur:	1.008	(987)

* Miklar líkur eru á því að fjöldi hrossa hafi verið allnokkuð vanmetinn, bæði 2014 og 2015.

** Tölur fyrra árs, 2014, hafa verið endurskoðaðar og í sept. 2016 mátti finna þessar tölur endurskoðaðar og leiðréttar á vef Matvælastofnunar. Þess vegna eru þær ekki hinar sömu og finna má í árbókinni fyrir 2014.

(Heimild: Matvælastofnun.)

Útflutningur

Útflutningsverðmæti landbúnaðarvara skiptist þannig í milljónum króna á fob-verði árið 2015 (í svigum tölur frá 2014):

Afurðir hrossa, nautgripa, svína og sauðfjár:	2.871	(3.302)
Afurðir minka og refa:	474	(387)
Afurðir annarra sláturdýra:	1	(33)

Fiskeldisafurðir:	6.998	(5.441)
Búfé:	875	(836)
Afurðir annarra land- og sjávarnytja:	600	(486)
Mjólk og mjólkurvörur:	626	(384)
Aðrar landbúnaðarvörur:	823	(823)

Samanlagt verðmæti útfluttra landbúnaðarvara hækkaði úr 11.692 milljónum á fob-verði árið 2014 í 13.267 milljónir árið 2015.

(*Heimild: Hagstofa Íslands.*)

Út voru flutt 1.360 lifandi hross á árinu (1.269 árið áður). Mestur var útflutningurinn til Þýskalands, 529 hross (594). Næst í röðinni var Svíþjóð en þangað voru fluttir 219 hestar (153) og í þriðja sæti var Danmörk en þangað fóru 165 hross á árinu (130).

(*Heimild: WorldFengur – Upprunaættbók íslenska hestsins.*)
– Sigurður Kristjánsson tók saman

FORSETI ÍSLANDS

Í áramótaávarpi Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, sem hann flutti skv. venju á nýársdag, lagði hann út af hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna og ræddi m.a. árangur Íslendinga á sviði jafnréttis. En varðandi erfiðleika undangenginna ára lagði hann áherslu á að þótt nauðsynlegt væri að læra af reynslunni, mætti ekki einblína um of á það sem miður hefði farið.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin voru afhent af forseta á Bessastöðum 2. janúar. Þau komu að þessu sinni í hlut Huga Guðmundssonar tónskálds.

Forsetinn átti ýmsa fundi um þróun orkumála í janúar, m.a. með Al Gore, svo og forsvarsmönnum Orku Energy og sat Heimsþing hreinnar orku sem haldið var í Abu Dhabi.

Í febrúar fundaði forseti með embættismönnum og stjórnvöldum í Bútan og á Inlandi um samstarf um jökjarannsóknir, jarðhitamál o.fl. Hinn 17. febrúar átti Ólafur Ragnar fund með Filippusi 6., er tók við konungstign á Spáni 2014. Eftir það tók hann þátt í fjölbreyttri dagskrá Íslandsdaga í Barcelona.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru afhent 22. febrúar og hlutu þau fimm íslenskir námsmenn fyrir jafnmörg framúrskarandi rannsóknarverkefni. Þá var forsetinn sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Laval-háskólann í Québec hinn 25. febrúar.

Hinn 10. mars fór forsetinn í opinbera heimsókn til Litháens í tilefni sjálfstæðisafmælis landsins en 15. apríl sátu forsetahjónin 75 ára afmælisveislu Margrétar Danadrottningar í Kristjánborgarhöll. Þá fundaði forsetinn með François Hollande Frakklandsforseta í París 17. apríl. Megin-

efni fundarins voru málefni tengd alþjóðlegu loftslagsráðstefnunni sem haldin var í París í desember sama ár. Frakklandsforseti kom síðan í opinbera heimsókn til Íslands 16. október og flutti m.a. stefnuræðu á þingi Arctic Circle, Hringborðs Norðurslóða, í Hörpu. Daginn eftir fóru Hollande og Ségolène Royal, orku- og umhverfisráðherra Frakka, ásamt forseta Íslands og skoðuðu m.a. Sólheimajökul sem mjög hefur hopað síðustu ár.

Ólafi Ragnari Grímssyni voru afhent heiðursverðlaun Vestnorræna ráðsins við sérstaka athöfn í Runavik í Færeyjum 10. ágúst. Við það tækifæri var honum þakkað framlag hans til að efla stöðu hinna vestnorrænu þjóða á alþjóðavettvangi, Grænlandinga, Íslendinga og Færeyinga.

Sádi-Arabía, moskubygging og hryðjuverkaógn

Forseti Íslands dróst á einkennilegan hátt inn í viðkvæma umræðu um byggingu mosku í Reykjavík á árinu sem og vaxandi hryðjuverkaógn og viðbrögð við henni.

Í byrjun mars heimsótti forsetann sendiherra Sádi-Arabíu, er hefur aðsetur í Stokkhólmi. Mun hann hafa greint honum frá því að Sádi-Arabar hygðust styrkja byggingu mosku í Reykjavík um rúma milljón dollara. Þessi tíðindi vöktu talsverða athygli; tortryggni gætti í fjölmiðlum og hvorugt þeirra trúfélaga múslíma sem hér starfa könnuðust við að eiga von um að fá þessa peninga. Ólafur Ragnar sagði frá því í viðtali að sér hefði verið verulega brugðið við að heyra af þessum fyrirætlunum og lét í ljós efasemdir um réttmæti þess að erlend ríki færu að leggja fé í starfsemi trúfélags á Íslandi. Í júní birtust fréttir af leyniskjölum frá sendiráði Sáda í Stokkhólmi þar sem vitnað var til samræðna sendiherrans og forseta Íslands í boði í janúar 2013. Þar hefði forsetinn farið fögrum orðum um forystuhlutverk Sádi-Arabíu í Mið austurlöndum og lýst áhuga á nánari samvinnu. Frá þessu var greint í *Stundinni* 21. júní. Þessu var andmælt harðlega af hálfu forsetaembættisins daginn eftir og gefið til kynna að lýsing sendiherrans væri í rauninni uppspuni; þetta samtal hefði aldrei farið fram og forsetinn ekki tekið þátt í þess háttar boði sem hér væri vísað til.

Þegar haustaði var svo greint frá því að svonefnd Stofnun múslíma á Íslandi hefði fengið fjárstyrkinn og m.a. keypt Ýmishúsið í Reykjavík. Hér væri hins vegar um að ræða e.k. útibú frá sænsku félagi. Múslímar á Íslandi hefðu ekki fengið fé þótt annað félag þeirra, Menningarsetur múslíma, hefði aðsetur í Ýmishúsinu.

Hinn 13. nóvember létu íslamskir hryðjuverkamenn til skarar skríða í París, felldu á annað hundrað óbreyttra borgara og særðu fjölmarga. Stjórn-málamenn og þjóðhöfðingjar lýstu almennt samúð sinni og samstöðu með Frökkum, þ. á m. forseti Íslands. Næstu daga fór fram mikil umræða um hvernig bregðast ætti við þessari vá. Lét forsetinn m.a. í ljós þá skoðun að öfgafull íslamstrú fæli orðið í sér mestu ógn sem heimurinn hefði staðið

frammi fyrir síðan á dögum nasista; við henni yrði ekki brugðist með umburðarlyndinu einu saman. Vísaði hann m.a. til reynslu sinnar varðandi umræðu um moskubyggingu í Reykjavík. – Þessi orð sættu reyndar nokkurri gagnrýni þar sem sumum fannst hann taka helst til djúpt í árinni; hætta væri á að orð hans um umburðarlyndið yrðu mistúlkuð af öfgamönnum.

HAFÍS VIÐ ÍSLAND

Árið 2015 var fremur tíðindalítið hafísár. Seinni hluta janúarmánaðar var hafísjaðarinn í Grænlandssundi um 80 sjómílnur norðvestur af Straumnesi. Hélt hann á svipuðum slóðum þar til hann um miðjan febrúar hafði fært nær Íslandi vegna suðvestanáttar og var um 67 sjómílnur norðnorðvestur af Kögri og um 45 sjómílnur norðvestur af Gelti. Upp frá því færðist hann á ný fjær landi og var jaðarinn um miðjan mars um 110 sjómílnur frá Straumnesi. Hélt hann utan miðlínu milli Íslands og Grænlands næstu vikur en upp úr miðjum apríl breytti enn um svip og var hafísinn 26. apríl um 50 sjómílnur úti fyrir Vestfjörðum og 4. maí um 65 sjómílnur.

Seinni hluta maímánaðar var meginjaðarinn 75–80 sjómílnur norðvestur af Straumnesi. Í byrjun júní var jaðarinn utan miðlínu en færðist brátt nær Íslandi í ríkjandi suðvestanátt og var um miðjan mánuðinn kominn um 37 sjómílnur norðnorðvestur af Straumnesi. Í lok júní hafði hafísjaðarinn enn á ný þokast fjær og var síðan utan miðlínu næstu mánuði. Um þær mundir fór að venju á þessum árstíma að kræla nokkuð á borgarís í Grænlandssundi og bárust allmargar tilkynningar frá skipum um þá þar á sveimi.

Í lok október fór að bera á nýmyndun íss nálægt miðlínu. Upp úr miðjum nóvember sást á gervihnattamyndum gisinn ís og nýmyndun í 45 sjómílna fjarlægð norðvestur af Straumnesi. Í lok nóvember hafði hann fært fjær og var ísjaðarinn í Grænlandssundi um 65 sjómílnur vestnorðvestur af Straumnesi. Daga 7.–14. desember var jaðarinn samkvæmt gervihnattamyndum 40–50 sjómílnur norðvestur af Gelti og Straumnesi en fátt sagði síðan af hafís við Ísland fram að áramótum.

(Heimildir: Veðurstofa Íslands og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.)

– Dr. Þór Jakobsson tók saman

IÐNAÐUR

Á sviði útflutningsverðmæta vöru og þjónustu skipaði iðnaður á Íslandi annað sæti árið 2015, reiknað í milljónum króna:

Ferðaþjónusta:	369.536
Iðnaðarvörur:	331.060
Sjávarafurðir:	264.665

Stóriðja

Hlutur áliðnaðar í þessum útflutningi er afar stór eins og sjá má af töflunni hér fyrir neðan.

Útfluttar iðnaðarvörur; verðmæti í milljónum fob.

	2015	2014
Ál og álafurðir:	238.396,5	214.835,7
Kísiljárn:	19.038,6	18.424,7
Lyf og lækningatæki:	21.140,8	19.312,5
Aðrar iðnaðarvörur:	52.484,3	57.416,7
Alls:	331.060,2	309.989,6

Þessar tölur upplýsa ekki endanlega hvernig útflutningsverðmæti skilar sér inn í íslenskt hagkerfi því álverin þrjú eru öll í erlendri eigu. Þau eru fjölmennir vinnustaðir og mikilvægir kaupendur þjónustu og varnings en um það er ekki lengur deilt að raforkuverð til þeirra er mjög lágt. Engu að síður vonast sumir enn eftir fleiri álverum.

Frá því var greint í júní að sveitarstjórn Blönduóssbæjar hefði átt í samningaviðræðum við Kínverja um að fjárfesta í álveri á Hafursstöðum á Skaga. Bæjarstjóri kynnti jafnframt drög að áætlun um 120 þúsund tonna álver sem stækka mætti í 240 þúsund tonn. Þessi frétt vakti nokkra undrun þar sem raforka liggur ekki á lausu en jafnframt lá fyrir að þessar hugmyndir væru m.a. háðar því að farið væri í virkjun Héraðsvatna í Skagafirði.

Rekstur álvera á Íslandi virtist hins vegar tæplega jafnábataþingur nú og áður var talið; í byrjun ágúst sendi forstjóri Ísal bréf til allra starfsmanna í Straumsvík og lýsti slæmri stöðu fyrirtækisins. Álverð væri lágt og orkuverð ekki tengt við það – sem kæmi sér illa fyrir fyrirtækið og orsakaði taprekstur.

Um þetta leyti var kjaradeila starfsmanna í Straumsvík og fyrirtækisins orðin býsna langvinn og talsmaður verkalýðsfélaganna sagði þetta áróður. Eigandi álversins, Rio Tinto Alcan, vildi lækka kostnað með því að bjóða út ýmsa starfsemi en á það féllust starfsmenn ekki og í ágústbyrjun hófst yfirvinnubann þeirra. Ekki þókaðist neitt í þessari deilu næstu vikurnar en í lok september afléttu starfsmenn yfirvinnubanninu og áður boðuðu verkfalli var aflýst í desember.

Þessi deila varð ekki útkljáð á árinu en því var m.a. haldið fram að hagráðingarkrafa eigenda snerist í rauninni um að þeir vildu loka álverinu eða bæta samningsstöðu varðandi raforkukostnað. Talsmenn fyrirtækisins neituðu því hins vegar eindregið að til stæði að loka verksmiðjunni.

Nú er unnið að byggingu kísilvera á þremur stöðum, í Helguvík, á

Grundartanga og Bakka við Húsavík, þar sem mest hefur þegar verið lagt undir.

Framkvæmdir hófust á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði á Bakka norðan við Húsavíkurhöfða vorið 2015 en þar hyggst þýska fyrirtækið PCC reisa kísilver. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan geti framleitt 32.000 tonn af kísilmálm í fyrstu en afkastageta verði tvöfölduð síðar. Orkuþörf fyrsta áfanga mun verða 53 MW og gert er ráð fyrir að ný Peistareykjavirkjun framleiði meginhluta orkunnar. Talið er að bygging kísilvers muni kosta 40 milljarða kr. En kostnaður ríkis og sveitarfélags af vegagerð og hafnarbótum verður einnig umtalsverður; upphaflega var áætlaður kostnaður við veltengingu áætlaður 1,8 milljarðar en í árslok var ljóst að hann væri kominn yfir þrjá milljarða. Þar fyrir utan er áætlað að það kosti 6,5 milljarða að tengja Peistareykjavirkjun við iðnaðarsvæðið á Bakka með raflínunum.

Mörgum óx þessi kostnaður í augum og umræðan var nokkuð óvægin. Efasemdir hafa og lengi verið uppi um verksmiðjulóðina sjálfa. Páll Einarrsson jarðeðlisfræðingur benti m.a. á að hún væri á misgengissprungu sem myndi í framtíðinni ógna öryggi við málmbraðsluna.

Byggingariðnaður

Undanfarin ár hefur fasteignaverð hækkað mjög og eftirspurn eftir húsnæði, einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, farið mjög vaxandi, ekki síst vegna aukins ferðamannastraums. Hafa margir orðið til að benda á að auka þyrfti framboð á íbúðarhúsnæði, sérstaklega ódýrum, litlum íbúðum. Samtök iðnaðarins settu fram það sjónarmið í nóvember að byggja þyrfti tíu þúsund íbúðir á tímabilinu 2015–2018 til að mæta þörfinni. En þó að byggingarkrönum hafi farið fjölgandi síðustu ár vantar nokkuð á að þessum afköstum sé náð.

Fjöldi nýrra íbúða:

	Allt landið	Höfuðborgarsvæðið
2014:	1149	954
2015:	1120	877

En eins og sjá má af eftirfarandi tölum fer byggingarkostnaður líka verulega hækkanði milli ára.

Byggingarvísitala, miðað við grunn (100) frá 2010

2014:	120,8
2015:	128,1



Nýtt hverfi að rísa í Úlfarsárdal.

Annar iðnaður

Íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur verið að rétta nokkuð úr kútnum undanfarin ár. Nú starfa t.d. fimm fyrirtæki að framleiðslu á fiskibátum úr trefjaplasti og mikill hluti þeirrar framleiðslu fer úr landi. Var áætlað að þessi starfsemi veitti um 500 manns atvinnu. Þá voru fluttar út vörur til fiskveiða fyrir 5,9 milljarða á árinu.

Á sviði matvælaíðnaðar ber helst til tíðinda að útflutningur á skyri hefur aukist gríðarlega svo að í rauninni er fyrirsjáanlegur skortur á innlendu hráefni.

Í Vatnsmýrinni var í samvinnu við Háskóla Íslands unnið að uppbyggingu Hátækniseturs kenndu við lyfjafyrirtækið Alvogen og fyrirhugað er að það verði bæði rannsóknar- og framleiðslustaður. Raunar hefur verið gagnrýnt að einhver dýrmætasta byggingarlóð í bænum sé lögð undir lyfjaverksmiðju en vonir standa til að þar verði fjölmennur vinnustaður fyrir fólk með sérmenntun og tengslin við Háskólann muni verða báðum aðilum styrkur.

Hins vegar bárust þær fréttir í mars að Actavis, sem m.a. hefur rekið lyfjaverksmiðju í Hafnarfirði, hefði sameinast alþjóðlega lyfjafyrirtækinu Allergan; engar breytingar væru þó fyrirhugaðar hér á landi. En í júní var tilkynnt að verksmiðjunni í Hafnarfirði yrði lokað og starfsemin flutt úr landi.

Forsvarsmenn frumkvöðlafyrirtækja og hátækniíðnaðar hafa hins vegar glímt við erfið vaxtarskilyrði, ekki síst vegna gjaldeyrishafta. Þá

var talsvert kvartað yfir áhugaleysi stjórnvalda um sæstreng til gagnaflutnings vestur um haf til Ameríku. Var því haldið fram að það stæði uppbyggingu gagnavera hér á landi fyrir þrifum.

ÍBÚAR ÍSLANDS

Í lok ársins 2015 voru íbúar landsins 332.529 en höfðu verið 329.100 árið áður; meðalaldur þeirra var tæp 38 ár. Aðfluttir umfram brottflutta voru 1.447. Karlar voru 167.270 en konur 165.259. Þessi kynjahlutföll eru svipuð því sem verið hefur síðustu áratugi en allt fram um miðja 20. öld var þessu öfugt farið; konur voru fleiri en karlar. Árið 1930 voru konur 54.215 og karlar 52.135 en um miðja öldina voru hlutföllin nánast orðin jöfn. Þetta skýrist annars vegar af þeirri líffræðilegu staðreynd að jafnan fæðast aðeins fleiri drengir en stúlkur og hins vegar af þeirri sögulegu staðreynd að dánartíðni karla, t.d. vegna sjóslysa, var hærri í fábreyttu samfélagi á borð við það sem hér var við lýði fram undir miðja 20. öld.

Þótt mikið hafi verið rætt um tískubylgjur í nafngiftum barna eru algengustu nöfn Íslendinga enn næsta kunnugleg. Algengustu karlmannsnöfn 1. janúar 2015 voru í fyrsta til þriðja sæti: Jón, Sigurður og Guðmundur. Algengustu kvenmannsnöfn voru í fyrsta til þriðja sæti: Guðrún, Anna og Kristín.

Brotthlutningur og aðflutningur

Nokkur umræða varð á árinu um brotthlutning Íslendinga sem mörgum þótti einkennilega mikill miðað við efnahagslegan uppgang. Það sjónarmið kom víða fram að hinir brotthluttu væru einkum ungt fólk og oft vel menntað, sem sæi ekki fram á viðunandi afkomu á Íslandi eða möguleika á að eignast þak yfir höfuðið og vísað var til þess hve margir hefðu t.d. leitað sér atvinnu í Noregi undanfarin ár. Varð nokkur deila um þetta málefni á árinu og túlkun upplýsinganna. Þeir svartsýnustu héldu því m.a. fram að í stað vel menntaðs ungs fólks sem væri að flýja land kæmu útlendingar, oft minna menntaðir, til að taka að sér láglaunastörf. En Hagstofan hefur ekki aflað gagna um ástæður þess að fólk flytur úr landi, aðstæður þess eða menntun, auk þess sem upplýsingar um menntun og aðstæður innflytjenda hafa ekki verið skipulega rannsakaðar. Þessi umræða hefur því ekki verið til lykta leidd en í einföldustu mynd lítur búferlaflutningsdæmið svona út:

Íslenskir ríkisborgarar

Aðfluttir:	2.498
Brotthluttir:	3.763
Brotthluttir umfram aðflutta:	1.265

Erlendir ríkisborgarar

Aðfluttir:	4.963
Brottfuttir:	2.247
Aðfluttir umfram brottflutta:	2.716

Það er hins vegar augljóst að þegar efnahagsleg uppsveifla á sér stað, mikið er byggt og framkvæmt og atvinnuleysi er með minnsta móti, er framlag þessara innflytjenda á vinnumarkaði mjög mikilvægt. Áhyggjur verkalýðshreyfingarinnar snerust einkum um það hvort þeir fengju allir greidd laun skv. samningum. Það er hins vegar ekki mjög stór hluti þessa hóps sem fengið hefur íslenskt ríkisfang þegar litið er á þessar tölur:

Fjöldi innflytjenda búsettra á Íslandi 2015

Með íslenskt ríkisfang:	7.392
önnur kynslóð:	1.942
Með erlent ríkisfang:	21.800
önnur kynslóð:	1.904

Mannfjöldi

Upplýsingar um íbúafjölda einstakra byggðarkjarna/sveitarfélaga. Tölur miðast við áramót 2015–2016.

<i>Höfuðborgarsvæðið:</i>	213.836
Reykjavík	122.460
Kópavogur	34.140
Hafnarfjörður	28.189
Garðabær	14.717
Seltjarnarnes	4.415
Mosfellsbær	9.481
Kjósarhreppur	217
<i>Suðurnes:</i>	22.509
Reykjanesbær	15.233
Grindavíkurbær	3.126
Sandgerði	1.577
Sveitarfélagið Garður	1.425
Sveitarfélagið Vogar	1.148
<i>Vesturland:</i>	22.649
Akranes	6.908
Borgarbyggð	3.637
Hvalfjarðarsveit	622

Skorradalshreppur	53
Snæfellsbær	1.663
Grundarfjarðarbær	899
Stykkishólmur	1.113
Helgafellssveit	55
Eyja- og Miklaholtshreppur	138
Dalabyggð	678
<i>Vestfirðir:</i>	6.883
Bolungarvík	904
Ísafjarðarbær	3.623
Reykhólahreppur	267
Tálknafjarðarhreppur	267
Vesturbyggð	1.013
Súðavíkurhreppur	184
Árneshreppur	55
Kaldrananeshreppur	103
Strandabyggð	467
<i>Norðurland vestra:</i>	7.128
Húnaþing vestra	1.160
Blönduósbær	865
Sveitarfélagið Skagaströnd	489
Skagabyggð	109
Húnavatnshreppur	403
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.902
Akrahreppur	200
<i>Norðurland eystra:</i>	29.361
Akureyri	18.294
Norðurþing	2.825
Fjallabyggð	2.025
Dalvíkurbyggð	1.840
Eyjafjarðarsveit	1.035
Hörgársveit	557
Svalbarðsstrandarhreppur	438
Grýtubakkahreppur	357
Skútustaðahreppur	408
Tjörneshreppur	60
Þingeyjarsveit	918
Svalbarðshreppur	99
Langanesbyggð	505

<i>Austurland:</i>	10.281
Seyðisfjörður	658
Fjarðabyggð	4.693
Vopnafjarðarhreppur	650
Fljótsdalshreppur	74
Borgarfjarðarhreppur	124
Breiðdalshreppur	183
Djúpavogshreppur	456
Fljótsdalshérað	3.443
 <i>Suðurland:</i>	 27.982
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.171
Vestmannaeyjar	4.282
Sveitarfélagið Árborg	9.206
Mýrdalshreppur	525
Skaftárhreppur	470
Ásahreppur	218
Rangárþing eystra	1.774
Rangárþing ytra	1.526
Hrunamannahreppur	807
Hveragerði	2.463
Sveitarfélagið Ölfus	1.956
Grímsnes- og Grafningshreppur	465
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521
Bláskógabyggð	979
Flóahreppur	619

ÍÞRÓTTIR

Íþróttamaður ársins 2015 var kjörin Eygló Ósk Gústafsdóttir sundkona. Hafdís Sigurðardóttir var kosin íþróttamaður Akureyrar 21. janúar, annað árið í röð. Í janúar var tilkynnt að Ásgeir Sigurvinsson knattspyrnumaður og Pétur Guðmundsson körfuboltamaður hefðu verið teknir inn í Heiðurshöll ÍSÍ. Í lok ársins voru svo Sigríður Sigurðardóttir handknattleikskona og Ríkharður Jónsson knattspyrnumaður tekin í hópinn.

Fimleikar. Íslandsmót í áhaldafimleikum var haldið helgina 21.–22. mars í Laugardal. Íslandsmeistari í fjölþraut karla varð Valgarð Reinhardtsson. Íslandsmeistari í fjölþraut kvenna varð Thelma Rut Hermannsdóttir, bæði úr Gerplu. Irina Sazonova keppti sem gestur en náði bestum árangri. Þá náði hún sæti í undankeppni Ólympíuleika á heimsmeistaramóti í Glasgow í október.

Kvennalið Stjórnunnar sigraði á Íslandsmóti í hópímleikum 17.–18.

apríl. Liðið varð síðan Norðurlandameistari í hópfirmleikum í Vodafone-höllinni 14. nóvember.

Frjálsar íþróttir. Aníta Hinriksdóttir keppti á EM í Prag 8. mars. Komst í úrslit í 800 m hlaupi og náði fimmta sæti á 2:02,74 mín. en sigurvegarinn hljóp á 2:01,95 mín. Ásdís Hjálmsdóttir hreppti m.a. gullverðlaun í spjót-kasti í Ríga í Lettlandi í maí fyrir kast upp á 62,14 m.

Heimsmeistaramót í frjálsum íþróttum fór fram í Kína 22.–30. ágúst. Þar áttu Íslendingar aðeins þessa tvo keppendur, Anítu Hinriksdóttur og Ásdísi Hjálmsdóttur. Aníta tók þátt í 800 m hlaupi, hljóp í undanrásum og náði sínum besta tíma á árinu, 2:01,01 mín. Hún varð í 20. sæti af 45 en komst ekki áfram; var þó sátt við sína frammistöðu. Spjótkest kvenna fór fram 27. ágúst. Ásdís náði gildu kasti í fyrstu tilraun en var nokkuð langt frá sínu besta. Næstu tvö köst urðu ógild og því komst hún ekki áfram.

Þorbergur Ingi Jónsson víðavangshlaupari varð í níunda sæti á heimsmeistaramóti í „ofurhlaupi“ – ultra running – sem fram fór í Frakklandi í maí. Keppnisvegalengdin er 86 km, liggur um fjalllendi og felur í sér 5200 m hækkun. Keppendur í karlaflokki voru 144 og verður afrek Þorbergs að teljast fágætt þar sem keppnisgreinin er ekki einu sinni stunduð á Íslandi. Frjálsíþróttasambandið útnefndi hann frjálsíþróttakarl ársins í desember en Ásdísi Hjálmsdóttur frjálsíþróttakonun ársins.

Glíma. Íslandsglíman var haldin á Reyðarfirði 11.–12. apríl. Sindri Freyr Jóhannesson, KR, varð glímukóngur Íslands en glímudrottning Íslands varð Eva Dögg Jóhannsdóttir UÍA.

Golf. Íslandsmeistaramót í högguleik fór fram á Garðavelli á Akranesi 21.–26. júlí. Signý Arnórsdóttir úr Keili varð Íslandsmeistari kvenna en Þórður Rafn Gissurarson Íslandsmeistari karla.

Handbolti. Handboltalandslið karla lék sinn fyrsta landsleik gegn Þjóðverjum sem voru undir stjórn Dags Sigurðssonar 4. janúar, vináttulandsleik í Laugardalshöll, en Þjóðverjar unnu 31–24. Íslendingar unnu hins vegar síðari leikinn daginn eftir, 25–24. Næst lék liðið á fjögurra landa móti í Svíþjóð, sem hófst 9. janúar er Ísland tapaði fyrir Svíþjóð, 30–24. 10. janúar unnu Íslendingar Dani, 29–30, en 11. janúar gerðu þeir jafntefli við Slóvena, 32–32.

HM í Katar hófst um miðjan janúar og þangað fóru Íslendingar eftir einkennilega rekistefnu. Fyrsti leikurinn, 16. janúar gegn Svíum, fór illa, 24–16. Annar leikur, 18. janúar gegn Alsír, fór betur eftir slæma byrjun, 32–24. Jafntefli við Frakka varð niðurstaðan 20. janúar, 26–26, en Tékkar burstuðu Íslendinga í fjórða leiknum, 22. janúar, 25–36. Íslendingar unnu svo Egypta 24. janúar, 28–25, og komust þar með í 16 liða útslit. Þar léku Íslendingar móti Dönnum 26. janúar en töpuðu, 25–30, og voru þar með úr leik.

Næsti leikur var liður í undankeppni EM karla, 29. apríl í Laugardals-

höll, gegn Serbum. Þar unnu Íslendingar stórsigur, 38–22. Seinni leikur liðanna fór fram 3. maí í Serbíu og lauk með jafntefli, 25–25. 10. júní lék liðið gegn Ísrael ytra og sigraði, 24–34 og hinn 14. júní sigraði það Svartfjallaland í Laugardalshöll, 34–22.

Síðustu leikirnir voru á æfingamóti í Noregi í nóvember. Þar sigraði liðið Norðmenn 5. nóvember, 27–28, og Frakka tveim dögum síðar, 25–23. En 8. nóvember tapaði liðið fyrir Danmörku, 24–32.

Knattspyrna. A-landslið karla lék tvo vináttuleiki erlendis við Kanada, 16. og 19. janúar. Þeim fyrri lauk með sigri Íslands, 2–1, en þeim síðari með jafntefli, 1–1.

Næsti leikur fór fram 28. mars gegn heimamönnum í Kasakstan, liður í undankeppni EM. Ísland sigraði, 3–0. Næst á dagskrá var vináttulandsleikur gegn Eistlandi, 31. mars í Tallinn. Honum lauk með jafntefli, 1–1. Hinn 12. júní var leikur gegn Tékkum í undankeppni EM og fór fram í Laugardal. Þar sigraði íslenska liðið, 2–1.

Næsti leikur í undankeppni EM þótti sæta verulegum tíðindum er Íslendingar sigruðu Hollendinga, 1–0, í Amsterdam þar sem Gylfi Sigurðsson skoraði úr víti. Þrem dögum síðar gerði liðið jafntefli gegn Kasakstan á Laugardalsvelli, 0–0, og aftur varð jafntefli gegn Lettum á Laugardalsvelli 10. október, 2–2. Þrem dögum síðar lék karlalandsliðið gegn Tyrkjum í undankeppninni. Leikurinn fór fram í Tyrklandi og þar unnu heimamenn, 1–0. Þrátt fyrir þetta voru Íslendingar komnir áfram í keppninni. Þá tapaði liðið fyrir Pólverjum í vináttuleik í Varsjá 13. nóvember, 4–2. Vináttuleikur við Slóvakíu ytra 17. nóvember tapaðist einnig, 3–1.

Kvennalandsliðið í knattspyrnu tók þátt í Algarve-mótinu á Spáni í mars en átti heldur á brattann að sækja. Fyrsti leikurinn var 4. mars gegn Sviss en tapaðist, 2–0. Tveim dögum síðar tapaði liðið fyrir Norðmönnum, 1–0. Hinn 9. mars náðu Íslendingar jafntefli gegn Bandaríkjamönnum, 0–0. En fjórði leikurinn fór fram 11. mars og þar tapaði íslenska liðið fyrir Japönnum, 2–0.

Liðinu gekk mun betur á síðari leikjum ársins. Fyrst var vináttuleikur í Kórnum gegn Hollandi 4. apríl. Þar sigruðu Íslendingar, 2–1. Næst á dagskrá var vináttuleikur í Laugardal gegn Slóvakíu 17. september sem endaði með íslenskum stórsigri, 4–1. Hinn 22. september sigraði íslenska liðið Hvíta-Rússland á Laugardalsvelli, 2–0, í undankeppni EM 2017. Sléttum mánuði síðar sigruðu Íslendingar Makedóníu ytra, einnig í undankeppni EM, 4–1, og 26. október vann liðið enn stærri sigur á heimakonum í Slóveníu, 6–0.

Breiðablik varð Íslandsmeistari kvenna í knattspyrnu eftir sigur á Þór/KA á Akureyri 7. september, 2–1. FH varð Íslandsmeistari karla eftir sigur á Fjölni, 2–1, 26. september.

Körfuknattleikur. Karlalandsliðið í körfubolta náði lengra á árinu en

nokkru sinni fyrr. Liðið sigraði Andorra og Lúxemborg á Smáþjóðaleikunum en tapaði fyrir Svartfjallalandi og hreppti silfurverðlaun. Í ágúst voru tveir heimaleikir gegn Hollendingum; hinum fyrri lauk með sigri en hinn síðari tapaðist. Þrír næstu leikir fóru fram í Tallinn 20.–22. ágúst og unnu heimamenn þann fyrsta. Næstu leikjum, gegn Hollandi og Filippseyjum lyktaði með íslenskum sigri. Næstu þrír leikir fóru fram í Póllandi 28.–30. ágúst. Þeim fyrsta töpuðu Íslendingar fyrir heimamönnum en unnu síðan Líbani í þeim næsta. Síðasta leikinn unnu Belgar með fjörutíu stiga mun.

Þá var komið að úrslitakeppni EM í Berlín en svo langt hefur íslenskt körfuboltalandslið aldrei náð. Hér mætti liðið bestu körfuboltaþjóðum Evrópu, tapaði raunar öllum leikjum sínum en flestum með litlum mun:

5. sept., gegn Þjóðverjum, 71–65

6. sept., gegn Ítalíu, 71–64

8. sept. gegn Serbum, 93–64

9. sept. gegn Spánverjum, 99–73

10. sept., Tyrkir vinna eftir framlengingu, 111–102

Reykjavíkurlaikarnir. Hinir alþjóðlegu Reykjavíkurlaikar stóðu frá 15.–25. janúar og þóttu takast mjög vel. Þá var keppt í um 20 einstaklingsgreinum víðs vegar um borgina. Þátttakendur voru um 2000, þ. á m. um 500 frá um 40 öðrum löndum.

Skák. Héðinn Steingrímsson varð Íslandsmeistari í skák á Íslandsmóti í Hörpu 24. maí. Evrópumót landsliða í skák var haldið í Laugardalshöll um miðjan nóvember. Rússar sigruðu á mótinu sem lauk 22. nóvember, bæði í opnum flokki og í kvennaflokki. Ísland varð hins vegar efst Norðurlanda.

Smáþjóðaleikarnir 2015 hófust í Laugardal 2. júní og lauk 6. júní. Keppendur voru rúmlega 700 frá níu löndum: Íslandi, Lúxemborg, Kýpur, Svartfjallalandi, Mónakó, Liechtenstein, Möltu, Andorra og San Marínó. Ísland varð sigursælast, hreppti alls 115 verðlaun en Lúxemborg var í öðru sæti og Kýpur í hinu þriðja.

Keppt var í fjölda íþróttagreina og verður hér fátt eitt talið utan árangur þeirra Íslendinga sem jafnframt unnu sér á árinu þátttökurétt á næstu Ólympíuleikum.

Aníta Hinriksdóttir fékk silfur í 800 m en gull í 1500 m hlaupi.

Anton Sveinn McKee fékk fimm silfur og eitt brons í sundgreinum.

Ásdís Hjálmsdóttir sigraði í spjótkaсти en náði öðru sæti í kringlukasti.

Eygló Ósk Gústafsdóttir fékk þrjú gull í sundgreinum.

Guðni Valur Guðnason hreppti gull í kringlukasti.

Hafðis Sigurðardóttir fékk gull í langstökki og þristökki en silfur í 100 og 200 m hlaupi.

Hrafnhildur Lúthersdóttir fékk fjögur gull í sundgreinum.

Sund. Eygló Ósk Gústafsdóttir setti Norðurlandamet í 200 m baksundi á Opna danska meistaramótinu 30. mars. Hún náði þar jafnframt Ólympíulágmarki. Eygló Ósk vann síðan til tveggja bronsverðlauna á Evrópumeistaramóti í Ísrael í byrjun desember og varð fyrst íslenskra sundmanna til að ná verðlaunasæti á slíku móti. Eygló náði þriðja sæti í 100 m baksundi í 25 m laug 3. desember og í 200 m baksundi daginn eftir.

Hrafnhildur Lúthersdóttir tryggði sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum eftir sigur í 200 m fjórsundi og sömuleiðis í 200 m bringusundi á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík. Hún komst einnig í úrslit á heimsmeistaramóti í 50 m laug í Kasakstan 4. ágúst, lenti þar í 6. sæti.

KIRKJAN

Undanfarin ár hefur talsvert verið rætt um erfiða fjárhagsstöðu þjóðkirkjunnar og einstakra sókna; hefur og þurft að hagræða víða í rekstri. Þá verður umræða um aðskilnað ríkis og kirkju stöðugt háværingi.

Aukakirkjuþing var haldið 14. ágúst í Grensáskirkju þar sem fyrir lá aðeins eitt mál, beiðni innanríkisráðherra um að þjóðkirkjan veitti afslátt af afgjaldi kirkjujarða eins og undanfarin fimm ár. Þessari tillögu var hafnað.

Kirkjuþing 2015 var sett í Grensáskirkju 24. október og fluttu biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ávörp við það tækifæri. Fyrir þinginu lá meðal annars það verkefni að ræða um meðferð hlunninda sem fylgja sumum prestssetrum úti á landi. Árið áður höfðu fjölmiðlar m.a. beint athygli að því að sumir prestar njóta verulegra tekna af hlunnindum þeirra jarða sem þeir sitja, t.d. veiðirétti eða æðarvarpi; hafa jafnvel þegið milljónir í bætur vegna virkjanaf framkvæmda. Á sama tíma á þjóðkirkjan í verulegum fjárhagsvanda þrátt fyrir miklar eignir og sumar sóknir standa fjárhagslega mjög illa að vígi. Til að jafna aðstöðumun lagði biskup til ákveðna málamiðlun þar sem gert var ráð fyrir að prestar nytu áfram arðs af þeim hlunnindum sem krefðust vinnuframlags, svo sem æðarvarpi, svo og vegna veiðiréttar. Hins vegar væri ekki eðlilegt að prestar sætu að tekjum af landleigu eða t.d. bótum vegna framkvæmda. Þessu máli varð þó ekki lokið.

Hins vegar samþykkti kirkjuþing ályktun um að prestum væri ekki heimilt að neita samkynja þörum um hjónavígslu. Framvegis geti prestar ekki sýnað fólki um þjónustu vegna kynhneigðar.

Staða þjóðkirkju og annarra trúfélaga

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem greint var frá í Þjóðarpólsl Gallup í desember 2015 bera um 37% aðspurðra traust til þjóðkirkjunnar, 31% ber lítið traust til hennar og álfka margir taka ekki afstöðu. Þeim



Pingeyrakirkja.

sem bera traust til þjóðkirkjunnar virðist því hafa fækkað mikið það sem af er 21. öldinni; árið 1999 sagðist 61% bera fullkomið eða mikið traust til kirkjunnar. Fylgi við aðskilnað ríkis og kirkju hefur einnig aukist; árið 2015 var 71% aðspurðra hlynt honum en 63% um aldamótin síðustu.

Á undanförunum árum hefur talsvert borið á úrsögnum fólks úr þjóðkirkjunni. Hafa þær einkum verið skýrðar með tilvísan til óánægju með ýmsa íhaldssemi kirkjunnar, t.d. tregðu til að gifta samkynhneigða, gamalgróin viðhorf til kynhlutverka og jafnvel tilhneigingu til að horfa framhjá kynferðisofbeldi. Veruleg umræða hefur hins vegar átt sér stað um þessi málefni innan kirkjunnar sjálfrar og nútímaleg sjónarmið fengið þar æ sterkari hljómgrunn á síðustu árum. Tölur Hagstofunnar um félagafjölda trúfélaga gætu einnig bent til þess að á bak við þessa þróun séu fjölbreyttari ástæður. Í fremri dálki töflunnar hér fyrir neðan eru tölur frá síðustu áramótum en hinum aftari frá áramótunum á undan.

Félagafjöldi nokkurra trúar- og lífsskoðunarfélaga við áramót

	2015	2014
Þjóðkirkjan:	237.938	242.743
Kaþólska kirkjan:	12.414	11.911
Frikirkjusöfnuðurinn í Reykjavík:	9.532	9.556
Frikirkjan í Hafnarfirði:	6.479	6.416
Óháði söfnuðurinn:	3.303	3.348
Hvítasunnukirkjan:	2.084	2.108

Aðventistar:	702	721
Vottar Jehóva:	654	684
Krossinn:	542	575
Siðmennt:	1.456	1.020
Ásatrúarfélagið:	3.187	2.675
Skráðir múslímar skiptast á tvö félög:		
Félag múslima á Íslandi:	475	486
Menningarsetur múslima á Íslandi:	390	389
Utan trúar- og lífsskoðunarfélaga:	19.202	18.458

Nokkur atriði vekja athygli þegar þessar tölur eru skoðaðar. Í fyrsta lagi er greinilegt að fækkun meðlima er ekki bundin við þjóðkirkjuna eina, félögum ýmissa annarra kristinna safnaða hefur einnig fækkað nokkuð. Þessi þróun verður varla skýrð með þeirri gagnrýni einni sem beinst hefur að þjóðkirkjunni. Hér virðist vera um víðtækara fráhvarf frá hefðbundnum trúarhefðum að ræða.

Fjölgun kaþólikka má líklega skýra með vaxandi fjölda kaþólskra innflytjenda, einkum pólskra. Fríkirkjan í Hafnarfirði hefur hins vegar allsterka stöðu sem hlýtur að benda til þess að kirkjustarf standi þar almennt með miklum blóma.

Félögum í Siðmennt, félagsskap þeirra sem tengja sig við veraldleg lífsviðhorf fremur en trú, fjölgar verulega en þó er þetta ekki stór félagsskapur. Ásatrúarsöfnuðurinn er í margra augum ekki síður veraldarhyggjusöfnuður en trúfélag og þar fjölgar einnig talsvert. Grundvöllurinn sem þessar hreyfingar byggja á er fyrst og fremst menningarlegs og siðferðilegs eðlis. Þannig eru áhrif þeirra trúlega víðtækari en félagafjöldi gefur til kynna.

Þá er mjög athyglisvert að hvað sem líður umræðu undanfarinna ára verður ekki séð að trúræknnum múslímum hafi farið mjög fjölgandi hér.

Þeim sem standa utan trúar- og lífsskoðunarfélaga hefur hins vegar fjölgað nokkuð en þeir eru þó aðeins um 5,8% af heildarmannfjölda á landinu. Í fljótu bragði virðist það ekki hátt hlutfall. En fyrsta janúar árið 2000 voru íbúar landsins 279.049; þeir sem stóðu utan trúar- og lífsskoðunarfélaga voru þá 5.996, þ.e.a.s. 2,1%.

Að teknu tilliti til þessa alls er freistandi að álykta að úrsagnir úr trúfélögum stafi meðal annars af því að almennri veraldarhyggju sé að vaxa ásmegin hér á landi eins og reyndin hefur orðið í ýmsum nágretta löndum.

KJARAMÁL

Kjaradeilur urðu óvenju erfiðar og langvarandi á árinu og rak hver aðra. Í byrjun janúar stefndi í verkfall í kjaradeilu lækna og ríkisins sem staðið hafði frá hausti og voru samningafundir stífir. Jafnframt bárust fregnir af uppsögnum meðal sérfræðinga á Landspítala. Var loks skrifað undir samning Læknafélags og ríkisins 7. janúar. Fjöldi aðgerða hafði þá verið frestað og forstjóri Landspítalans sagði að kosta myndi 400 milljónir að vinna niður biðlista. Nóttina eftir var skrifað undir samning við Félag skurðlækna.

Samningarnir voru flóknir en ljóst þótti að þeir færðu læknum verulegar hækkanir; sagt var að kostnaðarhækkun ríkisins myndi verða um 30%. Lýsti Þorsteinn Víglundsson fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins því yfir að þessir samningar gætu ekki orðið fyrirmynd annarra.

Kjaradeila ríkis og BHM fór harðnandi er leið á veturinn og í mars samþykktu mörg aðildarfélög að boða til verkfalls. Verkfallsaðgerðir hófust 7. apríl, m.a. félaga sem náðu til um 500 starfsmanna á sjúkrahöfnum, svo sem ljósmæðra og lífeindafræðinga. Næstu daga bættust fleiri félög í hópinn. Ýmsar undanþágur voru veittar til að ekki skapaðist hætta fyrir sjúklinga en þegar löglærðir starfsmenn stjórnarráðs og sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu höfðu lagt niður störf urðu margir fyrir óþægindum. Verkföll dýralækna og náttúrufræðinga á Matvælastofnun settu brátt ýmsa starfsemi úr skorðum; m.a. stöðvaðist slátrun svína og alifugla. Í lok maí fóru hjúkrunarfræðingar einnig í verkfall. Verkfallið snerti m.a. á annað þúsund hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum en gert var ráð fyrir undanþágum til að tryggja öryggi sjúklinga þar. Samningar náðust ekki og endirinn varð sá að 11. júní ákvað ríkisstjórnin að stöðva verkföll BHM og hjúkrunarfræðinga með lagasetningu. Það varð tilefni mikillar óánægju og harðvítugra deilna á Alþingi; mótmælt var fyrir utan en lög in voru staðfest 13. júní. Talsvert var um uppsagnir meðal hjúkrunarfræðinga næstu daga. Hjúkrunarfræðingar undirrituðu að lokum kjarasamning við ríkið 23. júní. Hann kvað á um hækkun um 18,6% á fjórum árum. Í byrjun júlí var þó staðfest að 285 manns hefðu sagt upp störfum á Landspítala, aðallega hjúkrunarfræðingar.

Um þetta leyti voru fleiri hópar farnir að ókyrrast. Nokkuð brösulega gekk t.d. að fá framhaldsskólakennara til að samþykka nýtt vinnuáætlunarkerfi sem samningar kváðu á um að tekið skyldi í gagnið, tæknimenn hjá Ríkisútvarpinu samþykktu að fara í verkfall í apríl og þegar fréttist að stjórn HB Granda hefði ákveðið að hækka laun fyrir stjórnarsetu um 33% bætti það ekki andrúmsloftið. Verkalýðsfélög innan Flóabandalagsins voru og hvert af öðru farin að vísa kjaraviðræðum til sáttasemjara.

Samningar tókust loks 29. maí við Flóabandalag, VR, Landssamband íslenskra verslunarmanna og félög innan Starfsgreinasambandsins. Var

samið um 3,2%–7,2% upphafshækkun launa og miðað við 300 þús. kr. lágmarkslaun. Á móti komu loforð ríkisstjórnar um tekjuskattslækkun og að stefnt skyldi að byggingu yfir tvö þúsund félagslegra íbúða á næstu árum. Samningarnir náðu til um 65 þúsund manns.

Þegar haustaði hófst ný lota kjaradeilna. Höfðu SFR, Sjúkraliðafélag og Landssamband lögreglumanna samflot um samningagerð. Höfust verkföll 15. október en voru sumpart tímabundin og stóðu aðeins í tvo daga. Aftur var blásið til verkfalla í lok mánaðarins en samningar náðust 28. október. Skyldu þeir standa til fjögurra ára og fela í sér 30% hækkun á þeim tíma.

Þau eftirmál urðu m.a. í kjölfar verkfalla á Landspítala að þær ljós-mæður sem unnu skv. undanþágum á verkfallsdögum fengu í raun ekki full laun fyrir vinnu sína. Þær töpuðu máli gegn ríkinu fyrir félagsdómi varðandi þetta atriði. Sú niðurstaða sem af þessu leiðir er sú að félög með vaktavinnusamninga geta tæplega farið í verkföll af þessu tagi.

Um haustið áttu sér stað samningaviðræður á vegum ýmissa aðila vinnumarkaðarins sem miðuðu að því að tekin yrðu upp sambærileg vinnubrögð við kjarasamninga í framtíðinni og tíðkuðust í nágrenna-löndum. Þetta samstarf var kennt við SALEK, sem er skammstöfun fyrir „samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga“. – Ljóst var þó að ekki ríkti fullkomin eining innan launþegahreyfingar um þetta samstarf.

Í nóvember boðuðu prófessorar við ríkisháskóla verkfall á prófatíma, um miðjan desember. Olli það verulegum áhyggjum meðal stúdenta en samningar tókust áður en til þess kæmi.

Verkfalli í álverinu í Straumsvík var hins vegar aflýst 1. desember en lítið hafði þó þokast þar í samningamálum.

MANNALÁT

Nokkur þeirra er létust á árinu. Getið er starfs sem hinn látni er einkum þekktur fyrir.

2. janúar: Elín G. Ólafsdóttir kennari og borgarfulltrúi
f. 28. nóvember 1933.
28. janúar: Egill Ólafsson blaðamaður
f. 16. nóvember 1962.
2. febrúar: Önundur Ásgeirsson forstjóri
f. 14. ágúst 1920.
4. febrúar: Már Elísson fiskimálastjóri
f. 28. september 1928.

5. febrúar: Rannveig Tryggvadóttir þýðandi
f. 25. nóvember 1926.
8. febrúar: Kjartan Halldórsson, veitingamaður á Sægreifanum
f. 27. september 1939.
14. febrúar: Ásgeir Hannes Eiríksson alþingismaður
f. 19. maí 1947.
15. febrúar: Þorfinnur Guðnason kvikmyndagerðarmaður
f. 4. mars 1959.
16. febrúar: Einar Öder Magnússon reiðkennari og hrossaræktandi
f. 17. febrúar 1962.
17. febrúar: Magnea Magnúsdóttir frá Kleifum rithöfundur
f. 18. apríl 1930.
25. febrúar: Lýður Björnsson sagnfræðingur
f. 6. júlí 1933.
1. mars: Árni Arinbjarnarson tónlistarmaður
f. 8. september 1934.
10. mars: Bjarnfríður Leósdóttir verkalýðsleiðtogi og þingmaður
f. 6. ágúst 1924.
12. mars: Konráð Guðmundsson hóteltjóri
f. 28. apríl 1930.
15. apríl: Egill Bjarnason ráðunautur
f. 9. nóvember 1927.
21. apríl: Hallgrímur Þ. Magnússon læknir
f. 29. september 1949.
22. apríl: Páll Skúlason prófessor og rektor Háskóla Íslands
f. 4. júní 1945.
28. apríl: Einar Þorsteinn Ásgeirsson arkitekt
f. 17. júní 1942.
13. maí: Hörður Zóphaníasson skólastjóri
f. 25. apríl 1931.
13. maí: Indriði Pálsson forstjóri
f. 15. desember 1927.
18. maí: Halldór Ásgrímsson alþingismaður og ráðherra
f. 8. september 1947.
23. maí: Skúli Alexandersson alþingismaður
f. 9. september 1926.
11. júní: Halldór Halldórsson blaðamaður
f. 1. júlí 1949.

26. júní: Pétur Blöndal alþingismaður
f. 24. júní 1944.
30. júní: Ólafur Hannibalsson blaðamaður
f. 6. nóvember 1935.
11. júlí: Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri Fjarðabyggðar
f. 17. júlí 1949.
15. júlí: Ragnar Sigbjörnsson prófessor
f. 7. maí 1944.
31. júlí: Hrafn Tulinius krabbameinslæknir og prófessor
f. 20. apríl 1931.
2. ágúst: Guðmunda Elíasdóttir söngkona
f. 23. janúar 1920.
7. ágúst: Sólveig Anspach kvikmyndaleikstjóri
f. 8. september 1960.
8. ágúst: Helgi H. Jónsson varafréttastjóri Ríkisútvarps
f. 14. maí 1943.
14. ágúst: Sturla Friðriksson erfðafræðingur
f. 27. febrúar 1922.
16. ágúst: Jón Páll Bjarnason gítarleikari
f. 6. febrúar 1938.
22. ágúst: Sæmundur Óskarsson rafmagnsverkfræðingur
f. 25. janúar 1930.
7. september: Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur
f. 4. október 1922.
15. september: Hörður Pálsson bakameistari á Akranesi
f. 27. mars 1933.
17. september: Jóna Gróa Sigurðardóttir borgarfulltrúi
f. 18. mars 1935.
27. september: Helgi Björnsson bóndi og fræðimaður á Kvískerjum
f. 2. febrúar 1925.
1. október: Kristján Benediktsson borgarfulltrúi
f. 12. janúar 1923.
5. október: Erla Stefánsdóttir píanókennari og sjáandi
f. 6. september 1935.
14. október: Pétur K. Maack flugmálastjóri
f. 1. janúar 1946.
20. október: Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari
f. 9. júní 1930.

23. október: Guðbjartur Hannesson alþingismaður
f. 3. júní 1950.
31. október: Kristinn Björnsson forstjóri
f. 17. apríl 1950.
1. nóvember: Árni Steinar Jóhannsson alþingismaður
f. 12. júní 1953.
29. nóvember: Lárus Jónsson alþingismaður
f. 17. nóvember 1933.
24. desember: Sölvína Konráðs sálfræðingur
f. 25. desember 1948.
28. desember: Haraldur Haraldsson framkvæmdastjóri Andra hf.
f. 13. nóvember 1944.
28. desember: Málmfriður Sigurðardóttir alþingismaður
f. 30. mars 1927.
28. desember: Kristján Jónsson/Stjáni meik, bílaviðgerðamaður
f. 26. febrúar 1942.

NÁTTÚRA ÍSLANDS

Holuhraun

Eldgosinu sem hófst eftir snarpa jarðskjálftahrinu 31. ágúst 2014 lauk ekki fyrr en komið var fram í lok febrúar árið eftir. Hið nýja hraun þakti þá um 85 km² og gasmengun var þar enn talsvert mikil. Ekki bar fólki saman um hvaða nafn færi best á hinu nýja hrauni, sumir vildu nefna það Flæðahraun þar sem það lagðist að nokkru yfir Flæðarnar svonefndu, þar sem upptakakvíslar Jökulsár renna fram norðan Vatnajökuls. En gamla



Holuhraun og hinn nýi baðstaður.

hraunið sem var fyrir á þessum slóðum var nefnt Holuhraun og það nafn festist einnig við hið nýja hraun.

Þegar frá leið og mannaferðir fóru vaxandi á þessum slóðum varð ljóst að ein af kvíslum Jökulsár rann til norðurs meðfram hrauninu austanverðu og hitnaði verulega. Við heitan hraunjaðarinn myndaðist því vinsæll baðstaður þar sem fólk gat svamlað í allt að 40 stiga heitu vatni. Ekki var þó beinlínis greiðfært að honum og hæpið að hann myndi nýtast lengi þar sem hraunið kólnar fljótlega.

Lífríkið

Vorið var heldur hart og sumarið þótti votviðrasamt. Kríuvarp gekk og heldur illa víða norðanlands; fyrsta varpið misfórst víða vegna kulda. Kríuvarp hefur hins vegar aukist mjög í Vatnsmýrinni í Reykjavík og fer öndum þar fjölgandi samhliða kríunni. Geitungar voru hins vegar illa settir eftir hart vor og náðu sér lítt á strik um sumarið.

Hrun hefur orðið í mýflugnastofni við Mývatn og flestir andarungar drápuast vegna fæðuskorts. Mikill þörungavöxtur var enn í vatninu, vafalítið af völdum mengunar. Margir óttast líka áhrif vaxandi mengunar á Þingvallavatn, m.a. iðnaðarmengunar frá Evrópu.

Birkiskógar vaxa nú ört á Íslandi. Birkið er nú orðið ein ágengasta planta landsins, þekur nú 1.506 km², allt frá kjarri upp í tré yfir 5 m há. Þetta má m.a. sjá á Skeiðarársandi þar sem birkið hefur breiðst mjög út. Skógarkerfill er einnig í mikilli sókn en er ekki fagnað á sama hátt og birkinu. Hann er hávaxin planta og eirir engum lágvaxnari gróðri þar sem hann breiðir úr sér. Rannsóknir hafa ekki enn leitt í ljós hvernig vinna mætti gegn honum eða nýta hann til einhvers.

Hvalaskoðun stóð með miklum blóma á árinu, ekki síst norðanlands. Hnúfubakar hafa verið þar tíðir gestir og um sumarið sást hópur af andarnefjum inni á Eyjafirði. Óvenjulegt er að þær fari inn á grunnslóðir. Á Faxaflóa rekast hagsmunir hvalaskoðunarfyriretækja hins vegar á starfsemi hrefnuveiðimanna. Þá sýna niðurstöður hvalatalningar að hrefnu fer nú fækkandi á grunnslóðum við Ísland en orsakir þess eru ekki fullljósar; trúlegast þykir að það tengist breyttum skilyrðum vegna hlýnunar sjávar.

Lúsmý gerði fólki lífið leitt í Hvalfirði í lok júní. Þessar smáu flugur eru víða algengar en hafa ekki verið áberandi hér á landi fyrr. Þá hefur grjótkrabba fjölgað ört við suðvesturhornið, hefur borist með kjölfestuvatni skipa frá Ameríku. Hann er raunar nýtanlegur til matar.

Rannsóknarleiðangur í Surtsey leiddi m.a. í ljós að jarðhiti hefur aukist nokkuð og þá fannst þar ædarkolla með unga. Er það í fyrsta sinn sem vitað er til að æðarfugl hafi verpt þar.

Talning á rjúpu gaf til kynna að fjölgun hefði orðið um 8% frá árinu 2014.



Smyrill.

Starfshópur sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði um hreindýrabúskap 2014 skilaði skýrslu í júní 2015. Komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að mæla ekki með því að heimila hreindýrarækt á landinu. Slíku gæti fylgt ýmisleg smithætta en auk þess myndi hreindýraeldi kalla á miklar girðingar og hafa mikil áhrif á landnýtingu og aðgang almennings að landinu.

Skaftárhlaup

Hinn 29. september urðu menn varir við að íshellan yfir hinum eystri Skaftárkatli í Vatnajökli hafði sigið og ljóst var að hlaup var í aðsigi. Braust flóðbylgjan fram undan jöklinum 1. október. Flóðið óx ört næstu daga og varð áður en yfir lauk hið mesta sem elstu menn mundu eftir. Skemmdir urðu talsverðar, bæði á landi og mannvirkjum; árbakkar rofnuðu, aur flæddi um beitar- og ræktarland og veiðilækir breyttust í jökulár. Þá gróf mjög undan öðrum stöpli brúar yfir Eldvatn við Ása svo að nú er



Brúin á Eldvatni við Ása er Skaftárhlaupið nálgaðist hámark.

hún ekki talin þola nema léttu umferð. Flæddi mikið vatn um Eldhraunið sjálft og munaði litlu að það færi yfir hringveginn.

Mikill sandur og aur barst með Skaftárhlaupinu út í Eldhraunið og víðar. Óttast menn að svo fari að hraunið fyllist svo mjög af framburði að það hætti að geta tekið við flóðvatni í framtíðinni. Miklar gróður-skemmdir urðu í hlaupinu á ræktarlöndum bænda og Eldhrauninu en þar er stærsta gamburmosabreiða í heiminum. Í kjölfar hlaupsins stórkjóst síðan fok. Benti landgræðslustjóri á að bændur þyrftu nú verulega aðstoð hins opinbera til að bæta úr skemmdum og rækta upp. Þá óttast menn að Skaftárhlaup gætu farið vaxandi á næstu árum.

Afkoma jökla

Snjóá leysti seint af hálandinu vorið 2015 og fjallvegir voru lengi erfiðir enda var sumarið fremur kalt framan af. Haustrannsóknir á afkomu jökla leiddu m.a. í ljós að sumarleysing 2015 hafði verið innan við helmingur á við það sem einkenndi tímabilið 1995–2014 en afkoma þeirra ræðst af þessu tvennu, snjókomu vetrarins og sumarhita. Frá 1995 hefur Hofsjökull rýrnað um nálægt 25 km³. Nú brá svo við að afkoma hans var jákvæð um tæplega metra en það er í fyrsta sinn síðan 1993. Þó að þetta séu góðar fréttir fyrir íslenskan vatnabúskap verða tæplega dregnar miklar ályktanir af þessu um þróun hitastigs í heiminum því árið 2015 var víðast hvar hið hlýjasta sem mælst hefur. Þá er ljóst að bráðnun Grænlandsjökuls er miklu ákafari en bráðnun jökla á Íslandi.

Jarðskjálftar

Skjálftavirkni gætti víða um allt land, einkum á jarðhitasvæðum eða við eldstöðvar, svo og á þekktum sprungusvæðum, svo sem á Suðurlandi og úti fyrir Norðurlandi. Smáskjálftar voru mjög tíðir á Reykjanesskaga og í nágrenni hans; í lok júní varð t.d. skjálfti sem náði 4 að styrkleika og átti upptök við Kleifarvatn. Hans varð m.a. vart í Reykjavík. Margir smáskjálftar urðu á Hellisheiði og Hengilssvæði; í Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli, við Grímsvötn og Bárðarbungu. Þá skalf jörð víða á Norðausturlandi, á Kröflusvæðinu, við Reykjahlíð á Skjálfandaflóa. En þessi mikla tíðni skráðra jarðskjálfta skýrist auðvitað að nokkru leyti af því hve fullkomid eftirlitskerfi Veðurstofunnar er orðið.

Náttúruverndarumræða

Nokkuð snörp umræða tók sig upp snemma árs um virkjanamál er Jón Gunnarsson formaður atvinnuveganefndar lagði til að fjórir virkjanakostir yrðu færðir úr biðflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, auk Hagavatnsvirkjunar. Voru skoðanir skiptar um það að leggja þetta fyrir með þessum hætti. Umræðan um virkjanir í neðri hluta Þjórsár hefur sem kunnugt er staðið allengi en hugmyndin um virkjun Hagavatns er af öðrum toga.

Hagavatn liggur að suðvesturenda Langjökuls og rennur útfall úr því niður í Sandvatn og þaðan í Hvítá. Hagavatn er raunar hálfgerð rangnefni því að umhverfi vatnsins er gróðursnautt og sveiflur í yfirborðshæð þess hafa löngum valdið miklu sand- og leirfoki sem nær niður í byggð. Farvegur útfallsins er brattur og þröngur næst vatninu og mætti þar gera stíflu sem héldi yfirborðshæð vatnsins stöðugri og virkja síðan rennslið. Hagavatnsvirkjun gæti þannig stöðvað sandfok að mati þeirra sem vilja virkja þarna.

En þessu eru ekki allir sammála og telja að frekari rannsóknir skorti. Jökullinn hopar hratt og Hagavatn er eins og hvert annað jökullón sem í berst mikill aur. Ólafur Arnalds og fleiri hafa bent á að óvíst sé hvort stífla myndi koma í veg fyrir sandfok, auk þess sem hinn gamli botn vatnsins sé að gróa upp. Þá taldi Ómar Ragnarsson að til lítils væri að hækka yfirborð Hagavatns, það myndi fyllast hratt. Virkjunin myndi fljótt verða aflaus á veturna nema farið yrði í miðlunarframkvæmdir.

Orkustofnun hefur ekki tekið illa í hugmyndina um Hagavatnsvirkjun en Náttúrufræðistofnun vill frekari rannsóknir. Sveinn Runólfsson baðst hins vegar undan því að Landgræðslan yrði tekin til vitnis um ágæti virkjunar þó að á hennar vegum hafi menn einnig velt fyrir sér þessum möguleika.

Á árinu 2015 var vaxandi umræða um verndun miðhálandisins og þá hugmynd að líta yrði á ósnortna náttúru hálandisins sem auðlind. Í mars

var m.a. greint frá niðurstöðum skoðanakönnunar sem gáfu til kynna að um 61% landsmanna væri hlynnt því að stofna þjóðgarð á miðhálandinu. Var athyglisvert að þessi afstaða var ekki rígbundin stjórnmálaafstöðu; um helmingur þeirra sem studdu ríkisstjórnina var hlynntur hugmyndinni. Vafalítið tengjast hér að einhverju leyti sjónarmið og hagsmunir ferðaþjónustunnar og almenn viðhorf náttúruverndarsinna.

Þegar David Cameron kom í heimsókn í lok október var tekin til umræðu spurningin um sæstreng frá Íslandi til Bretlands. Bretar sjá fram á hækkandi orkuverð og Landsvirkjun hefur sýnt mikinn áhuga á því að hefja sölu á rafmagni til útlanda. Þeir Cameron og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson komu sér saman um að skipa vinnuhóp til að kanna möguleikana nánar. Þessum fregnum var tekið með nokkuð blendnum huga hér á landi en slegið upp sem stórtíðindum í Bretlandi.

Um viku síðar héldu Andri Snær Magnason og Björk Guðmundsdóttir blaðamannafund þar sem þau voruðu við þessum hugmyndum; líktu þeim raunar við tröllasögur. Biðlaði Björk m.a. til umheimsins um að hjálpa til við að halda aftur af framkvæmdagleði íslenskra stjórnvalda.

Ný náttúruverndarlög voru loks samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi 12. nóvember. Þau eru byggð á lögnum frá 2013 sem aldrei hlutu staðfestingu ráðherra. Stjórnmálamenn fögnuðu nú víðtækri samstöðu en fljótlega komu fram gagnrýnisraddir meðal áhugamanna um ferðamál. Nýju lögini veita sem sé landeigendum rétt til að banna umferð um óræktað land án þess að þurfi að styðja það einhverjum rökum. Bentu menn á að í þúsund ár hafi réttur almenningis til frjálsrar umferðar um landið verið varinn í lögum en nú væri sú hefð brotin. Raunar er gert ráð fyrir að lögini verði endurskoðuð fljótlega en umhverfisráðherra sagði þessa reglu setta vegna hinnar fordæmalausu fjölgunar ferðamanna.

RAFORKUMÁL

Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á árinu og skuldir fóru enn lækkandi þó að rekstrartekjur lækkuðu um sem svaraði 17 milljónum dollara. Þar munar mest um lækkandi verð á áli. Undanfarin ár hefur verið leitast við að draga úr tengingu raforkuverðs við álverð en um þriðjungur af rekstrartekjum Landsvirkjunar er enn tengdur álverði.

Raforkusala Landsvirkjunar var sú mesta frá upphafi, nam 13,9 TWst. Vatnsaflsvirkjanir framleiða um 96% þeirrar raforku og nú er hafinn undirbúningur að stækkun Búrfellsvirkjunar um 100 MW. Jarðgufuvirkjanir í Kröflu og Bjarnarflagi leggja til það sem á vantar, að viðbættum vindmyllunum tveim norðan við Búrfell en rekstur þeirra hefur gengið mjög vel. Unnið er að því að auka niðurdælingu jarðhitavats við jarðhitavirkjanirnar.



Vindmyllur norðan byggðar í Pykkvabæ.

Vatnsbúskapur varð bærilegur þegar upp var staðið þó að vorið hafi verið kalt því haustið var hlýtt.

Holuhraunsgosið minnti á nauðsyn þess að gera ráð fyrir frekari jarðskjálftum og eldsumbrotum. Var farið yfir viðbragðsáætlanir vegna hugsanlegra afleiðinga goss í Vatnajökli og flóðs á Þjórsársvæðinu. Voru viðbrögð æfð í samstarfi við Landsnet og fleiri aðila.

Hugmyndin um lagningu sæstrengs til sölu á raforku var talsvert til umræðu á árinu sem fyrr sagði. Landsvirkjun hefur verið hlynnt verkefninu og talið það góðan kost til framtíðar en ljóst er að það er háð því að Bretar styrki framkvæmdina verulega. Helsti gallinn er sá að raforkuverð til innanlandsnotenda myndi óhjákvæmilega hækka. Undirtektir hafa líka verið heldur dræmar og í júní var greint frá niðurstöðum skoðanakönnunar sem Gallup framkvæmdi fyrir áhugamannafélag sem kallar sig „Auðlindir okkar“ um viðhorf almennings til málsins. Kom í ljós að 67% svarenda voru andvíg. Eftir fund breskra og íslenskra ráðherra um haustið var skipuð sérstök verkefnisstjórn til að kanna málið og setja saman skýrslu um kosti og galla.

Dreifikerfi raforku um landið er flókið og viðamikið, víða komið nokkuð á aldur og sívaxandi álag kallar á stöðugar endurbætur og uppbyggingu. Illviðri sem gekk yfir landið um miðjan mars olli því t.a.m. að á annan tug staurastæða brotnaði í byggðalínu í Borgarfirði við Ísafjörð. Þá brast á mikið óveður 7. desember sem olli tjóni og rafmagnsleysi víða um land sem var metið á um 120 milljónir.

Fyrir á árum voru rafmagnstruflanir nánast árvisstar í dreifikerfi í sveitum vegna ísingar sem sleit niður línur en þær hafa nú víða verið lagðar í jörð. Kostnaður við jarðstrengi fyrir háspennulagnir hefur hins vegar valdið því að Landsnet hefur fremur lagt áherslu á loftlínur. Undanfarin

ár hafa þær kröfur samt orðið sífellt háværari að leggja háspennulínur í jörð, bæði vegna landsnytja, umferðar og sjónmengunar. Margir urðu og til að mótmæla hugmyndum um byggingu háspennumastra yfir Sprengisand. Þá hefur þessi ágreiningur orðið tilefni langvinnrar deilu milli Landsnets og landeigenda á Suðurnesjum, sem ekki sá fyrir endann á í lok ársins. Það er hins vegar orðið aðkallandi, m.a. vegna iðnaðar í Helguvík, að hraða uppbyggingu nýrrar Suðurnesjalínu.

Sem fyrr sagði hefur rekstur vindmylla Landsvirkjunar gengið vel. Niðurstöður rannsókna hafa þótt benda til þess að Suðurland myndi henta best til slíks rekstrar og hefur Landsvirkjun á þróunum að auka við raforkuframleiðslu með þessum hætti. Í september 2014 hóf fyrirtækið Biokraft rekstur á tveimur vindmyllum í Þykkvabæ. Þær eru nokkru minni en myllurnar sem Landsvirkjun rekur en rekstur þeirra mun hafa gengið áfallalaust. Hugmyndum eigenda um fjölgun þeirra var þó ekki fagnað af öllum heimamönnum og í október var greint frá því að 50 íbúar í Þykkvabæ hefðu mótmælt frekari fjölgun vindmylla.

Þá var greint frá því í apríl 2015 að þýskt orkufyrirtæki, EAB New Energy, ætti í samningum við Rangárþing ytra um vindmyllurekstur á Suðurlandi.

SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL

Ferðamenn

Samkvæmt niðurstöðum Ferðamálastofu fór heildarfjöldi ferðamanna sem komu til Íslands í fyrsta sinn yfir milljón árið 2015. Þeir eru taldir hafa verið 1.289.140 en árið áður er talið að þeir hafi verið 997.556. Nokkur óvissa um fjölda farþega af skemmtiferðaskipum sem hér stíga á land getur valdið erfiðleikum við að taka saman nákvæmar tölur.

Ferðamálastofa heldur utan um fjölda erlendra ferðamanna sem fara um Leifsstöð og telur að þær nái yfir um 97% erlendra ferðamanna sem til landsins koma. Þeir voru alls 1.261.938 árið 2015. Nokkur lönd hafa færst til á lista yfir tíu fjölmennustu þjóðahópana frá því í fyrra. Þannig hafa Bandaríkin færst upp fyrir Bretland, í efsta sæti, og Kanada upp fyrir Svíþjóð. Fjöldi á fyrra ári er sýndur í svigum.

Brottfarir um Leifsstöð 2015

Bandaríkin	242.805	(152.104)
Bretland	241.024	(180.503)
Þýskaland	103.384	(85.915)
Frakkland	65.822	(58.293)
Noregur	51.402	(53.647)
Danmörk	49.225	(48.237)



Skemmtiferðaskip heldur úr höfn á Akureyri; lóðsbáturinn á undan.

Kanada	46.654	(38.790)
Svíþjóð	43.096	(40.992)
Holland	29.935	(26.222)
Spánn	27.166	(20.932)

Faxaflóahafnir telja að alls hafi 100.141 ferðalangur komið með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur árið 2015. Þar af hafi Þjóðverjar verið langflestir eða rúmur þriðjungur, 33.968 alls. Þetta fólk hefur hins vegar stutta viðdvöl en sum skipin koma á fleiri hafnir hér á landi, t.d. Akureyri.

Gistingar

Gistinætur íslenskra og erlendra ferðalanga á öllum tegundum gististaða voru alls 6.536.352 en voru um 5,5 milljónir árið á undan. Af heildarfjölda gistinátta 2015 var hlutur erlendra ferðamanna 86%.

Um helmingur allra gistinátta kemur í hlut höfuðborgarsvæðis eins og hér sést en í aftari dálki er sýndur hundraðshluti viðkomandi svæðis.

Höfuðborgarsvæðið	2.841.856	43,5%
Suðurnes	305.884	4,7%
Vesturland	438.365	6,7%
Vestfirðir	223.646	3,4%
Norðurland vestra	185.179	2,8%
Norðurland eystra	741.082	11%
Austurland	581.404	8,9%
Suðurland	1.218.936	19%

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 25% frá fyrra ári. Um 40% alls gistirýmis á hótélum og gistiheimilum er á höfuðborgarsvæðinu. Víða um land hefur þó verið fjárfest í gistirými undanfarin ár og í heild jókst framboð á herbergjum og gistirúmum um 11,5% á milli ára.

Athyglisvert er að val íslenskra ferðalanga og erlendra á gistingu er talsvert ólíkt og kemur þar glöggt fram hve aðstæður þessara hópa til að velja eru ólíkar:

<i>Ferðalangar:</i>	<i>íslenskir</i>	<i>erlendir</i>
Hótel og gistiheimili:	53%	65%
Tjaldsvæði:	30%	10%
Önnur gisting:	17%	25%

Flestir erlendir ferðalangar bóka gistingu á hefðbundnum gististöðum á meðan heimamenn geta valið um það sem þeim hentar best, nota mikið ferðavagna af ýmsu tagi og taka sér náttstaði á tjaldstæðum.

Vaxandi vetrarferðamennska

Fjölmenni sækir núorðið vinsæla ferðamannastaði jafnt að sumri sem vetri og virða ekki allir umgengnisreglur eða aðvaranir. Hálkuslys eru nokkuð algeng og margir hafa t.a.m. áhyggjur af að alvarleg slys séu yfirvofandi við Gullfoss. Þar hefur fólk jafnvel sést ganga fram á snjöhengjur til að líta ofan í gljúfrið og taka myndir.

Íslensk veðráttu kemur mörgum ferðalöngum í opna skjöldu svo aðvaranir koma oft að litlu haldi. Björgunarsveitir hafa að verulegu leyti borið þungann af þeim vandræðum sem fylgja vaxandi vetrarferðalögum. Í byrjun mars lentu erlendir skíðagöngumenn í hremmingum á Vatnajökli. Skömmu áður höfðu björgunarsveitarmenn farið til þeirra, sótt veikan féлага þeirra og varað þá sérstaklega við versnandi veðurútliti. Þeir tveir sem eftir urðu harðneituðu að koma með til byggða en 6. mars óskuðu þeir eftir aðstoð. Þá var skolið á stórviðri og tjaldið fokið. Þeir voru sóttir á jökulinn á snjóbilum og jeppum en greiddu þó fyrir björgunina; það er annars óvenjulegt.

Samgöngukerfið

Undanfarin ár hefur umferðarþungi á íslenskum vegum aukist jafnt og þétt og árið 2015 var hann meiri en nokkru sinni; vegakerfið er hins vegar ekki sérlega vel búið undir þennan fjölda. Sérstaklega hafa menn þó áhyggjur af vaxandi fjölda erlendra ferðalanga sem heimsækja vinsæla áfangastaði á bílaleigubílum en eru flestir óvanir hlykkjóttum og mjóum malarvegum, að ógleymdri íslenskri veðráttu. Í lok maí tilkynnti ríkisstjórnin að ákveðið hefði verið að verja 1,8 milljarði til brýnna vega-

framkvæmda til viðbótar við það sem gert var ráð fyrir í fyrri áætlunum. Var gert ráð fyrir að þetta fé færi til framkvæmda á fjölförnum ferðamannaslóðum við Dettifossveg, Kjósarskarðsveg og Kaldadalveg frá Þingvöllum að Uxahryggjum og Uxahryggjaveg niður í Lundarreykjadal.

Landeyjahöfn var erfið eins og undanfarin ár og ekkert siglt þangað yfir vetrarmánuði en Herjólfur siglir til Þorlákshafnar þegar ekki gefur til landtöku við Landeyjasand. Sandburður hafði verið mikill inn í höfnina en dýpkunarskip Björgunar hófu störf þar í apríl. Ekki var hægt að byrja að sigla Herjólfni þangað fyrir en í maí en því var hætt aftur í lok nóvember og ekkert siglt þangað það sem eftir var árs. Í desember var greint frá því að ný Vestmannaeyjaferja hefði verið hönnuð og prófanir stæðu yfir. Gert er ráð fyrir að hún verði nokkru minni en Herjólfur en muni henta aðstæðum mun betur.

Vegagerð um Vestfirði er langtímaverkefni. Nýr áfangi á Vestfjarðavegi var formlega opnaður með viðhöfn 11. september. Þar var alls um að ræða 16 km leið frá Eiði í Mjóafirði að Þverá í Kjálkafirði en framkvæmdir höfðu dregist á langinn, m.a. vegna deilna um vegarstæði. Mjóifjörður og Kjálkafjörður voru nú þveraðir með brúm sem leysa af hólmi 24 km langa leið fyrir fjarðarbotna.

Enn eru óútkljáðar deilur um vegagerð gegnum Teigsskóg við utanverðan Þorskafjörð. Vegagerðin lagði fram tillögur að nýrri verktilhögun sem myndi hafa minni umhverfisáhrif, veglína yrði færð til, lægi ekki lengur gegnum skóginn endilangan, og horfið yrði frá fyrirætlunum um efnistöku í Teigsskógi. Féllst Skipulagsstofnun á að þessi áætlun yrði tekin til umhverfismats.

Síðla árs færði Minjastofnun Vegagerðinni sérstaka viðurkenningu „fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar“. Var viðurkenningin veitt fyrir að skrá og varðveita minjar, t.d. með viðhaldi og viðgerðum á sögulegum, gömlum brúarmannvirkjum.

Gangagerð

Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng gengu hægt. Í febrúar var tilkynnt að gangagröfturinn væri hálfnaður en skv. fyrstu áætlun hefðu menn átt að vera komnir í gegn í september 2015. Ljóst er nú að verkið er a.m.k. komið ár fram úr áætlun og kostnaður hefur aukist gífurlega. Hefur mikið verið rætt um það að undirbúningsrannsóknnum hafi verið áfátt og ýmsar ásakanir komið fram um að kjördæmahagsmunir hafi ráðið ákvörðunum stjórnmalamanna þegar ráðist var í verkið.

Framkvæmdir við Norðfjarðargöng hafa hins vegar gengið vel. Um miðjan september sprengdu menn gat á síðasta haftið í göngunum en 25. sama mánaðar sprengdi svo ráðherra það sem eftir var af síðasta haftinu. Framundan var þá vinna við styrkingar og frágang og voru menn bjart-

sýnir á að hægt myndi verða að taka göngin fyrr í gagnið en áætlað hafði verið. Loks er þess að geta að unnið var að undirbúningi jarðganga undir Húsavíkurhöfða sem á að tengja fyrirhugað iðnaðarsvæði við Bakka við Húsavíkurhöfn.

SLYS

Flugslys

Lítill flugvél brotlenti í sjó í grennd við flugvöllinn í Mosfellsbæ 11. maí. Einn var í vélinni og komst hann af sjálfsdáðum í land. Vélin var hins vegar gjörónýt.

Hinn 10. ágúst týndist flugvél með tveimur mönnum á suðurleið frá Akureyri. Fjöldmenn leit hófst þegar í stað en vísbendingar um ferðir vélarinnar urðu til þess að hún fannst tiltölulega fljótt. Hafði hún brotlent á Barkárdal, einum afdala Hörgárdals. Argrímur Jóhannsson flugstjóri var í vélinni og komst hann lífs af en kanadískur ferðafélagi hans lést. Lágskýjað var er þetta gerðist og skyggni lítið til fjalla. Vélin var af gerðinni De Havilland og gat bæði lent á landi og sjó.

Annað slys varð á Reykjanesskaga 12. nóvember er flugvél brotlenti í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Þar fórust tveir reyndir kennarar Flugskóla Íslands. Vélin var ein af fimm glænýjum kennsluvélum skólans en um orsakir slyssins voru engar augljósar vísbendingar.

Sjóslys

Dragnótabáturinn Jón Hákon BA 60 sökk út af Aðalvík utarlega í Ísa-fjarðardjúpi að morgni 12. maí. Þrír menn komust á kjöl en sá fjórði, Magnús Kristján Björnsson, fórst. Atvik urðu með þeim hætti að verið var að draga inn veiðarfæri þegar báturinn valt og komst einn skipverja, Þröstur Leó Gunnarsson leikari, einn á kjöl fyrir snarræði og heppni. Gat hann bjargað tveimur félögum sínum upp en hinn fjórði drukknaði. Sjálfvirkur sleppibúnaður björgunarbáta virkaði ekki. Veður var stillt en mennirnir á kili bátsins urðu að bíða nálægt klukkustund áður en skipverjar á strandveiðibátnum Mardísi komu þeim til bjargar.

Engar augljósar skýringar liggja fyrir á því hvað olli því að báturinn valt og því síður hvers vegna björgunarbúnaður virkaði ekki. Komu því fljótlega upp umræður um nauðsyn þess að rannsaka flakið.

Lítill plastbátur, Herkúles SH 147, sökk skammt fyrir utan Hellissand 19. maí. Einn maður var á bátnum, Þórður Almar Björnsson, og bjargaðist hann naumlega um borð í Ólaf Bjarnason SH 137. Margt var ein-kennilegt við þetta slys því að Herkúles var nýlegur, björgunarbáturinn

opnaðist ekki og Þórður komst ekki í flotbúninginn. Lenti hann í sjónum og mátti varla tæpara standa með björgun.

Í apríl varð alvarleg vinnuslys um borð í sanddæluskipinu Perlu við Landeyjahöfn er maður féll ofan í lest. Var orsök slyssins rakin til slæmrar vinnuáðstöðu og búnaðar. Þetta var þó ekki eina óhapp skipsins því Perl-an sökk í Reykjavíkurrhöfn skömmu eftir að hún var sjósett að morgni 2. nóvember. Svo virtist sem botnlökar skipsins hefðu verið opnir því það fylltist af sjó á skömmum tíma og sökk við Ægisgarð. Engin slys urðu á mönnum við þetta. Næstu daga var unnið að því að fleyta því aftur en það gekk ekki eins greiðlega og menn vonuðust eftir. Hálfum mánuði síðar, 16. nóvember, náðist skipið loks á flot. Ekki hlaust alvarleg mengun af þessu en skipið var hins vegar talið ónýtt eftir. Engar skýringar komu þó fram um það hvers vegna skipið sökk.

Eldur kom upp í litlum báti frá Vestmannaeyjum, Brandi, sex eða sjö mílur austan við Eyjar 25. nóvember. Einn maður var á og var honum bjargað um borð í Frá VE en veður var gott.

Umferðarslys

Umferðarþungi á íslenskum vegum hefur farið ört vaxandi undanfarin ár en fjölgun slysa hefur sem betur fer ekki fylgt alveg þeim vexti. Þó létust 16 í umferðinni árið 2015 en voru aðeins fjórir árið á undan, sem var reyndar óvenjulítið. Af þessum 16 voru sjö erlendir, þar af fimm ferðamenn. Karlar voru tólf en konur fjórar. Það sem er óvenjulegt er að þessi tvö ár, 2014 og 2015, fórst enginn í umferðinni vegna ölvunar eða vímunaneyslu.

Alvarleg slys á fólki voru 155 en minniháttar meiðsli 741. Hættulegustu vegarkaðflarnir með tilliti til fjölda óhappa voru þeir sem liggja að Hvalfjarðargöngum, einkum norðanmegin. Hættulegustu akstursskilyrðin eru jafnan háлка en algengustu óhöppin voru útafakstur af beinum vegi. Flest slys urðu síðdegis og sá aldursflokkur sem flestum óhöppum olli eða lenti í óhöppum var 17–26 ára.

Vaxandi umferðarþungi, samfara erfiðum skilyrðum, orsakar stundum óhöpp af því tagi sem ekki voru algeng hér fyrr á árum. Tólf bílar lentu í árekstri á Holtavörðuheidi, skammt frá Miklagili, sunnudaginn 12. apríl. Löng bílaröð lenti þar í skafrenningskófi en stutt bil var á milli bílanna. Varð í fyrstu minniháttar árekstur en aðvífandi vöruflutningabíll ók á bíla sem stöðvast höfðu og runnu inn í þvöguna. Ekki urðu þó mjög alvarleg slys á fólki. Og 13. nóvember varð síðan aftur margfaldur árekstur á Gullinbrú í Reykjavík. Þar urðu aftur skemmdir á tólf bílum en þar var orsökinn rakin til erfiðra birtuskilyrða í vetrarsólinni.

STJÓRNMÁL

Á árinu 2015 var þess minnst að hundrað ár voru liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Af því tilefni var 19. júní afhjúpuð höggmynd af fyrstu konunni sem settist á þing, Ingibjörgu H. Bjarnason. Höggmyndin er gerð af Ragnhildi Stefánsdóttur og stendur norðan við Alþingishúsið. Ingibjörg sat á þingi 1922–1930, fyrst fyrir Kvennalistann svonefnda en gekk síðan til liðs við Íhaldsflokkinn er rann saman við Sjálfstæðisflokkinn við stofnun hans. – Raunar er rétt að taka fram að rýmkun kosningaréttar 1915 náði í fyrstu aðeins til kvenna sem voru 40 ára og eldri og sömuleiðis einnig til vinnumanna á sama aldri. En þessi aldurstakmörk voru þó fljótlega lækkuð.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra bar fram tillögu um að byggt yrði hús fyrir starfsemi Alþingis eftir aldargamalli tillögu frá Guðjóni Samúelssyni. Tillagan var samþykkt í ríkisstjórn en hlaut nokkuð misjafnar undirtektir meðal almennings og fagaðila á sviði arkitektúrs og skipulagsmála.

Árið var að ýmsu leyti hagfellt stjórnvöldum og staða ríkissjóðs var góð. Hagvöxtur á árinu var 4,2% þegar tekið var tillit til verðbreytinga. Þessi hagvöxtur stafaði ekki af aukinni einkaneyslu; hún nam innan við helmingi landsframleiðslu og hefur ekki verið lægra hlutfall af landsframleiðslu síðan mælingar hófust 1945. Það var fyrst og fremst aukinn ferðamannastraumur til landsins sem stóð undir þessari hagvaxtaraukningu; verðmæti útflutnings dróst heldur saman. Kjaradeilur urðu harðar og langvinnar á árinu en spádómar um „verðbólgakollsteypur“ í kjölfar hagstæðra samninga ýmissa hópa rættust ekki.

En hvað sem þessu leið urðu stjórn málaumræður oft heitar og illskeyttar. Og það undraði marga að ríkisstjórnin naut sífellt minni vinsælda skv. skoðanakönnunum; á miðju kjörtímabili var stuðningur við hana kominn niður fyrir þann stuðning sem fyrri ríkisstjórn naut undir það síðasta – og var þá sögð óvinsælasta ríkisstjórn lýðveldistímans.

Breytt mannaskipan

Sigrún Magnúsdóttir tók við embætti umhverfisráðherra á gamlársdag 2014 en Sigurður Ingi Jóhannsson hafði gegnt embættinu samhliða embætti atvinnuvegaráðherra. Í byrjun árs baðst Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi innanríkisráðherra, afsökunar á afskiptum sínum af embættisverkum Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra í Reykjavík. Hún hafði vikið af þingi meðan lekamálin svonefndu voru til lykta leidd og efasemdaraddir höfðu heyrst meðal flokkssystemkinnu hennar um réttmæti þess að hún sneri til baka en hún settist aftur á þing 27. apríl. Þessi mál vörðuðu meðferð á trúnaðarupplýsingum um tiltekna hælisleitendur sem lekið var úr innanríkisráðuneytinu 2013 og enginn kannaðist við að

bera ábyrgð á. Ráðherra varðist af mikilli hörku og sakaði fjölda fólks um lekann uns aðstoðarmaður hennar viðurkenndi sök. Í framhaldi af því sagði Hanna Birna af sér sem ráðherra í lok árs 2014. – Lekamálið og hin flóknu eftirmál þess eru í rauninni einstök í íslenskri stjórnmalasögu.

Hitt vakti þó ekki minni athygli að Jón Þór Ólafsson þingmaður Pírata gerði alvöru úr þeirri fyrirætlun, sem hann hafði lýst árið áður, að segja af sér þingmennsku. Hætti hann eftir vorþing 2015 og sneri aftur í mal-bikunarvinnu. Hann kvaðst hins vegar ætla að vinna úr reynslu sinni af þingmennsku og gera grein fyrir niðurstöðum sínum síðar.

Í september sagði Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar í norðvesturkjördæmi og fyrrverandi ráðherra, frá því að hann hefði greinst með krabbamein og viki af þingi af þeim sökum. Í kveðju sem hann birti á netinu sagðist hann m.a. óska þess að þingið legði áherslu á „aukið samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu, en ég minni á að samstarf þýðir að leita saman að bestu lausnum ...“ Í stað hans tók Ólína Þorvarðardóttir sæti á þinginu. Guðbjartur lést á Akranesi, 23. október, 65 ára að aldri.

Utanríkismál

Hinn 12. mars afhenti Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra Lettlands bréf, en Lettar fóru þá með formennsku í Evrópusambandinu, þar sem sagði að það væri stefna ríkisstjórnarinnar að slíta aðildarviðræðum landsins við Evrópusambandið og stöðva inngönguferlið, enda væri það „bjargföst afstaða ríkisstjórnarinnar að ekki skuli líta á Ísland sem umsóknarríki ESB“. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kvaðst af þessu tilefni líta svo á að með þessu væri ESB-umsóknin komin á byrjunarreit.

Stjórnarandstaðan tók þessum tíðindum illa og gagnrýndi að málið skyldi ekki tekið fyrir á þingi. Þá var efnt til mótmælafundar á Austurvelli 15. mars og komu nokkur þúsund manna þar saman og heimtuðu þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ráðherraráð Evrópusambandsins svaraði nokkru síðar og sagði að afstaða íslensku stjórnarinnar hefði verið tekin til greina; Gunnar Bragi sagðist í framhaldinu gera ráð fyrir að Ísland yrði nú tekið af lista yfir inngönguríki. Málinu reyndist þó ekki lokið því nú tóku sig upp háværar kröfur um þjóðaratkvæði um framhald ESB-mála, auk þess sem stækkunardeild Evrópusambandsins kvaðst ekki líta á bréf ráðherrans sem eiginlega uppsögn aðildarviðræðna þó að með því væri umsóknarferlið stöðvað. Var bent á að umsóknin hefði á sínum tíma verið byggð á þingsályktun sem var samþykkt af Alþingi en bréf ráðherrans hefði ekki slíkt vægi.

Ríkisstjórnarflokkarnir voru einnig sakaðir um að ganga á bak loforðum um að leggja ESB-málið í þjóðaratkvæði. Kom nú fram sú afstaða

hjá ýmsum stjórnámálumönnum, sem þó voru ekki allir taldir ESB-sinnar, að heiðarlegast hefði jafnvel verið að ljúka aðildarviðræðunum og leggja síðan málið allt í þjóðaratkvæði. Þessi sjónarmið voru ekki bundin við flokkslínur og héldu sumir því fram að málið hefði ekki verið borið upp í þinginu vegna þess að það myndi hafa afhjúpað ágreining meðal stjórnarþingmanna.

Annað mál varð utanríkisráðherra þó vafalaust erfiðara, þ.e.a.s. viðskiptaþvinganir Rússa. Eftir að Rússar fóru að blanda sér í átök í Úkraínu og innlimuðu Krímskaga ákvað Evrópusambandið 2014, ásamt Bandaríkjunum og nokkrum ríkjum öðrum, að beita Rússa ýmsum þvingunum, m.a. vopnasölubanni og viðskiptahömlum. Rússar svöruðu þessu aftur með því að setja innflutningsbann á ýmsar vörur frá þessum löndum; Ísland var ekki í þeim hópi en fylgdi þó Evrópusambandinu og Bandaríkjunum að málum. Ljóst er að þessar viðskiptaþvinganir komu illa við rússneskan almenning en þó víkkuðu Rússar innflutningsbannið verulega út í ágúst 2015 svo að nú náði það einnig til Íslendinga. Þetta kom sér heldur illa fyrir íslenskan útflutning en hafði þó mest áhrif á makrflviðskipti. Sá fiskur er nýlega farinn að veiðast við Ísland en afurðirnar höfðu að mestu verið seldar til Rússlands undanfarin ár. Urðu nú margir hagsmunaaðilar til að þrýsta á að Íslendingar létu af stuðningi við stefnu bandalagsríkja sinna gagnvart Rússlandi. Undir það tóku ýmsir stjórnámálamenn en utanríkisráðherra lét ekki undan og naut m.a. stuðnings ýmissa stjórnarandstæðinga í því máli.

Hið sama verður ekki sagt um þá ákvörðun utanríkisráðherra að leggja Þróunarsamvinnustofnun niður og flytja verkefni hennar inn í utanríkisráðuneytið. Heimildarmenn innan stofnunarinnar héldu því fram að þar væri raunar um gamlan draum ráðuneytismanna að ræða til að efla eigin stöðu. Beitti stjórnarandstaðan löngum ræðuhöldum gegn málinu á loka-dögum þingsins í desember þegar tillagan var loks samþykkt.

Erfið mál

Margt fleira reyndist ríkisstjórninni einnig örðugt á vormánuðum. Í apríl barst sú fregn m.a. að Ragnheiður Elín Árnadóttir hefði hætt við að leggja fram frumvarp sitt um náttúrupassa. Hugmyndin hafði sætt mikilli gagnrýni, m.a. frá ferðaþjónustuaðilum, sem höfðu þó sumir í fyrstu verið henni fylgjandi, og ljóst var orðið að málið nyti takmarkaðs fylgis, m.a. innan stjórnarflokkanna.

Þá birti Umboðsmaður Alþingis niðurstöður sínar varðandi áform Sigurðar Inga Jóhannssonar atvinnuvegaráðherra um flutning Fiskistofu til Akureyrar þar sem vinnubrögð ráðherra voru gagnrýnd nokkuð harðlega; hann hefði ekki einu sinni kannað lagagrundvöll fyrirætlana sinna áður en hann kynnti ákvarðanir sínar. Sigurður viðurkendi mistök sín

á sumardaginn fyrsta en var þó ekki hættur við; sagði að flutningurinn myndi augljóslega taka einhver ár.

Í maí urðu þingstörf mjög stormasöm og stjórnarandstæðingar beittu harðskeyttu málþófi. Nokkur mál urðu erfiðust. Þar er fyrst að nefna frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar um úthlutun makrílkvóta til næstu sex ára sem gagnrýnendur sögðu að jafngilti varanlegu framsali og byndi hendur næstu ríkisstjórnar. Stórúterðin kvartaði undan veiðigjaldi en smábátasjómenn voru æfir yfir því hve lítill þeirra hlutur var. Þá lagði Jón Gunnarsson fram tillögu um breytingar á rammaáætlun þar sem nokkrir virkjanakostir yrðu færðir í nýtingarflokk.

Þegar þjóðhátíðardagur nálgadist gerðust þau tíðindi að boðað var til mótmæla á Austurvelli á 17. júní. Lögregla setti þá upp girðingar til að halda mótmælendum frá athöfn við stytta Jóns Sigurðssonar. Talsverður mannfjöldi safnaðist þó saman og þegar forsætisráðherra var í miðri ræðu mátti heyra hóp fólks halda uppi mótmælahrópum. Þessi óvenjulegi gjörningur barst öllum landslýð gegnum beina útsendingu útvarps og voru skoðanir mjög skiptar um réttmæti hans.

Einhver erfiðasti málaflökkur stjórnarinnar var vafalítið húsnaðismálin. Eycló Harðardóttir velferðarráðherra hafði fyrir allöngu boðað frumvörp um húsnaðismál en lenti í ágreiningi við fjármálaráðherra um málefnið sem olli töfum. Þegar svo kom að því að liðka fyrir kjarasamningum voru fyrirheit um úrbætur á þessu sviði m.a. notuð til þess. En allt um það drógust húsnaðismálin svo að þeim varð ekki lokið á árinu.

Vandræði stjórnarandstöðu

Landsfundur Samfylkingar var haldinn helgina 20.–22. mars. Daginn áður en hann hófst tilkynnti Sigríður Ingibjörg Ingadóttir óvænt um framboð sitt til formanns í flokknum. Þetta framboð kom mörgum á óvart og kosningabaráttan stóð aðeins í einn dag. Kosning meðal flokksmanna var raf-ræn en niðurstaðan lá fyrir að kvöldi hins 20.

Árni Páll Árnason var endurkjörinn með eins atkvæðis mun, hlaut 241 atkvæði en Sigríður Ingibjörg 240. Þungavigtarmenn í flokknum vildu lítið tjá sig um þetta mál en almennt var það túlkað sem verulegt áfall fyrir sitjandi formann og alls ekki líklegt til að styrkja flokkinn út á við, hvað þá efla liðsandann.

Í byrjun júní voru birtar niðurstöður skoðanakönnunar sem gáfu til kynna að Þíratar nytu meira fylgis en stjórnarflokkarnir samanlagt, eða rúmlega 34% kjósenda. Sjálfstæðisflokkurinn kæmi næstur með 23% en Samfylkingin fengi 12,4%; Vinstri græn fengju 9,8%, Framsóknarflokkurinn tæplega 8,9% og Björt framtíð 7,4%. Stuðningur við ríkisstjórnina var kominn í um 31% og hafði aldrei verið minni.

Þessi könnun þótti gefa til kynna djúpstæða óánægju með stjórn málin

almennt þar sem þriðjungur svarenda hallaðist að svo óþekktri stærð sem flokki Pírata en stjórnarandstöðuflokkar með hefðbundnara sniði högnuðust lítt eða ekki á óvinsældum ríkisstjórnarinnar. Samfylkingin var sögð löskuð eftir þátttöku í ríkisstjórnnum fyrri ára og kannanir á vinsældum stjórnámálanna voru formanni flokksins, Árna Páli Árnasyni, heldur ekki hliðhollar. Þær gáfu hins vegar jafnan til kynna að Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, nyti mests almenns trausts. En hitt vafðist mjög fyrir túlkendum, hvers vegna flokkur hennar naut þá ekki meiri vinsælda.

Meðal liðsmanna Vinstri grænna og Samfylkingar voru uppi ýmsar efasemdir um réttmæti olíuleitar á Drekasvæðinu og því sjónarmiði talsvert haldið á lofti að réttast væri að hætta við öll olíuleitaráform. Málið var umdeilt innan Samfylkingar en var beinlínis hið mesta vandræðamál innan Vinstri grænna þar sem Steingrímur J. Sigfússon hafði veitt fyrstu rannsóknarleyfin 2013. Ljóst þótti að grasrótin í flokknum hefði aldrei verið sátt við það heldur litíð á þetta sem einleik Steingríms í þágu kjörðæmis síns.

Þá var ljóst að liðsmenn Bjartrar framtíðar voru farnir að örvænta nokkuð síðsumars er könnun gaf til kynna að fylgið væri komið niður í 4,4%. Heiða Kristín Helgadóttir kvaðst tilbúin að taka við formennsku af Guðmundi Steingrímssyni ef flokksmenn vildu það; lýsti nánast vantrausti á hann í útvarpsviðtali 8. ágúst. Fór svo að Guðmundur sagði af sér en Óttarr Proppé var kjörinn nýr formaður í september.

Afnám hafta

Áætlun ríkisstjórnarinnar um losun fjármagnshafta var kynnt með viðhöfn á blaðamannafundi í Hörpu 8. júní. Þar kom fram að heildarumfang aðgerða myndi nema um 1200 milljörðum. Í stuttu máli fólst áætlunin í því að slitastjórnnum fallinna banka yrði heimilað að gera nauðasamninga við kröfuhafa um uppgjör en á móti skyldu kröfuhafar greiða sérstakt „stöðugleikaframlag“. Ef þeir gengju ekki að þessu yrðu þeir að gefa eftir 39% af eignum í slitabúunum sem „stöðugleikaskatt“. Frá því var greint að samningaviðræður væru raunar hafnar og flest benti til þess að kröfuhafar myndu vilja fara samningaleiðina. Meðal þeirra sem komu að þessum samningaviðræðum var Lee Buchheit, sá er fenginn var til að leiða til lykta síðustu Icesave-samningana. Fjármálaráðherra gaf til kynna að skattinn eða framlagið mætti svo nota til að lækka skuldir þjóðarbúsins. Í framhaldi af þessu yrðu fjármagnshöftin síðan afnumin í áföngum. Almennt var þessum fregnum fagnað og stjórnarandstaðan tók þeim allvel.

Áður en langt um leið var þó bent á að kröfuhafar hefðu verið merkilega sáttfúsir, væntanlega vegna þess að þeim hefði í raun boðist býsna hagstæð lausn með stöðugleikaframlaginu. Flestir núverandi kröfuhafa

hefðu nefnilega keypt skuldirnar á mjög lágu verði. Þessari gagnrýni var þó ekki fylgt eftir af mikilli hörku.

Nokkur önnur mál

Vaxandi umsvif Kaupfélags Skagfirðinga um allt land hafa undanfarin ár sætt nokkurri gagnrýni. Sumir tala um „skagfirska efnahagssvæðið“, með írónískri tilvísan til harðrar andstöðu margra Skagfirðinga gegn Evrópusambandinu. En öllu gamni fylgir nokkur alvara og andstaða Kaupfélags Skagfirðinga gegn ESB tengist þeirri staðreynd að fyrirtækið er leiðandi í framleiðslu landbúnaðarafurða, ásamt því að reka mikla útgerð og fiskverkun, og hefur lagt talsverða áherslu á að efla viðskipti við önnur markaðssvæði, m.a. Rússland. Þá hafa tengsl fyrirtækisins við Framsóknarflokkinn og náð samband utanríkisráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar, við stjórnendur Kaupfélags Skagfirðinga heldur ekki verið neitt launungarmál og því ekki að undra þó pólitískir andstæðingar hans beittu því stundum gegn honum, t.d. í rimmunni um ESB.

Í byrjun sumars lét Birgitta Jónsdóttir þau ummæli falla á Facebook að í Skagafirði væri mafíusamfélag. Þetta féll ekki alls staðar í góðan jarðveg. Bjarni Jónsson, einn helsti forystumaður Vinstri grænna í Skagafirði, skrifaði harða varnargrein fyrir KS auk þess sem Byggðaráð Skagafjarðar kvartaði undan þessu og heimtaði afsökunarbeiðni. Birgitta tók því reyndar vel, bað Skagafjörðinn og „allt fólkið sem þar býr“ afsökunar á Facebook-síðu sinni.

Í nóvember birtist sú frétt í *Morgunblaðinu*, m.a. byggð á gögnum Hagstofunnar, að á árinu 2015 stefndi í að hlutfall brottfluttra Íslendinga úr landi yrði með því mesta sem sést hefði frá 1961. Aðeins yrði jafnað til árána 1970, 1995 og eftirhrunsáranna 2009–2011. Þar hefði hins vegar alltaf verið um að ræða áhrif efnahagslæðar; nú væri hagvöxtur með mesta móti og sambærilegur við það sem gerðist fyrir hrún. Var m.a. bent á að hlutfall ungs fólks væri hátt meðal hinna brottfluttra og líklegt að þar væri ekki síst um að ræða háskólamenntað fólk sem ekki fyndi starf á sínu sviði.

Þessari túlkun var þó mótmælt, m.a. af fulltrúa Viðskiptaráðs og upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar. Og Hagstofan sendi frá sér frétt þar sem sagði að hlutfall ungs fólks meðal brottfluttra væri ekki hærra en verið hefði. Gylfi Magnússon hagfræðingur lýsti hins vegar furðu yfir þessari „leiðréttingu“ Hagstofunnar. Í Kjarnanum var bent á að Hagstofan hefði engin gögn til að meta ástæður þess að fólk flytti af landi brott, t.d. varðandi starfsreynslu þess eða menntun. En umræðan um atgervisflotta og spekileka úr íslensku samfélagi, erfiðleika ungs fólks við að koma sér upp þaki yfir höfuðið og viðkvæma stöðu sprotafyrirtækja hélt áfram.

1. apríl birtist sú frétt að Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og

viðskiptanefndar Alþingis, hefði í lok mars skilað forsætisráðherra skýrslu um peningakerfið á ensku. Þetta þótti nokkuð kyndugt en Frosti afsakaði sig með því að þetta hefði verið gert í sparnaðarskygni þar sem erlendir sérfræðingar hefðu verið fengnir til að lesa yfir. Íslensk málnefnd gagnrýndi þetta ráðslag og benti á að það færi á svig við lög um stöðu íslenskrar tungu.

Kári Stefánsson tjáði sig alloft á árinu um pólitísk málefni, einkum þau er snertu heilbrigðismál og fjárhagsvanda Landspítala. Í desember birti hann grein í *Fréttablaðinu* undir fyrirsögninni „Einnota ríkisstjórn“. Þar gagnrýndi hann mjög það fjársveldi sem heilbrigðiskerfið byggir við og hótaði að safna 100.000 undirskriftum gegn ríkisstjórnarflokkunum ef fjárveitingar til spítalans yrðu ekki stórauðnar strax. Sigmundur Davíð svaraði að bragði í annarri grein sem bar heitið „Toppari Íslands“. Þar var lýst hávaðasömum yfirgangsmanni sem sífellt þættist betri en aðrir og vissi allt manna best; nefndi þó aldrei Kára á nafn. Kári kvað sér aftur á móti heiður að því að „fá skvettu úr koppri forsætisráðherra“ en glöggir menn þóttust sjá að ekki yrði þessari rimmu lokið í bráð og leið svo til loka ársins.

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Í janúar var greint frá því að sveitarstjóra Ásahrepps, Björgvin G. Sigurðssyni fyrrverandi ráðherra, sem tók við starfinu haustið áður, hefði verið sagt upp störfum. Var hann sakaður um fjárdrátt og viðurkenndi að hafa dregið sér rúm fjögur hundruð þúsund án heimilda. Hann kvaðst þó ekki hafa reynt að leyna þessu í bókhaldinu og hefði hugsað sér að standa sveitarfélaginu reikningsskil síðar. Þessi óreiða stafaði af „óhóflegri áfengisneyslu“. Varð að samkomulagi að hann léti strax af störfum og endurgreiddi skuldina en síðan fór hann í áfengismeðferð.

Um miðjan janúar var tilkynnt að Gunnar I. Birgisson hefði verið ráðinn sveitarstjóri Fjallabyggðar. Kom það verulega á óvart þar sem stjórn sveitarfélagsins er í höndum Samfylkingar og Fjallabyggðarlista og Gunnar var á sínum tíma einn harðasti gagnrýnandi Héðinsfjarðarganga. Á móti var hins vegar vísað til reynslu hans sem bæjarstjóra og verkfræðings. Þetta urðu ekki einu tíðindin af sveitarstjórn Fjallabyggðar því í október var greint frá því að Magnús Jónasson, forseti bæjarstjórnar og starfsmaður AFL sparisjóðs á Siglufirði, hefði verið handtekinn fyrir fjárdrátt. Honum var fljótlega sleppt en sagði af sér og málið var tekið til rannsóknar.

Mengun og deiliskipulag

Á Akranesi var deilt hart um lyktarmengun frá fiskþurrkunarstöð á svo-kallaðri Breið, vestast á Skaganum, skammt frá íbúðabyggð. Framundan var ákvarðanataka um breytingar á deiliskipulagi vegna starfseminnar. Þurrkunarstöð Laugafisks tók til starfa 2003 og var þá fljótlega farið að kvarta yfir lykt sem lagðist yfir nærliggjandi íbúðahverfi, einkum í vest-lægri átt. En 2013 tók HB Grandi yfir starfsemina og hyggur á mikla stækkun hennar, samhliða ýmislegri annarri uppbyggingu á Breiðinni. VSÓ ráðgjöf vann skýrslu um málið en jafnframt mynduðu hópar íbúa gagnstæðar fylkingar sem deildu á netinu um kosti og galla þess að auka þessa starfsemi í útjaðri byggðarinnar.

Í Reykjanesbæ fóru deilur harðnandi vegna iðnaðaruppbyggingar í Helguvík. Hafnargerð og önnur uppbygging á svæðinu hefur orðið sveitarfélaginu dýr en litlu skilað ennþá. Þar er fyrirhugað að reka tvö kísilver en fyrir eru byggingar álvers Norðuráls sem ekki er séð að muni nokkurn tíma taka til starfa. Á árinu 2015 varð veruleg umræða meðal íbúa á nærliggjandi svæði um mengunarhættu af væntanlegri kísilmálmverksmiðju fyrirtækisins Thorsil. Efnt var til mótmæla og undirskriftasöfnunar þar sem um 2800 andmæltu, en andstæðingar verksmiðjunnar og bæjarstjórn sameinuðust um að ræða málið á opnum fundi í Stapa 19. nóvember. Þá var efnt til rafrænnar íbúakosningar um þær breytingar sem gerðar höfðu verið á deiliskipulagi til að hliðra til fyrir Thorsil – en raunar gaf bæjarráð til kynna að það teldi sér ekki skylt að hlíta niðurstöðunum. Kosningunum lauk 4. desember og var breytingin samþykkt af rúmum helmingi þeirra er greiddu atkvæði. Þátttaka var hins vegar afar léleg og kenndu margir samþykkt bæjarráðs um. Það varð ekki til að bæta andrúmsloftið að erfiðlega hafði gengið að innheimta gatnagerðargjöld af fyrirtækinu og sveitarfélagið þurfti ítrekað að veita því greiðslufrest.

Höfuðborgarsvæðið

Ferðaþjónusta fatlaðra í Reykjavík var lögð niður um áramót og færðist viðfangsefnið á hendur verktaka á vegum Strætó byggðasamlags sem er í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. VSÓ rágjöf sá um útboð og nýtt tölvukerfi hafði verið tekið í gagnið sem halda átti utan um verkefnið. Öllu starfslíði hafði verið sagt upp og reyndir starfsmenn Ferðaþjónustunnar hættu störfum um áramót en fljótlega kom í ljós að reynsla þeirra og þekking hafði verið stórlega vanmetin, því brátt komu upp ýmsar kvartanir um vonda þjónustu og jafnvel alvarleg mistök. Meðal annars kom fram að starfsmenn þjónustuversins, sem höfðu látið af störfum, hefðu sumir verið öryrkjar eða bundnir við hjólastól og hefði ekki hentað að sækja um fullt starf hjá hinu nýja fyrirtæki, enda ekki verið hvattir til slíks. Þannig hefði í raun mikill mannaúður horfið frá starfseminni. Um

aðvaranir hafði ekki verið sinnt, ekki einu sinni þeirri einföldu ábendingu að janúar væri erfiður tími til að setja í gang nýtt kerfi.

Næstu vikur sættu bæði stjórnendur Strætó og borgaryfirvöld harðri gagnrýni fyrir lélega þjónustu. Hinn 4. febrúar „gleymdist“ m.a. fötluð stúlka í bíl ferðaþjónustunnar í sjö tíma. Í febrúarbyrjun var loks skipuð sérstök „neyðarstjórn“ undir forystu Stefáns Eiríkssonar og skyldi hún leita leiða til að bæta úr.

Í apríl tilkynnti Reykjavíkurborg að fargað yrði eftirlíkingum af Le Corbusier-stólum sem höfðu verið í Ráðhúsinu frá 1992. Þeir munu reyndar þá hafa verið keyptir í góðri trú af íslenskri verslun.

Deilurnar um Reykjavíkflugvöll snerust á árinu aðallega um tilvist „neyðarbrautarinnar“ svonefndu, þ.e. hinnar stuttu SV/NA-brautar en deiliskipulag gerði ráð fyrir að hún yrði aflögð og byggingaframkvæmdir voru hafnar á Hlíðarendasvæðinu. Í maí voru birtar niðurstöður könnunar MMR sem gáfu til kynna að 78% landsmanna vildu hafa brautina opna áfram. Reykjavíkurborg og innanríkisráðuneytið sömdu um að brautinni yrði lokað 2013 en þegar til kom féllst Ólöf Nordal innanríkisráðherra ekki á að loka brautinni. Samþykkti borgarráð því 19. nóvember að höfða mál til að knýja fram efndir á samningnum. Þá fréttist í lok ársins að úrskurðarnefnd skipulagsmála hefði fellt úr gildi deiliskipulag flugvallarsvæðis vegna formgalla. Borgarstjóri sagði að það breytti engu og nú yrði deiliskipulag auglýst á nýjan leik.

Meirihluti borgarstjórnar í Reykjavík samþykkti 15. september tillögu frá Björk Vilhelmsdóttur um að sniðganga vörur frá Ísrael í mótmælaskyni við mannréttindabrot gegn Palestínumönnum. Þessi samþykkt vakti nokkuð hörð viðbrögð og borgarstjóri viðurkendi að málið hefði ekki verið undirbúið sérlega vel. Viku síðar var samþykktin dregin til baka.

Þá var blað brotið í nafnahefð borgarinnar er götuheitinu Bratthöfða í Reykjavík var breytt í Svarthöfða – sem er eins og mörgum er kunnugt persóna í Stjórnustríðskvikmyndunum.

Byggðapróun í afskekktum landshluta

Svo sem víða hefur komið fram er vægi ferðaþjónustu nú orðið meira en sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi. Þá liggur beint við að spyrja: Sjást einhver skýr merki þess að ferðaþjónusta hafi hjálpað byggðum sem hafa farið illa út úr efnahags- og atvinnuþróun á síðustu áratugum? Getur ferðaþjónustan t.a.m. bjargað einhverjum sjávarplássum þaðan sem kvóti hefur verið seldur?

Sveitarfélagið Fjallabyggð var myndað 2006 með sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Fjórum árum síðar, 2010, voru Héðinsfjarðargöng opnuð en þá komust þessi byggðarlög í náð vegasamband og nýr möguleiki opnaðist á gegnumstreymi umferðar um hinar nyrstu byggðir á



Sigló hótél.

Tröllaskaga. Gerð Héðinsfjarðarganga var afar umdeild sem vonlegt var en vonir stóðu til að hún myndi efla byggðina.

Íbúápróun þessara byggðarkjarna hefur lengi verið óhagstæð enda má segja að forsendur hafi verið gjörbreyttar frá því er síldveiðin gerði Siglufjörð að „heimsborg“. Þróun útgerðar á síðari áratugum og samþjöppun fiskveiðiheimilda hefur síðan leikið marga útgerðarbæi á borð við Ólafsfjörð grátt. Eftirfarandi tafla sýnir íbúápróun síðustu þrjátíu og fimm ára:

Íbúafjöldi í byggðarkjörnum Fjallabyggðar

Ár	Siglufjörður	Ólafsfjörður
1980	2003	1195
1990	1815	1171
2000	1557	1076
2010	1214	852
2015	1230	807

(Byggt á upplýsingum Hagstofu Íslands.)

Ef marka má þessar tölur hafa hvorki sameining sveitarfélaga né Héðinsfjarðargöng ein og sér náð að snúa við íbúafækkun í Ólafsfirði, hvað sem síðar mun verða. Fólksfækkun á Siglufirði á síðustu 35 árum er þó miklu meiri. Hins vegar vekja tölur frá 2015 vonir um að botninum sé þar náð og betri tíð framundan.

Þar munar vafalaust mest um það að Siglufjörður hefur verið að styrkja stöðu sína sem ferðamannabær með áherslu á sögu sína og menningu,

síldveiðar og -vinnslu, auk þjóðlagatónlistar. Síldarminjasafnið á engan sinn líka á landinu en á síðustu árum hefur einnig hlaupið mikill vöxtur í uppbyggingu gistihúsa og veitingastaða í bænum. Hér vege þyngst margvíslegar fjárfestingar Róberts Guðfinnssonar en sumarið 2015 var hið nýja Sigló hótél hans tekið í gagnið.

TÓNLIST

Starfsár Sinfóníuhljómsveitarinnar hefst núorðið á Vínartónleikum. Þeir voru haldnir 8. janúar en endurteknir 9. og 10. janúar vegna vinsælda. Hljómsveitin tók til starfa 1950 og fagnaði því 65 ára afmæli á árinu 2015. Í febrúar var greint frá því að Daníel Bjarnason hefði verið ráðinn staðarlistamaður hjá hljómsveitinni en það felur í sér ýmisleg verkefni, m.a. að stjórna hljómsveitinni á nokkrum tónleikum.

Sinfóníuhljómsveitin efndi til þrenna tónleika í minningu Jeans Sibelius með finnskum hljómsveitarstjórum. 22. janúar flutti hljómsveitin *Macbeth* eftir Richard Strauss ásamt *Kullervo* eftir Sibelius með sameinuðum Karlakór Reykjavíkur og Fóstbræðrum. Einsöngvarar voru Þóra Einarsdóttir og Jorma Hynninen en þetta verk mun vera sjaldheyrð í tónleikasölum. Hér stjórnaði Petri Sakari og þótti takast glæsilega. Aðrir Sibeliusartónleikarnir voru 5. febrúar og þá stjórnaði Osmo Vänskä og hinir þriðju 12. mars undir stjórn Önnu-Maríu Helsing.

Stórtónleikar Rótarý fóru fram í Norðurljósasal Hörpu 4. janúar. Þar komu fram Kristinn Sigmundsson, Jónas Ingimundarson og Víkingur Heiðar Ólafsson. Þá voru afhent tónlistarverðlaun Rótarý 2015, ásamt fjárstyrk, og hlutu þau Baldvin Oddsson trompetleikari og Sólveig Steinþórsdóttir fiðluleikari. Þau eru bæði 19 ára og stunda framhaldsnám í tónlist.

Þá bárust þau tíðindi 11. janúar að Jóhann Jóhannsson hrepti Golden Globe verðlaunin fyrir tónlist við kvikmyndina *The Theory of Everything*. Hann var einnig tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir sama efni.

Bryndís Halla Gylfadóttir lék þrjár hinar síðari sellósvítur Bachs í Norðurljósasal Hörpu 25. janúar en áður hafði hún leikið hinar fyrri. Flutningurinn tókst afbragðsvel og var hljóðritaður til útgáfu hjá Smekkleysu.

Myrkir músíkdagar voru haldnir í Hörpu um mánaðamótin janúar-febrúar. Þar flutti Sinfónían á opnunartónleikum fiðlukonsert eftir Leif Þórarinsson. Sigrún Eðvaldsdóttir var einleikari og fékk frábæra dóma. Önnur verk voru flest framúrstefnulegri.

Hin alþjóðlega raftónlistarhátíð Sónar Reykjavík hófst 12. febrúar í hinum minni sölum Hörpu. Þar komu fram hátt í 70 listamenn, margir erlendir. Hefur aðsókn aldrei verið jafnmikil.

Guitarama-veisla Björns Thoroddsen í Winnipeg var haldin í þriðja sinn um miðjan febrúar og heppnaðist frábærlega. Fjöldi annarra tónlistarmanna kom fram þar með honum.

Stórsveit Reykjavíkur og Kristjana Stefánsdóttir fluttu lög, sem Ella Fitzgerald og hljómsveit Counts Basie hljóðrituðu 1963, í Norðurljóssal Hörpu 16. febrúar.

Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í Hörpu 20. febrúar. Þar fengu Sykurmolarnir heiðursverðlaun. Skálmöld hlaut alls þrenn verðlaun. Hanna Dóra Sturludóttir og Elmar Gilbertsson hlutu verðlaun sem söngvarar ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar.

Ný plata Bjarkar Guðmundsdóttur, *Vulnicura*, vakti mikla athygli víða um heim. Felur m.a. í sér viðbrögð hennar við skilnaði hennar og Matthews Barney. Plötunni hafði verið lekið á netið og því var útgáfu hraðað. Hún fékk afbragðsdóma alls staðar. Sýning var opnuð í MoMA-safninu í New York um Björk Guðmundsdóttur 3. mars. Þar var fjallað um tónlist hennar og ekki síst samstarf hennar við ýmsa aðra listamenn. Raunar fékk sýningin einnig nokkuð óvægna gagnrýni en 6. mars hélt Björk tónleika í Carnegie Hall sem þóttu heppnast afar vel.

Um miðjan apríl var tilkynnt að Steinunn Birna Ragnarsdóttir tæki við af Stefáni Baldurssyni sem óperustjóri. Um þá ráðningu urðu nokkur skoðanaskipti en stóðu þó ekki lengi; umræðan um fjármál Hörpu varð sem endranær nærtækasta þrætuefnið.

Íslenska óperan stóð að flutningi tveggja verka á árinu. Konsertuppfærsla af óperunni *Peter Grimes* eftir Benjamin Britten var frumflutt í Hörpu 22. maí. Daníel Bjarnason stjórnaði Sinfóníunni og Kór íslensku óperunnar. Einsöngvarar voru m.a. Ólafur Kjartan Sigurðarson og Hanna Dóra Sturludóttir. Þessi uppfærsla fékk góða dóma og aðsókn. *Rakarinn í Sevilla* eftir Rossini var frumsýndur 17. október, fékk góða aðsókn og undirtektir en dómamar voru þó ekki allir sem ánægðastir. Lítið var lagt í leikmynd og Gissur Páll Gissurarson þótti ekki í sínu besta formi en Oddur Arnþór Jónsson, sem lék rakarann Fígaró, sló í gegn.

„Og þökk sé margri morgunbjartri svipstund“ nefndist dagskrá í tilefni Listahátíðar 31. maí í Norðurljóssal Hörpu. Þar frumflutti Kristinn Sigmundsson með hljómsveit tónlist eftir John Speight við sjö ljóð eftir Þorstein frá Hamri. Sömu leiðis var þá frumflutt tónlist eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur við ljóðabálk Kristínar Eiríksdóttur, *KOK*.

Í lok maí efndi Ásgeir Trausti til tónleika með hljómsveit sinni uppi á Esju og fékk ágæta aðsókn en þeir félagar höfðu undanfarið leikið víða erlendis.

Minningartónleikar og listrænn gjörningur um Þorvald Þorsteinsson fór fram í Gamla bíói 27. maí. Þar komu m.a. fram Megas, Ólöf Arnalds, Skúli Sverrisson, Margrét Kristín Blöndal, Davíð Þór Jónsson o.fl. Þá var

Guðmundar Ingólfssonar minnst á tónleikum á Rosenberg 5. júní. Þar komu fram Björn Thoroddsen, Gunnar Hrafnsson, Reynir Sigurðsson og Guðmundur Steingrímsson en þeir höfðu allir spilað með Guðmundi.

Tvennir heiðurstónleikar voru haldnir til minningar um Rúnar Júlíusson sem orðið hefði sjötugur á árinu, hefði hann lifað; hinir fyrri í Stapa 11. apríl og hinir síðari 31. október í Háskólabíói.

Tom Jones söng í Hörpu 8. júní og þótti bera aldurinn ótrúlega vel en hann varð 76 ára daginn áður.

Stuðmenn héldu 40 ára afmælistónleika plötunnar *Sumar á Sýrlandi* í Hörpu 5. júní.

Tónlistarhátíðir af ýmsu tagi setja æ meiri svip á íslenskt menningarlíf á sumrin; Barokkhátíðin á Hólum var haldin í sjöunda skipti 25.–28. júní, lítil hátíð en vex stöðugt fiskur um hrygg. Þjóðlagahátíðin á Siglufirði var haldin 1.–5. júlí undir yfirskriftinni „Fagurt syngur svanurinn“. Hátíðin var nú haldin í fimmtánda sinn en einn helsti bakhjarl hennar er Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Þá var Jazzhátíð Reykjavíkur haldin 12.–16. ágúst.

Kings of Leon, ein vinsælasta rokksveit samtímans, hélt tónleika í Laugardalshöll 13. ágúst.

Patti Smith og félagar fluttu lög in af plötu hennar *Horses* á tónleikum í Hörpu 17. ágúst fyrir fullu húsi. Hún varð sjötug á árinu.

Hljómsveitin Of Monsters and Men hefur farið víða um heim síðustu árin en hún hélt tónleika fyrir fullum sal í Hörpu 19. ágúst.

Einn frægasti sönghópur heims, The King's Singers, hélt tónleika í Hörpu 16. september við gríðargóðar undirtektir. Hér er um að ræða enskan karlahóp, sex söngvara sem flytja tónlist án undirleiks.

Kristján Kristjánsson, KK, stóð þegar haustaði að óvenjulegri skemmtun í Borgarleikhúsinu sem kölluð var *Vegbúar* og gekk nokkuð lengi. Hér var um að ræða einleik undir stjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar þar sem KK flutti tónlist og rakti sögu sína og gítaranna sinna.

Hin breska Philharmonia Orchestra hélt tvenna tónleika í Eldborgarsal Hörpu í október sem hlutu algerlega frábæra dóma. Tónleikarnir höfðu reyndar sérstaka merkingu í hugum margra því að þessi hljómsveit hélt tónleika í London 1985 að viðstöddum forseta Íslands, ásamt Karli Bretaprins og Díönu, og rann ágóði tónleikanna til styrktar byggingu tónlistarhúss í Reykjavík. Þótti við hæfi að bjóða hljómsveitinni að leika í húsinu þegar það var loks risið. Tónleikunum stjórnaði hinn tékkneski Jakub Hrůša og voru flutt verk eftir landa hans, Dvořák og Smetana. Þá lék rússneski píanistinn Daniil Trifonov píanókonsert Rachmaninovs.

Iceland Airwaves hófst 4. nóvember og stóð í fjóra daga. Þar var afar fjölbreytt dagskrá með erlendum sem innlendum tónlistarmönnum, m.a. hélt bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant tónleika með Sinfóníunni

í nóvember sem þóttu takast frábærlega. Þessi hátíð er farin að vekja verulega mikla athygli um heim allan og t.d. fjallaði hið virta tónlistarrit *Rolling Stone* mjög lofsamlega um hana.

Ekki voru allar fréttir af tónlistarmálum þó jafn jákvæðar. Deila ríkis og Reykjavíkurborgar um hvernig greiða skyldi fyrir kennslu á framhaldsstigi tónlistarnáms var óleyst. Og það er einkennileg þversögn að á sama tíma og fjölbreytt tónlistarmenning blómstrar sem aldrei fyrr fer sala á geisladiskum og plötum ört minnkandi.

ÚTVEGUR

Afli íslenska fiskveiðiflotans á árinu 2015 var 1.319 þúsund tonn, um 243 þúsund tonnum meiri en árið á undan. Sú viðbót samsvarar u.þ.b. þeirri aukningu sem varð í loðnuafli á árinu. Uppsjávarafli nemur um tveimur þriðju hlutum heildaraflamagns eða 825 þúsund tonnum.

Afli í tonnum

	2015	2014	Breyting í %
Botnfiskur:	435.628	423.303	2,9
Flatfiskur:	23.485	19.237	22,1
Uppsjávarfiskur:	850.170	623.247	36,4
Skelfiskur:	10.112	11.086	-8,8
Heildartölur:	1.319.395	1.076.874	22,5

Porskur er sem löngum fyrr langmikilvægasta tegund íslensks sjávarfangs. Árið 2015 var þorskaflí 243.871 tonn en var 237.756 tonn árið á undan; það er aukning um 2,6%.

Aðeins loðnuafli var meiri í tonnum talið en verðmæti er vitaskuld ekki sambærilegt. Góð loðnuvertíð 2015 stórnjók þó aflaverðmæti uppsjávarfangs frá fyrra ári, ekki síst heppnaðist hrognavinnsla vel. Síldveiðar drógust hins vegar verulega saman, bæði úr íslenska sumargotsstofninum, fór þar úr rúmlega 101 þúsundi tonna 2014 í tæp 70 þúsund tonn 2015, sem og norsk-íslenska stofninum en veiðar úr honum fóru úr tæplega 57 þúsund tonnum 2014 í 44 þúsund tonn 2015. Makrílveiðar voru svipaðar, um 170 þúsund tonn en verðmæti féll um nálega þriðjung. Þar gætir ekki síst áhrifa frá innflutningsbanni Rússa.

Sú breyting hefur orðið á síðustu árum að uppsjávarveiðar eru aðallega stundaðar í flotvörpu en ekki nót. Frá aldamótum hefur síld t.d. aðallega verið veidd í flotvörpu en fram að því var nótaveiðin nánast allsráðandi. Þessi þróun setur svip á hin nýju uppsjávarveiðiskip sem best hafa í flotann á undanförunum árum.



Nýtt uppsjávarveiðiskip HB Granda, Venus, í höfn á Akranesi til lagfæringa en heimahöfn þess er á Vopnafirði. Sams konar skip, Víkingur, leysir hið gamla skip með sama nafni af hólmi á Akranesi. Þau voru byggð í Tyrklandi og skv. fréttum kostaði smíði hvors skips 3,5 milljarða.

Aflaverðmæti í milljónum kr.

	2015	2014	Breyting í %
Botnfiskur:	102.854	92.026	11,8
Flatfiskur:	9.835	7.073	39,1
Uppsjávarfiskur:	34.620	18.235	89,9
Skelfiskur:	3.983	3.713	7,3
Heildartölur:	151.301	136.310	11

Kvóti og aflahludeild

Fiskveiðiárið hefst 1. september. Þá birtir Fiskistofa yfirlit um veiðheimildir í samræmi við ákvörðun ráðuneytis. Þar er notast við hugtakið þorskígildi sem tekur einnig til allra annarra tegunda en þorsks sem veiddar eru skv. aflamarksreglum.

Eftirtalin tíu skip hlutu hæstar aflaheimildir í þorskígildiskílóum:

Kaldbakur EA	8.110.626
Guðmundur í Nesi RE	7.548.009
Vígri RE	6.916.781
Málmey SK	6.822.482
Júlíus Geirmundsson ÍS	6.770.117
Björgvin EA	6.470.840

Höfrungur III AK	6.456.352
Helga María AK	5.850.381
Sturlaugur H. Bööðvarsson AK	5.642.842
Arnar HU	5.596.735

Útgerð, kvóti og vinnsla

Mikið af afla er nú flutt til vinnslu um langar leiðir og sérhæfing verkunarstaða hefur aukist á undanförunum árum. Þessi þróun helst í hendur við hagræðingarkröfur og veldur því að staða margra sjávarplássu er viðkvæm þar sem veiðiheimildir eru markaðsvara. Þannig var m.a. 1200 tonna kvóti seldur frá Fáskrúðsfirði til Suðurnesja haustið 2015.

Fiskiskipafloti Vestfirðinga telur flest skip en þar er sem fyrr mest útgerð smábáta. Opnir fiskibátar voru þar 233, vélskip 162 en togarar 6. Á höfuðborgarsvæðinu voru til samanburðar skráðir 74 opnir fiskibátar, 48 vélskip og 8 togarar. Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes eru hins vegar mikilvægustu verkunarstaðir botnfiskafla. Aftur á móti er mestur hluti uppsjávaraflla verkaður á Austurlandi. Sjófrysting hefur mjög dregist saman undanfarin ár nema á karfa og úthafskarfa.

Annar afli

Grásleppuveiðar jukust talsvert á árinu, fóru úr 3.708 tonnum árið 2014 í 5.680 tonn 2015. Það stenst þó engan samanburð við það sem var á níunda áratugnum. Rækjuveiðar hafa dregist mjög saman á síðustu árum, námu aðeins 6.316 tonnum 2015. Humarafli hefur einnig dregist saman, var 1.453 tonn á árinu en var 1.964 tonn árið 2014.

Aftur á móti hefur nýting aukaafurða, svo sem afskurðar sem hirtur er til bræðslu, stórbatnað síðustu ár. Þar má nefna grálúduhauða sem skiluðu 1,5 milljörðum króna á árinu. Þá er nú skylt að koma með allan grásleppuafla að landi, ekki aðeins hrogn eins og tíðkaðist fyrr á árum.

VERSLUN

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um tæplega 30,6 milljarða skv. endurskoðuðum tölum Hagstofunnar en var hagstæður um 4,2 milljarða árið áður.

Vöruskiptajöfnuður 2014, miðað við job-verð (afhendingu við skipshlið)

Útflutningur:	626,1 milljarður;	var 590,5 milljarðar 2014
Innflutningur:	656,7 milljarðar;	var 586,3 milljarðar 2014
Afgangur:	-30,6 milljarðar;	var 4,2 milljarðar 2014

Helstu vörflokkar innflutnings og verðmæti þeirra

Verð í milljónum kr. fob; árið 2014 í svigum.

Matvörur og drykkjarvörur	65.036,8	(54.749,1)
Hrávörur og rekstrarvörur	184.882,8	(159.919,3)
Eldsneyti og smurolíur	83.123,8	(103.148,5)
Fjárfestingavörur	137.382,1	(124.173,9)
Flutningatæki	103.893,4	(68.003,7)
Neysluvörur	81.398,8	(74.226,1)

Lækkandi kostnaður við innflutning eldsneytis skýrist af lækkandi heimsmarkaðsverði á olfu. En fjárfestingar í nokkrum gerðum samgöngutækja verðskulda nánari athugun:

	2015	2014
Fólksbílar:	36.721,7	23.942,1
Flugvélar:	20.753,7	5.420,7
Skip:	14.401,5	15.415,7
Alls:	71.876,9	44.778,5

Hér má glögglega greina áhrif hins mikla vaxtar ferðaþjónustunnar; bílaleigur hafa vaxið mjög hratt og umsvif flugfélaga aukast sífellt. Hér eru aðeins taldir fólksbílar en skv. Hagsjá Landsbankans hafa bílaleigur vaxið mest allra ferðaþjónustufyrirtækja undanfarin ár en farþegaflug býr þó enn að meirihluta heildarveltu þessarar atvinnugreinar. Undanfarin ár hafa verið útgerðinni afar hagstæð og fjárfestingar útgerðarfyrirtækja í skipum óvenjumiklar en ferðaþjónustan er þó farin fram úr sjávarútvegi sem umsvifamesta atvinnugrein landsins og þessar tölur undirstrika það.

Hagstofan metur heildartekjur af erlendum ferðamönnum, bæði á Íslandi og erlendis (þ.e. sem viðskiptavinum íslenskra flugfélaga), á 364,4 milljarða; þ.e. um hundrað milljörðum meira en andvirði útfluttra sjávararafurða. Samkvæmt þessu skilaði ferðaþjónustan um 30% af heildarútflutningsverðmæti vöru og þjónustu 2015.

Helstu vörflokkar útflutnings og verðmæti þeirra

Verð í milljónum kr. fob; fyrra ár í svigum.

Iðnaðarvörur:	331.060,2	(309.989,6)
Sjávarafurðir:	264.665,4	(243.956,3)
Landbúnaðarafurðir:	13.267,6	(11.691,8)
Aðrar vörur:	13.280,8	(12.965,1)

Verðmæti útflutnings í milljónum (fob) og hlutfall af heild; nokkur helstu viðskiptalönd og -svæði

EES	489.075,8	78,1%
Önnur Evrópulönd	35.258,0	5,6%
Bandaríkin	35.448,2	5,7%
Nígíría	13.800,4	2,2%
Rússland	12.676,0	2,0%
Japan	12.543,3	2,0%

Verðmæti innflutnings í milljónum (cif) og hlutfall af heild; nokkur helstu viðskiptalönd og -svæði

EES	424.979,1	60,7%
Önnur Evrópulönd	34.538,0	4,9%
Bandaríkin	55.028,0	7,9%
Kína	54.893,3	7,8%
Brasilía	42.840,0	6,1%
Japan	12.069,9	1,7%

Cif-verð þýðir verð með flutningskostnaði og hlutfall af heildarverði í prósentum miðast við það, sem sé kostnað Íslendinga við að kaupa vörur erlendis og flytja til landsins.

Sá vaxandi viðskiptahalli sem einkenndi árið 2015 og hinn mikli innflutningur vitna á sinn hátt um efnahagsbata en jafnframt um það hve hagvöxtur ársins byggðist mikið á neyslu. Ferðaþjónustuaðilar fjárfestu mikið en flestir eru þó á því að almenningur hafi hagað fjárfestingum sínum í meira samræmi við eigin efni en algengt var fyrir hrún.

VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Á árinu 2015 nam verðbólga á mælikvarða neysliverðs 2,1%, mælt frá janúar 2015 til janúar 2016. Á sama hátt nam verðbólgan 0,8% á árinu 2014, 3,1% 2013 og 4,2% 2012. Mæld á milli ársmeðaltala var verðbólgan 1,6% árið 2015 samanborið við 2,0% árið 2014, 3,9% 2013 og 5,2% árið 2012.

Hækkun vísitölnunnar síðustu tólf mánuði – tólf mánaða verðbólga – er helsti mælikvarðinn á verðbólgu í daglegri umræðu og viðmið í verðbólguþýringu Seðlabankans. Vísitalan er mæld um miðbik mánaðar. Tólf mánaða verðbólga var í lágmarki í 0,8% í janúar 2015 en hækkaði fram eftir árinu upp í 2,1% í janúar 2016 og var þó undir 2,5 prósentu markmiði Seðlabankans og innan vikmarka bankans. Þriggja mánaða

verðbólga, ferfölduð til samanburðar við heilsárstölur, er jafnan sveiflukenndari. Hún var -3,6% í janúar 2015, hækkaði í 7,6% í apríl, en lækkaði síðan og datt niður í -2,4% í janúar 2016, líkast til vegna sterkari útsöluáhrifa en í ársbyrjun 2015.

Neysluserð án húsnæðiskostnaðar hækkaði um 0,6% frá janúar 2015 til janúar 2016. Tólf mánaða verðbólga án húsnæðis var neikvæð um 1,7% í janúar 2015, skreið yfir núllið um mitt ár og var 0,6% í janúar 2016. Húsnæðishluti aðalvísitölunnar – með viðhaldskostnaði, hita og rafmagni – hækkaði um 6,8% frá janúar 2015 til janúar 2016. Þar sem heildarverðbólga var 2,1% á árinu en 0,6% að frátöldum húsnæðiskostnaði, voru áhrif húsnæðisliðarins 1,5% til hækkunar.

Verð innfluttra vara lækkaði um 1,4% á 12 mánuðum til og með janúar 2016, sem skoða má í samhengi við 7,9% styrkingu krónunnar og lækkun innflutningsgjalda í ársbyrjun 2015, einkum frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Verðlag án erlendra vara hækkaði um 3,9%, svo verðlækkun erlendra vara dró verðbólguna niður um 1,5%. Þar sem verðlag án óbeinna skatta hækkaði álíka og neysluserð almennt, er að sjá að breytingar á óbeinum sköttum hafi haft lítil áhrif á árinu á heildina litið. Lægra þrepið í virðisaukaskatti var hækkað úr 7 í 11% í ársbyrjun, hærra þrepið lækkað úr 25 í 24% og síðustu almennu vörugjöldin felld niður. Því eru einungis eftir sértæk vörugjöld, svo sem á eldsneyti og landbúnaðarvörur.

Algengasti mælikvarðinn á gengi krónunnar í daglegri umræðu er viðskiptavegið gengi gjaldmiðla þeirra þjóða sem eiga a.m.k. 1% hlut í utanríkisviðskiptum Íslendinga, einnig nefnt meðalverð erlendra gjaldmiðla. Krónan veikist þegar meðalverðið hækkar en styrkist þegar það lækkar. Frá árslokum 2014 til ársloka 2015 lækkaði meðalverð erlendra gjaldmiðla um 7,3%, sem svarar til 7,9% styrkingar krónunnar. Með sama hætti lækkaði meðalverð erlendra gjaldmiðla um 1,7% á árinu 2014 og 9,7% á árinu 2013.

Verð erlendra gjaldmiðla var tiltölulega stöðugt frá ársbyrjun 2015 fram í miðjan júlí, lækkaði síðan jafnt og þétt um rúm 6% fram í miðjan október þrátt fyrir gjaldeyriskaup Seðlabankans, en var síðan nokkuð stöðugt fram til ársloka.

Gengi krónunnar breyttist misjafnlega gagnvart einstökum gjaldmiðlum. Í árslok 2015 var söluverð nokkurra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabankans sem hér segir: Evran kostaði 141,7 krónur, 8,4% minna en í ársbyrjun; Bandaríkjadalur kostaði 129,9 krónur eftir 2,1% hækkun á árinu; breskt pund 192,5 krónur eftir 2,8% lækkun og japanskt jen kostaði 1,080 krónur eftir 1,3% hækkun frá ársbyrjun til ársloka 2015. Danska krónan kostaði 19 krónur eftir 8,6% lækkun, norska krónan 14,8 krónur eftir 14,0% lækkun og sú sænska 15,4 krónur eftir 6,4% lækkun.

Gjaldeyrishöftin sem sett voru á 2008 voru hert fremur en línuð framan af árinu 2015 í aðdraganda losunaraðgerða. Frumvarp um útgönguskatt eða stöðugleikaskatt á slitabú fallinna fjármálastofnana var lagt fram á Alþingi 8. júní og samþykkt sem lög 3. júlí. Samkvæmt lögnum skyldu viðskiptabankar og sparisjóðir, sem væru í slitameðferð eða hefðu lokið henni, greiða skatt sem næmi 39% af heildareignum í árslok 2015 með fjórum jöfnum greiðslum frá 1. maí til 2. ágúst 2016. Svo harðir kostir urðu til þess að öll slitabú sem undir lögin féllu leituðu fyrir árslok nauðasamninga og undanþága til að greiða kröfur í erlendum gjaldeyri út úr búunum. Í nóvember lengdi Alþingi frest til að ganga frá nauðasamningum til að forðast stöðugleikaskattinn til 15. mars 2016, og fyrir þann tíma höfðu öll slitabú sem undir lögin féllu gengið frá nauðasamningum og nauðsynlegum undanþágum til útgreiðslna í gjaldeyri.

– *Markús Möller tók saman*

ÝMISLEGT

Allir vinna ekki lengur. Endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðabyggingar eða viðhald var hætt um áramót.

Bakk. Gamanmyndin *Bakk* var frumsýnd 8. maí. Leikstjórar og aðalleikarar eru Gunnar Hansson og Davíð Óskar Ólafsson.

Bankarán. Tveir menn frömdu bankarán í útibúi Landsbankans í Borgartúni 30. desember. Þeir voru vopnaðir og grímuklæddir og náðu einhverju fé, fóru á brott á stolnum sendibíl en þekktust á myndum og voru handteknir samdægurs.

Blóðberg, ný kvikmynd eftir Björn Hlyn Haraldsson en framleidd af Vesturporti, var frumsýnd um páska á Stöð tvö en fór síðan í almennar sýningar.

Borgarleikhús. Sýning Borgarleikhússins á *Billy Elliot* fékk frábærar viðtökur og góða dóma en frumsýnt var 6. mars. Aðalhlutverk voru í höndum þriggja ungra drengja sem skiptust á um að leika aðalpersónuna. Almenn þóttu barnungir leikarar standa sig afbragðsvel í þessari sýningu en Halldóra Geirharðsdóttir átti líka stórleik. *Njála*, í nýstárlegri leikgerð, var frumsýnd 30. desember og þótti líkleg til að vekja mikla athygli á komandi ári.

Borgarlistamaður. Kristín Jóhannesdóttir var útnefnd borgarlistamaður Reykjavíkur hinn 17. júní.

Brennisteinsvetni frá jarðhitavirkjunum. Fylgni er milli aukinnar dánartíðni og aukningar á brennisteinsvetni í andrúmslofti á Reykjavíkursvæðinu skv. nýrri rannsókn Ragnildar Finnbjörnsdóttur. Marktæk aukning á dauðsföllum mælist, einkum hjá eldra fólki, þegar magn brennisteinsvetnis eykst.

Brjóstabyltingin. Hinn 25. mars var efnt til sérstæðs gjörnings er fjöldi

kvenna birti myndir af brjóstum sínum á netinu og hópur Kvinnaskóla- stúlkna gekk m.a. berbrjósta niður að Alþingishúsi og stillti sér þar upp til myndatöku. Hugmyndin að þessum gjörningi var byggð á bandarískri hreyfingu sem hefur kjörorðin „free the nipple“ og snýst um að styrkja rétt kvenna til að ráða yfir líkama sínum sjálfar og andæfa því hvernig hann er hagnýttur í klámiðnaðinum. Annað tilefni gjörningsins var nýleg frétt um að starfsfólk á veitingahúsi í Reykjavík hefði amast við því að kona gaf barni brjóst þar. Björt Ólafsdóttir þingkona Bjartrar framtíð- ar vakti mikla athygli þegar hún slóst í hóp andmælenda með mynd af brjósti sínu um leið og hún tilkynnti að þetta væri til að „gefa börnum að borða“.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Þá eru veitt verðlaun kennd við skáldið og hlaut þau að þessu sinni Guðjón Friðriksson sagnfræðingur. Auk þess var Bubba Morthens veitt sérstök viðurkenning fyrir stuðning sinn við íslenskt mál.

David Cameron kom í heimsókn í október í tilefni af ráðstefnunni Northern Future Forum. Hann er fyrsti breski forsætisráðherrann sem kemur til Reykjavíkur síðan Churchill kom þangað 1941.

Edduverðlaunin voru afhent 21. febrúar. Þar voru Ómari Ragnarssyni afhent heiðursverðlaun fyrir framlag til sjónvarpssögu Íslendinga. Kvik- myndin *Vonarstræti* hlaut flestar viðurkenningar, tólf alls, þ. á m. Hera Hilmarsdóttir og Þorsteinn Bachmann sem bestu leikarar í aðalhlut- verkum. Sjónvarpsmaður ársins var Brynja Þorgeirsdóttir en *Orðbragð* þótti besti skemmtiþátturinn.

Eldsvoðar. Eldur kviknaði sunnudaginn 7. júní á lagersvæði við Röra- verksmiðjuna Set á Selfossi og varð mikið tjón; feykilegan reyk lagði um svæðið og varð fólk að forða sér úr nágrenninu. Í ljós kom að tveir ungir drengir höfðu verið að „fikta“ þar með eld. Tjón var í fljótu bragði metið á 10–15 milljónir. Að kvöldi 23. nóvember kom svo upp eldur í Plastiðj- unni á Selfossi. Lagði reyk yfir íbúðabyggð í nágrenni og var brugðið á það ráð að rýma hús í nokkrum götum svonefnds Hagahverfis og opna fjöldahjálparstöð í Vallaskóla. Í þetta sinn var rafmagn helst kennt um íkveikjuna en tjón varð afar mikið þar sem verksmiðjuhúsnæðið brann til kaldra kola.

Hinn 1. október kom upp eldur í kjallara og stigagangi í fjölbýlishúsi í Breiðholti. Þrem dögum síðar vildi svo til að Böðvar Sigurðsson leigu- bílstjóri kom fyrir algera tilviljun að brennandi húsi í Mosfellsbæ, nánar tiltekið aðfaranótt 4. október. Eldur var þar laus í tréklæðningu utan- dyra. Gerði hann viðvart svo íbúum varð bjargað út. Lék grunur á að um íkveikjur hefði verið að ræða í báðum tilvikum en engar sannanir lágu fyrir.



Hótel í byggingu á Deplum í Fljóttum.

Elín Pálmadóttir var sæmd orðu Heiðursfylkingarinnar, Légion d'honneur, ædsta heiðursmerki Frakklands, fyrir ritstörf sín, 8. júní í Sjóminjasafninu á Grandagarði. Bók hennar um franska sjómenn við Ísland er brautryðjandaverk og hefur m.a. verið þýdd á frönsku. Gólettan Étoile var í heimsókn í Reykjavík við þetta tækifæri.

Eurovision. Síðari undankeppni Eurovision fór fram 21. maí. María Ólafsdóttir söng þar lagið *Unbroken* en komst ekki áfram.

Everest, kvikmynd Baltasar Kormáks, var frumsýnd á kvikmyndahátíð í Feneyjum í byrjun september. Fjöldi þekktra erlendra leikara kemur fram í myndinni og hlaut hún verulega athygli, góða dóma og mikla aðsókn.

Fiskeldi í Höfnum. Eldi á svonefndri senegalflúru í Höfnum á Reykjanesi gengur mjög vel. Er nú svo komið að þar er rekin stærsta eldisstöð þessarar tegundar í heimi undir merkjum fyrirtækisins Stolt Sea Farm.

Fjárkúgunartilraun. Hinn 29. maí voru tvær konur handteknar fyrir tilraun til að kúga fé af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra. Höfðu þær heimað milljónir í reiðufé en hótað ella að birta viðkvæmar upplýsingar. Þær mæltu sér mót við fulltrúa hans í Hafnarfjarðarhrauni en þegar þangað kom sat lögreglan fyrir þeim og handtók þær. Nokkrir dagar liðu áður en almenningur fékk glöggar fréttir af málinu en þá kom í ljós að fjárkúgararnir voru fjölmiðlakonurnar og systurnar Hlín Einaradóttir og Malín Brand. Upplýsingarnar snerust um fjárhagstengsl Sigmundar Davíðs við Björn Inga Hrafnsson sem nýlega keypti m.a. DV en Hlín var áður sambýliskona Björns. Hvorki Björn Ingi né Sigmundur

Davíð vildu kannast við að hinn síðarnefndi hefði staðið á bak við kaupin á DV. Virtust hinar „viðkvæmu upplýsingar“ ekki svo eldfimar sem fjárákúgarar höfðu talið og þegar frá leið tók málið fremur á sig mynd persónulegs harmleiks og geðrænna veikinda en glæpasögu.

Fljótin. Mikil uppbygging ásamt kaupum á húsum og jörðum er nú hafin í Fljótum í Skagafirði. Að þessu stendur bandarískt fyrirtæki, Eleven Experience, í samstarfi við Orra Vigfússon. Stefnt er á þyrluskíðaferðir, laxveiði o.fl.

Flóð á Siglufirði. Hinn 27. ágúst brast á með úrhellisrigningu á Siglufirði er stóð í tvo daga og af varð hið mesta vatnsflóð. Aurskriður runnu úr fjallshlíðinni og niður í bæinn. Holræsi höfðu ekki undan og flæddi inn í mörg hús í gamla bænum. Urðu verulegar skemmdir á húsum og öðrum mannvirkjum.

Flóttamenn. Velferðarráðuneytið sendi út beiðni til sveitarfélaga um að taka við flóttamönnum og í september var upplýst að um 30 sveitarfélög hefðu boðist til að taka þátt í slíku. Velferðarráðuneyti mun bjóða 4–5 milljónir á hvern flóttamann en kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 4,7.

Friðrik Ólafsson skákmeistari var kjörinn heiðursborgari Reykjavíkur 28. janúar.

Fúsi, kvikmynd eftir Dag Kára Pétursson, var frumsýnd undir lok mars. Gunnar Jónsson og Ilmur Kristjánsdóttir fóru þar með aðalhlutverk. Myndin fékk feikigóða dóma: „Tilvistarþekileg þroskasaga,“ sagði gagnrýnandi *Morgunblaðsins* 28. mars.

Geislavirkni varð vart við Reykjanesvirkjun í september og kom mörgum í opna skjöldu. Geislavarnir ríkisins greindu og frá því í nóvember að athugun þeirra hefði leitt í ljós að geislaengunar hefði líka orðið vart við Hellisheiðarvirkjun. Þessi geislavirkni ætti sér náttúrulegar skýringar og magn væri svo lítið að almenningi og starfsfólki stafaði tæpast hætta af og alls ólíklegt að mengunin gæti borist í neysluvatn.

Gettu betur. MR sigraði í spurningakeppni framhaldsskólanna 11. mars. Það mun vera í 19. sinn sem sá skóli sigrar.

Gríman. Edda Heiðrún Backman hlaut heiðursverðlaun Grímunnar. Hún kvaðst undrandi þar sem hún hefði ekki stigið á svið í 12 ár en í ræðu sem sonur hennar flutti fyrir hana lagði hún áherslu á mikilvægi jafnréttis, eflingu íslenskrar leikritunar og rannsóknir á heila- og taugasjúkdómum. Harpa Arnardóttir var útnefnd leikstjóri ársins fyrir *Dúkkuheimilið*, sem einnig var valið sýning ársins og aðalleikkonan, Unnur Ösp Stefánsdóttir, var leikkona ársins. Þór Tulinius var valinn leikari ársins fyrir *Endatafl*. Barnasýning ársins var hins vegar *Lífið – stórskemmtilegt drullumall*.

Hafnargarðar. Veglegir hlaðnir viðlegukantar, eða bólverk, komu í ljós þegar farið var að grafa vegna byggingarframkvæmda á austanverðu hafnarsvæðinu í Reykjavík. Vöktu þeir mikla athygli og forsætisráðherra



Hafnargarðar á fyrirhuguðum byggingarreit við Reykjavíkurhöfn; hús Rammagerðarinnar í baksýn til hægri, skömmu áður en það var rífið vegna fyrirhugaðrar hótellbyggingar. – Örlög þess húss töldu raunar sumir „menn-ingarsögulegt slys“.

mæltist til þess að þeir yrðu varðveittir. Fékk það nokkuð dræmar undirtektir hjá borg og byggingaraðilum; skipulag væri þá í uppnámi, miklar framkvæmdir framundan og fjárfestingar í húfi, auk þess sem sögulegt gildi þessara grjóthleðslna væri umdeilanlegt. Fóru þó leikar svo að Mínjastofnun friðaði viðlegukantana að ósk ráðherra. Þar með stöðvuðust byggingarframkvæmdir um sinn en Landstólpri, framkvæmdaaðilinn, kvaðst myndu krefjast bóta.

Hagaskóli sigraði í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanema í Reykjavík 2015. Þar var flutt femínískt atriði sem vakti mikla athygli: *Elsku stelpur*, ljóð eftir Unu Torfadóttur, en dansinn samdi Katrín Lóa Hafsteinsdóttir. Þátttakendur voru 23, þar af voru 16 stúlkur á sviðinu.

Handverk og hönnun héldu árlega sýningu sína í Ráðhúsi Reykjavíkur 14.–18. maí. Þar voru m.a. afhent Skúlaverðlaunin, nefnd eftir frumkvöðlinum Skúla Magnússyni. Þau voru veitt Philippe Ricart fyrir handöfin teppi úr ull.

Heida Reed. Íslensk leikkona, Heiða Rún Sigurðardóttir, varð þekkt í Bretlandi undir þessu heiti fyrir stórt hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni *Poldark* sem varð fljótt mjög vinsæl.

Hjúkrunarfræðingur sem ákærður hafði verið vegna láts sjúklings á Landspítalanum var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. desember. Andlát sjúklingsins var rakið til mistaka en niðurstaða réttarins var sú

að ekki væri hægt að skrifa þau eingöngu á reikning hins ákærða; mikið álag á spítalanum og flautursleg vinnubrögð annarra hefðu átt sinn þátt. Þetta var í fyrsta sinn sem mál af þessu tagi náði svo langt en niðurstaða dómsins þótti almennt sanngjörn.

Hringbraut. Sjónværpsstöðin Hringbraut hóf starfsemi 18. febrúar.

Hvalasafn var opnað að Fiskislóð í Reykjavík 26. febrúar. Þar eru til sýnis 23 líkón af hvölum í fullri stærð.

Hvalveiðar. Hvalavertíð lauk 29. september er kvóta var náð, 155 langreyðum. Flutningaskipið Winter Bay lagði hins vegar af stað frá Íslandi á vegum Hvals hf. með rúm 1800 tonn af hvalkjöti í byrjun júní og sigldi norður og austur um íshafið. Skipið kom til Japans um mánaðamótin ágúst-september.

Hvassahraun. Nefnd sú sem skipuð var til að skoða mismunandi kosti fyrir nýjan innanlandsflugvöll undir stjórn Rögnu Árnadóttur skilaði niðurstöðum í júní. Þar kom fram að hagstæðast væri að byggja nýjan flugvöll í Hvassahrauni sunnan Hafnarfjarðar. Það þótti mörgum einkennileg hugmynd að hafa nýjan flugvöll svo nærri Keflavíkurvelli en nefndin taldi þetta ódýrasta kostinn og þann sem byggir yfir bestum þróunarmöguleikum, auk þess sem veðurfar væri hagstætt.

Hrunmál. Sakfelld var í Hæstarétti í Al Thani-málinu 12. febrúar. Hreiðar Már Sigurðsson fékk fimm og hálfis árs dóm, Ólafur Ólafsson og Magnús Guðmundsson fengu fjögurra og hálfis árs dóma en Sigurður Einarsson fjögur ár; enn fremur voru þeir dæmdir til að greiða sakarkostnað. Þessi dómur var talinn hafa mikið fordæmisgildi. Í niðurstöðum hans sagði að brotin væru „stórum alvarlegri en nokkur dæmi verða fundin um í íslenskri dómafrankvæmd varðandi efnahagsbrot [...], drýgð af einbeittum ásetningi og eindæma ófyrirleitni og skeytingarleysi“. Þau væru þaulskipulögð og sakborningar ættu sér „engar málsbætur“.

Hinn 22. apríl var sýknudómur yfir stjórnendum og eigendum Glitnis ógiltur í Hæstarétti vegna þess að meðdómari hefði verið vanhæfur, Sverrir Ólafsson er bróðir sakbornings í Al Thani-máli, Ólafs Ólafssonar.

Þrjár af fyrrverandi stjórnendum Landsbankans, Sigurjón Árnason, Elín Sigfúsdóttir og Steinþór Gunnarsson, voru öll sakfelld í Hæstarétti í svokölluðu Imon-máli og gerð fangelsisrefsing 8. október. Héraðsdómur hafði áður sýknað tvö hin fyrrnefndu.

Hinn 3. desember voru fjórir sakfelldir í Hæstarétti í BK-44-málinu, þ.e. Birkir Kristinsson og félagar. Fengu þeir tvö til fjögur ár fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun og voru sagðir eiga sér „engar málsbætur“.

Mál gegn Samherjamönnum vegna gjaldeyrisviðskipta var hins vegar fellt niður af sérstökum saksóknara. Þorsteinn Már Baldvinsson var nokkuð stórordur um málaltilbúnað Seðlabankans en Már Guðmunds-

son sagði að málið hefði verið felld niður vegna „lagaklúðurs annars vegar og mistaka við setningu reglna hins vegar“. Ekki væri tekin afstaða til meintra brota.

Lárus Welding, Jóhannes Baldursson og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson voru sakfelldir í héraðsdómi fyrir umboðssvik í Stímmáli 21. desember Hlaut Lárus fimm ára fangelsi en hinir skemmri tíma.

Hrútar, kvikmynd Gríms Hákonarsonar, var frumsýnd 25. maí á Laugum í Reykjadal eftir að hafa unnið til verðlauna í Cannes, fyrst íslenskra kvikmynda. Aðalhlutverkin voru í höndum Sigurðar Sigurjónssonar og Theodórs Júlíussonar. Átti hún mikilli velgengni að fagna í kvikmyndahúsum víða um heim á árinu.

Húsaleiga. Frá því var greint í lok janúar að vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hefði hækkað um 40% frá því í ársbyrjun 2011 en vísitala neysluverðs um 16%. Hækkun undanfarna 12 mánuði hefði verið um 7,5% á móti 0,8% verðbólgu og mikill skortur íbúða væri á svæðinu. Ungt fólk dveldi því lengur í foreldrahúsum.

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent 26. nóvember. Sýning gosminjasafnsins Eldheima í Vestmannaeyjum fékk þar aðalviðurkenninguna. Að auki fékk stoðtækjafyrirtækið Össur viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun á árinu.

Kaffisala í Leifsstöð. Í byrjun árs var fyrirtækinu Kaffitári gert að hætta kaffisölu í Leifsstöð eftir tíu ára starf þar sem Isavia hafði samið við erlenda kaffisöluverð og íslenska umboðsmenn hennar um einkarétt. Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, gagnrýndi mjög hvernig staðið hefði verið að málinu og krafðist þess að fá afhent gögn, m.a. um mat á umsækjendum um aðstöðu til veitingarekstrarins. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál tók undir kröfur Kaffitárs og ákvað að Isavia bæri að afhenda öll gögn. Isavia neitaði þó að afhenda gögnin og bar því við að ekki mætti afhenda þannig upplýsingar um keppinauta. Þetta varð þó heldur til að ýta undir sögusagnir um spillingu og vekja upp umræðu um eigendur hins íslenska umboðsfyrirtækis. Isavia höfðaði mál til ógildingar úrskurðar nefndarinnar; fór fram á flýtimeðferð en fékk ekki.

Klambratún í Reykjavík endurheimti sitt gamla heiti eftir ákvörðun borgarstjórnar 2010. Þegar gamli Klambrabærinn var rifinn á sjöunda áratugnum var túninu breytt í skrudgarð og nefnt Miklatún. Það nafn festist ekki við túnið og stytta Ásmundar Sveinssonar af Einari Benediktssyni við suðurhlið þess þótti ekki fara vel. Sumarið 2015 var hún flutt að Höfða og sómir sér þar betur.

Kleinuhringir. Kleinuhringjakeðjan Dunkin' Donuts opnaði kaffihús við Laugavegin í ágústbyrjun. Löng biðröð myndaðist þar strax fyrsta daginn.

Krabbameinsmeðferð er orðin mjög dýr fyrir sjúklinga á Íslandi, dýrari en gerist í nágrannalöndum, þar sem greiðsluþátttaka sjúklinga hefur hér aukist mjög.

Kynferðisbrot. Er líða tók að verslunarmannahelgi tilkynnti lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum að fjölmiðlum yrðu að þessu sinni ekki veittar upplýsingar um kynferðisbrot er upp kynnu að koma á væntanlegri þjóðhátíð. Umræða um kynferðisbrot á þjóðhátíð hafði verið nokkuð hvöss undanfarin ár og var ákvörðunin túlkuð sem tilraun til að draga úr þeirri neikvæðu mynd sem þar birtist. Lögreglustjórinn kvaðst hins vegar ein göngu gera þetta með rannsóknarhagsmunum og hag fórnarlamba í huga.

Landhelgisgæslan fékk afhentan nýjan tíu metra bát til starfa á grunnslóðum. Hann hlaut nafnið Óðinn. Hér er um að ræða trefjaplastbát, byggðan á nýrri hönnun.

Landnámskáli við Lækjargötu. Er farið var að undirbúa miklar byggingarframkvæmdir við Lækjargötu fundust leifar af húsi frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Kom það verulega á óvart að finna svo stórt hús þar. Þegar spurt var um möguleika á varðveislu fengust hins vegar nokkuð misvísandi svör.

Landspítalinn. Starfsemi spítalans raskaðist verulega á árinu vegna kjaradeilna og skyndiverkfalla ýmissa hópa. Alvarlegur fjárskortur spítalans duldist heldur engum. En 12. ágúst afhenti Kári Stefánsson fyrir hönd Íslenskrar erfðagreiningar fé til kaupa á jáeindaskanna fyrir Landspítalann, um 740 milljónir.

Lýsing. 5. mars tapaði Lýsing tveimur málum fyrir Hæstarétti um gengislán. Lýsing hefur staðið í miklum málaferlum vegna meðferðar lánamála; alls skipta þau hundruðum. Frá 1. jan. 2010 til 20. jan. 2015 hafa 874 mál verið höfðuð vegna Lýsingar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Fyrrgreindur dómur þótti gefa vísbendingu um hvers vænta mætti um lyktir annarra mála félagsins.

Menningarnótt í Reykjavík var haldin í tuttugasta sinn 22. ágúst. Miðbænum öllum var lokað fyrir bílaumferð og mikil dagskrá allan daginn. Taldi lögreglan að 120 þúsund manns hefðu komið í miðbæinn.

Moskan í Feneyjum. Í byrjun maí var greint frá því að Christoph Büchel yrði fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum. Hann er fæddur í Sviss en hefur starfað á Íslandi árum saman; sýningarstjóri var Nína Magnúsdóttir. Verk Büchels nefndist *Moskan* og var sett upp í aflagðri kirkju. Hún var opnuð 10. maí en fljótlega kom fram óánægja meðal heimamanna, sem vitaskuld eru almennt kaþólskir, m.a. vegna þess að múslimar notuðu moskuna til helgihalds; var lofað að dregið yrði úr slíku. Moskunni í Feneyjum var þó lokað 22. maí að kröfu borgaryfirvalda sem sögðu að ekki hefði verið farið að reglum, moskan hefði í raun verið helgistaður en ekki listaverk. Var allt þetta mál verulega umdeilt á Íslandi.

Nakinn í kassa. Almar Atlason myndlistarnemi dvaldi nakinn í glerkassa í húsakynnum Listaháskólans í viku í byrjun desember. Mynd af þessu var streymt á netið og fékk þar mikið áhorf. Hér var um að ræða lokaverkefni í tilteknu námskeiði en skoðanir voru mjög skiptar um tiltekið og hvort þetta væri list.

Ofsaveður. Vetur skall á nokkuð harkalega í byrjun desember. Til að aftra vandræðum var gripið til þess 4. desember að loka hringveginum milli Markarfljóts og Jökulsárlóns vegna illviðris og þótti gefa góða raun.

Mikið stórviðri brast svo aftur á um allt land 7. desember. Þak f auk af húsi í Vestmannaeyjum, þakklæðningar losnuðu víða og rúður brotnuðu. Mikið tjón varð undir Eyjafjöllum. Flug fór úr skorðum, ver slunum var lokað; fiskiskip héldu í land eða lágu í vari, í Reykjavíkurbíónum sukku tveir smábátar. Áttin var fremur austlæg en norðanstaðari á Norðurlandi og þar myndaðist sums staðar snjóflóðahætta. Fjallvegir voru alls staðar lokaðir. Rafmagnsstaurar brotnuðu víða og fylgdu verulegar rafmagnstruflanir; Landsnet mat skaðann á a.m.k. 100 milljónir. Þegar veður lægði kom m.a. í ljós mikið landbrot við Vík í Mýrdal.

Olíuverð fór lækkanði á heimsmarkaði allt árið og sparaði íslensku þjóðarbúi stórfé þó að íslenskir neytendur hafi kvartað yfir að lækkanir skiluðu sér hægt í útsöluverði eldsneytis. Lækkanði heimsmarkaðsverð hafði jákvæð áhrif á Íslandi, t.d. fyrir útgerðina, en fól í sér verulegan vanda fyrir olíuframleiðsluríki á borð við Noreg. Og væntingar um olíuvinnslu á norðurslóðum fóru heldur minnkandi. Íslenska fyrirtækið Fáfniir Offshore hafði árið áður sjósett mjög fullkomið skip til að þjónusta olíuifnað á norðurslóðum, *Polarsysse*. Skipið fékk verkefni fyrir sýslumanninn á Svalbarða en ekki horfði vænlega um verkefni við olíuifnaðinn. Íslenskir lífeyrissjóðir eru meðal stórra hluthafa í fyrirtækinu en í lok ársins var ljóst orðið að tæplega væri von um skjótt tekinn gróða af þeirri fjárfestingu, ekki síst þar sem fyrirtækið á annað skip í smíðum, sniðið að svipuðum verkefnum.

Ófærð. Í janúar hófust á Siglufirði upptökur á sjónvarpsþáttaröðinni *Ófærð*. Var mál manna að kuldalegt tíðarfar hafi skapað góða sviðsmynd þó að það hafi reynt á þórlif kvikmyndagerðarfólks.

Ragnar Kjartansson. Vegleg sýning á verkum Ragnars Kjartanssonar var sett upp í París í Palais de Tokyo. Þar voru sýnd málverk, myndbandsupptökur o.fl.

Rannsóknarstyrkur. Inga Dóra Sigfúsdóttir félagsfræðingur, prófessor við Columbia-háskóla og HR, hlaut, ásamt samverkafólki sínu, styrk upp á tvær milljónir evra (um 300 milljónir) frá Evrópusambandinu. Honum er ætlað að fjármagna þverfaglega rannsókn á áhrifum umhverfis, streitu og fleiri þátta á þroska unglunga.

Rektorskjör fór fram við Háskóla Íslands í apríl. Tvær umferðir þurfti

en niðurstaðan varð sú að Jón Atli Benediktsson var kjörinn rektor með 54,8% atkvæða en Guðrún Nordal fékk 42,6%. Tók hann við embættinu 30. júní.

RIFF, Reykjavík International Film Festival, var haldin um mánaðamótin september-október. Leikstjórnarnir Margarethe von Trotta og David Cronenberg voru heiðursgestir og fengu heiðursverðlaun afhent í móttöku hjá forseta Íslands á Bessastöðum.

RÚV. Málefni Ríkisútvarpsins voru sem fyrr talsvert til umræðu, einkum þó fjárhagsstaðan. Sigmundur Davíð forsætisráðherra stakk m.a.s. upp á því að nýr Landspítali yrði byggður á lóð stofnunarinnar við Efstaleiti en við litlar undirtektir. Lóðin var loks seld á um einn og hálfan milljarð í október. Nefnd menntamálaráðherra um málefni RÚV birti skýrslu sína í lok október. Skýrslan boðaði breytingar og niðurskurð og varð brátt mjög umdeild. Hvorki starfsmenn RÚV né útvarpsstjóri tóku henni vel en til andsvara varð Eyþór Arnalds, formaður nefndarinnar. Starfsfólkið mótmælti ófaglegri umræðu um stofnunina og benti á að á hverju hausti, um það leyti sem verið væri að ganga frá fjárlögum, byrjaði sama umræðan.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur verður til húsa á horni Brynjólfsgötu og Suðurgötu við hlið Loftskeytastöðvarinnar gömlu. Framkvæmdir hófust við bygginguna í mars og gengu hratt fyrir sig á árinu enda hefur stofnunin hlotið fjárhagsstuðning víða að. Ekkert var hins vegar unnið í „Holu íslenskra fræða“ við hlið Þjóðarbókhöðunnar.

Traust á stofnunum. Aðeins 18% bera traust til Alþingis og 12% til bankakerfisins skv. könnun Gallups sem birt var í mars. Landhelgisgæslan, lögreglan og Háskólinn eru hins vegar í efstu sætunum.

Seltirningabók. Snemma árs var greint frá því að *Seltirningabók* eftir Heimi Þorleifsson væri komin á netið og aðgangur að henni ókeypis á vef Seltjarnarness, *seltjarnarnes.is*. Bókin var fyrir löngu uppseld en var endurútfegin í þessu formi.

Sólmyrkvi varð upp úr hálf tíu að morgni 20. mars og sást vel á Íslandi. Fjöldi fólks horfði á þetta undur víða um land.

Sjúkrahótel. Undanfarin ár hefur verið rekið sjúkrahótel í Ármúla en þjónusta þess hefur sætt mikilli gagnrýni. Það var m.a. tvíþokað vegna smáþjódaleikanna, sem hófust í byrjun júní, og var sjúklingunum þá vísað út þaðan. Á árinu hófust hins vegar framkvæmdir við nýtt sjúkrahótel við Landspítalann. Heilbrigðisráðherra tók fyrstu skóflustungu 11. nóvember og lýsti við það tækifæri yfir að þar með væri hafin uppbygging nýs Landspítala.

Skilaskylda áréttuð. Þegar sérstakur saksóknari grennslaðist eftir tölvu- póstum fyrrverandi ráðuneytisstjóra vegna rannsókna á hrunmálum var greint frá því að Rekstrarfélag stjórnarráðsins hefði eytt þeim eftir að

ráðuneyttisstjórinn lét af störfum, svo sem venja væri eftir ákveðinn tíma. Þjóðskjalavörður og fleiri bentu hins vegar á að nú væru gengin í gildi lög um skilaskyldu slíkra gagna til opinberrar vörslu og hér virtist sem þau hefðu verið brotin.

Skýr verður sífellt eftirsóttara erlendis. Norræna mjólkurframleiðslufyrirtækið Arla hefur verið að selja vöruna undir þessu heiti en skyrið er framleitt í Þýskalandi. MS lætur framleiða sitt skýr í Danmörku eða á Íslandi. Dómstóll í Finnlandi féllst á að Arla væri óheimilt að nota þetta vörumerki þar í landi.

Vefpressan, fyrirtæki Björns Inga Hrafnssonar, keypti blaðaútgáfufyrirtæki Ámunda Ámundasonar, Fótspor. Það gefur út 12 blöð víða um land sem dreift er ókeypis en fjármögnuð með auglýsingum. Meðal þeirra eru *Reykjavík vikublað*, ritstjóri þess var Ingimar Karl Helgason, og *Akureyri vikublað*, sem Björn Þorláksson ritstýrði. Þeim var báðum sagt upp.

Vörugjald var fellt niður af ýmsum innfluttum vörutegundum um áramót. Í kjölfarið fylgdi m.a. veruleg aukning í sölu á raftækjum.

Þjóðskjalasafnið. Meirihluti fjárlaganefndar lagði til í desember að hús Þjóðskjalasafnsins við Laugaveg yrði selt, auk Tollstöðvarhússins við Tryggvagötu, og safnið flutt annað. Aðspurður um málið sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrsti varaformaður nefndarinnar, að svæðið væri verðmætt og hentaði vel til ferðaþjónustu. Heimild yrði því veitt til sölu. Forsvarsmenn safnsins brugðust nokkuð hart við þessum tíðindum; hér væri um nauðsynlega þjónustustofnun að ræða sem ekki væri hægt að hola niður í einhverju iðnaðarhverfi. Þjóðskjalavörður sagði staðinn henta safninu vel enda hægt að byggja þar meira.

Þrestir, kvikmynd Rúnars Rúnarssonar, var frumsýnd á Íslandi 1. október en áður hafði hún verið sýnd á nokkrum stöðum erlendis, hlotið góðar viðtökur og m.a. unnið til verðlauna á kvikmyndahátíð í San Sebastian á Spáni.

Þykkvabæjarklaustur. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur telur að rústir Þykkvabæjarklausturs séu fundnar; „verulega stórar byggingar“ í hefðbundnum evrópskum klaustrastíl, svipað og á Skriðu.

HEIMILDIR

Byggt er á útgefnum ritum, opinberum fjölmiðlum, vefsíðum og skýrslum einstakra stofnana, fyrirtækja, háskóla og íþróttasambanda auk svara við fyrirspurnum. Mikilvægustu upplýsingaveitur eru: Ferðamálastofa, Fiskistofa, Hagstofa Íslands, Háskóli Íslands, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun, Samgöngustofa, Skrifstofa forseta, Orkuveita Reykjavíkur, RARIK, Veðurstofa Íslands og Þjóðkirkjan.